

SIGRÍÐUR GUÐJOHNSEN

*Spennulosandi og vaxtarmótandi jóga*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

BALDVIN JÓNSSON

# Íslenskt lambakjöt í Hvíta húsið

Forsetakokkurinn er hrifinn af íslensku hráefni

FÓLK 34









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júlí 2006 — 198. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Magni syngur Bowie



Rock Star-þáttaröðin heldur áfram í kvöld en þá mun fulltrúi Íslands, Magni Ásgeirsson, syngja lagið Heroes sem David Bowie gerði frægt.

FÓLK 28

### Hefur spilað blús í þrjátíu ár

Ný blúsplata er væntanleg með tónlistarmanninum KK en hún var tekin upp í Keflavík og Nashville.

TÍMAMÓT 20

### Íslendingasöguþjóð



„Íslendingasögurnar þykja öfundsverður arfur í augum annarra þjóða og því sjálfsagt að kynna þær börnum okkar sem best,“ segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18

### Hafnar ásökunum um fordóma



Skagamaðurinn Hjörtur Hjartarson neitar því að hafa verið með kynþáttafordóma í garð Keflvíkingsins Guðmundar Mete en Keflavík sendi inn formlega kvörtun til KSÍ vegna meintrar hegðunar Skagamannsins.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI ÁFRAM** - Í dag verður hæg breytileg átt. Skýjað og hætt við lítilsháttar vætu sunnan- og vestan til. Hiti 10-17 stig, hlýjast austur á Héraði.



**Í FRJÁLSU FALLI** Það er löng hefð fyrir því að ungmenni á Egilsstöðum stökkvi í Eyvindarána á Fljótsdalshéraði á góðviðrisdögum. Þau Stefanía Pálsdóttir, Marínó Flóvents og Andri Hermannsson stökkva hér í ískaldan faðm árinnar og virðast kæra sig kollótt um fimm metra hátt fallið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vinnur að nýtingu jarðvarma í Slóvakíu

**Íslenska orkufyrirtækið Enex vinnur að arðsemismati á jarðvarmavirkjun í Austur-Slóvakíu. Þrjú sveitarfélög í Slóvakíu koma að rannsóknunum. Vonast er eftir jákvæðum niðurstöðum úr rannsóknunum, segir framkvæmdastjóri Enex.**

**ORKUNÝTING** Orkufyrirtækið Enex, sem er í meirihlutaeigu Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að rannsóknum á möguleikum á nýtingu jarðvarma í þremur sveitarfélögum í Austur-Slóvakíu.

Enex hefur stofnað félagið Vranov með íslenskum og erlendum félögum sem vinnur að því að meta líkur á arðsemi framkvæmda sem leitt gætu til nýtingu jarðvarma fyrir sveitarfélögin.

Lárus Elíasson, framkvæmdastjóri Enex, segir vonir standa til þess að vinnan skili jákvæðum niðurstöðum. „Tilgangurinn með stofnun félagsins, sem vinnur að arðsemismati á hugsanlegum framkvæmdum, er fyrst og fremst sá að tryggja réttarstöðu okkar, ef ákveðið verður að fara út í þessar framkvæmdir. Það munu liggja fyrir niðurstöður í nóvember, sem við metum síðan með tilliti til þess hvort ákveðið verður að fara út í framkvæmdirnar.“

Meðal eigenda hluta í Enex eru auk Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja, Jarðboranir og Glitnir.

Unnið er að rannsóknunum í samstarfi við tækniháskólann í Kosice, en margslungnar tæknilegar athuganir þurfa að fara fram áður en ákvörðun verður tekin um framkvæmdirnar.

Íslenskir sérfræðingar hafa unnið að athugunum á rannsóknarsvæðinu í austurhluta Slóvakíu. Reiknað er með því að holurnar, sem boraðar verða í tengslum við rannsóknirnar, verði meira en þrjú þúsund metra djúpar. Kostnaður við rannsóknirnar liggur ekki fyrir en miðað við áætlanir gæti hann orðið tuttugu milljónir króna. - mh

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

## Stýrir fundi ríkisstjórnar

**STJÓRNMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, stýrir ríkisstjórnarfundi í dag. Eftir því sem næst verður komist er það í fyrsta sinn sem kona situr í forsæti ríkisstjórnar Íslands.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Þorgerður Katrín gegnir starfsskyldum forsætisráðherra í sumarleyfi Geirs H. Haarde.

Þorgerður Katrín var kjörin á þing árið 1999 og varð menntamálaráðherra í lok árs 2003. Hún var kjörin varaformaður Sjálfstæðisflokksins árið 2005. - bþs



**VINSÆLL** Eiður Smári vakti óskipta athygli við komuna til Danmerkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Eiður og félagar í Barcelona:

## Komnir til Danmerkur

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona komu til Árósa í Danmörku í gær þar sem undirbúningur liðsins fyrir komandi tímabil hefst formlega.

Liðið mun dvelja í Árósum í fjóra daga en á föstudag leikur liðið sinn fyrsta leik á tímabilinu gegn heimamönnum. Liðin mættust einnig fyrir ári og þá sigraði Barcelona örugglega, 4-0.

Eins og búast mátti við vakti koma Evrópumeistaranna mikla athygli heimamanna sem tóku vel á móti gestum sínum. Fyrsta æfing Barcelona fer svo fram í dag og er búist við fjölmenni. - hbg






Ríkisborgararéttur forsetafrúarinnar tekur gildi næstkomandi mánudag:

# Dorrit íslenskur ríkisborgari

**BESSASTAÐIR** Dorrit Moussaieff, eiginkona Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, verður íslenskur ríkisborgari næstkomandi mánudag, hinn 31. júlí. Umsókn hennar hefur verið afgreidd úr dómsmálaráðuneytinu og mun taka gildi á mánudaginn. Þetta staðfestir Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

„Þetta er spurning um tímann frá því að hún skráir lögheimili sitt á Íslandi þar til hún fær ríkisborgarétt. Þess vegna þarf að bíða fram á mánudag,“ segir Þorsteinn. Meðmælendur Dorritar voru Karl Sigurbjörnsson biskup og Rannveig Rist, forstjóri Alcan.

Dorrit og Ólafur hafa átt vingott frá því laust fyrir aldamót, en þau gengu í hjónaband vorið 2003.

Dorrit hefur unnið hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar síðan hún hóf að heimsækja landið reglulega. Hún hefur einnig verið kölluð Norræna stjarnan í þekktum erlendum tískutímaritum.

Dorrit fæddist í Jerúsalem í Ísrael en bjó lengst af ævi sinnar í Bretlandi þar sem fjölskylda hennar rekur keðju skartgripaverslana. Dorrit er ekki fyrsta eiginkona íslensks forseta sem er af erlendu bergi brotin því Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, átti danska eiginkonu. - sh



**DORRIT MOUSSAIEFF** Hefur unnið hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar.






## SPURNING DAGSINS

*Steinunn, eru Hollendingar auðtrúa?*

„Ég veit það ekki, sumir Hollendingar eru greinilega auðtrúa.“

Hollendingur hafði samband við rithöfundinn Steinunni Jóhannesdóttur eftir að hafa lesið í skáldsögu eftir hana að listamaðurinn Rembrandt hefði málað mynd af Guðríði Sigurðardóttur. Honum var mikið niðri fyrir þegar honum var tjáð að frásögnin væri uppspuni.

Samráðsnefnd Reykjavíkurborgar um málefni eldri borgara:

# Byggja 200 þjónustuíbúðir

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við ræddum undirbúning á byggingu um það bil 200 þjónustuíbúða og förum svo vítt og breitt yfir allt sem viðkemur þjónustu við þennan hóp,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sem sat fyrsta fund samráðsnefndar Reykjavíkurborgar um málefni eldri borgara sem haldinn var í gærdag.

Fundurinn var haldinn samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 15. júní síðastliðnum um að efna til formlegs samráðs við samtök eldri borgara um það hvernig Reykjavíkurborg getur betur komið til móts við þarfir eldri borgara. Vilhjálmur segir fundinn hafa verið ánægjulegan og hann hafi farið yfir áherslur borgarinnar í málefnum eldri borgara. „Það er svo margt sem hægt er að gera, bæta aðstöðu eldri borgara til að ferðast um borgina til dæmis og setja upp bekki svo fólk geti hvílst. Þetta snýst ekki bara um þjónustuíbúðir og heimaþjónustu.“

Jón Aðalsteinn Jónasson, sem situr í nefndinni fyrir Samtök aldraðra, segir sýn borgarstjóra á mun breiðari grundvelli en áður hefur verið kynnt í samráði við eldri borgara. „Mér líst afar vel á þessar tillögur ef þær ganga eftir.“ Vilhjálmur segir ekki um mikinn kostnað fyrir borgina að ræða.



**FRÁ FUNDINUM** Borgarstjóri og fulltrúi Samtaka aldraðra voru ánægðir með fundinn og eru bjartsýnir á árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Borgin þarf ekki að reka svona stofnanir, við getum gert samning við sjálfseignarstofnanir um að gera það.“ **- shá**

Slagsmál í Hrísey:

## Maður sleginn í rot í Hrísey

**LÖGREGLUMÁL** Maður var sleginn í rot á Fullveldishátíðinni í Hrísey sem haldin var um helgina.

Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudags um þrjú leytið. Tveimur mönnum á þrítugsaldri lenti saman og eftir einhver orðaskipti sló annar maðurinn hinn með þeim afleiðingum að hann rotaðist.

Lögregla stóð skammt frá og varð vitni að atburðinum og handtók árásarmanninn. Hann var sendur í land með næstu ferju því lögregla hafði ekki aðstöðu til að vista menn í Hrísey.

Sá sem varð fyrir högginu hafði í gær ekki kært árásina til lögreglu. **- æþe**

Þórður Björnsson:

## Lést í slysi við Hveravík

Maðurinn sem lést í umferðarslysi við Hveravík í Steingrímsfirði á laugardag hét Þórður Björnsson. Hann bjó að Skólabraut 5 á Seltjarnarnesi.



Þórður var fæddur þann 8. nóvember 1922 og var því 84 ára þegar hann lést. Hann lætur eftir sig sex uppkomin börn.

Þórður var á ferðalagi með fjölskyldu sinni og var ætlunin að skoða æskustöðvar hans í Steingrímsfirði þegar slysið varð.

Birkir Hafberg Jónsson:

## Lét lífið í bifhjólaslysi

Maðurinn sem lést í bifhjólaslysi við Eystri-Rangá á sunnudag hét Birkir Hafberg Jónsson og var til heimilis að Öldubakka 19 á Hvolsvelli.



Birkir var 26 ára gamall, fæddur 9. apríl árið 1980. Hann var ókvæntur og barnlaus.

# Guðjón segir lögbrot hafa verið nauðsyn

**Guðjón Hjörleifsson segir að það hafi verið nauðsynlegt að brjóta hlutafélagalög til þess að Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja gæti keypt Íslenskar matvörur, sem rak félagið nánast í þrot. Lögmenn segja brotið geta falið í sér refsiábyrgð.**

**VESTMANNAEYJAR** Guðjón Hjörleifsson, alþingismaður og fyrrum bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, viðurkennir að lög hafi verið brotin þegar hann og Þorsteinn Sverrisson létu bóka það að stofnfé Eignarhaldsfélags Vestmannaeyja væri að fullu greitt þegar svo var í raun ekki. Hann segir þó að slíkt sé algengt og að í þessu tilviki hafi þeim þótt það nauðsynlegt til að af kaupum á Íslenskum matvælum hefði getað orðið.



**GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON**

Guðjón segir hann og Þorstein Sverrisson, framkvæmdastjóra félagsins, hafa verið stadda í Reykjavík til að stofna Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja. Ætlunin hafi verið að stofnendurnir yrðu annars vegar Ísfélag Vestmannaeyja og hins vegar Þróunarfélag Vestmannaeyja. Í ljós hafi komið að Þróunarfélagið, þar sem það er alfarið í eigu bæjarins, gæti ekki verið stofnandi hlutafélags heldur einungis hluthafi. Guðjón og Þorsteinn hafi því ákveðið, í ljósi þess að kaup Eignarhaldsfélagsins á Íslenskum matvælum áttu að fara fram daginn eftir, að nota sínar kennitölur í stað Þróunarfélagsins til að stofna fyrirtækið. Aldrei hafi staðið til að þeir greiddu stofnfé, heldur einungis að kennitölur þeirra yrðu nýttar.

Þróunarfélagið fékk síðan mat á útlögðum kostnaði og vinnu við undirbúning að stofnun Eignarhaldsfélagsins upp á þrjár milljónir og eignaðist þannig 1,2 prósent í því.



**VESTMANNAEYJAR** Hæstaréttarlögmenn segja brotið alvarlegt og það geti falið í sér refsiábyrgð, bæði frá hendi þeirra sem standi að rangri tilkynningu og endurskoðendanna sem staðfesta rangfærsluna.

Mistökin hefðu verið þau að bóka ekki strax að það jafngilti yfirtöku Þróunarfélagsins á hlut þeirra Guðjóns og Þorsteins. „Þetta var í raun bara málamiðlunargjörningur á meðan við biðum eftir þessu mati á vinnu Þróunarfélagsins,“ segir Guðjón.

Eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær sagði Bergur Elías Ágústsson, fulltrúi Byggðastofnunar í stjórn Eignarhaldsfélagsins, af sér á dögunum vegna lögbrotsins. Í greinargerð sem hann sendi frá sér eru harðar ásakanir í garð Guðjóns, þáverandi bæjarstjóra, vegna þess að kaupin á Íslenskum matvælum hafi nánast rekið Eignarhaldsfélagið í þrot.

Hæstarréttarlögmenn sem Fréttablaðið ræddi við sagði það skýlaust brot á hlutafélagalögum að tilkynna það að allt stofnfé hafi verið greitt þegar svo væri ekki, og gæti falið í sér refsiábyrgð, bæði frá hendi þeirra sem standi að rangri tilkynningu og þeirra endurskoðenda sem staðfesti rangfærsluna á stofnskjalinu. Í þessu tilviki var það endurskoðandi Deloitte og Touche í Eyjum og segir Þorvarður Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, að ákveðnar starfsreglur séu í gildi varðandi slík mál. Ef þær hafi verið brotnar sé það grafalvarlegt mál, en hann þekki umrætt mál ekki nógu vel til að tjá sig um það.

**stigur@frettabladid.is**



**FÆÐINGARMET** Verða 304 þúsund í næstu talningu Hagstofunnar.

Flestir koma frá Póllandi:

## Íslendingar aldrei fleiri

**ÍBÚAFJÖLDI** Íbúum landsins hefur fjölgað um fjögur þúsund það sem af er árinu en það er mesta fjölgun síðan á sjöunda áratug síðustu aldar.

Að sögn Ólafar Garðarsdóttur hjá Hagstofunni er rúmur helmingur fjölgunarinnar til kominn vegna fólks sem flyst til landsins en flestir flytjast frá Póllandi.

„Þá hafa fæðingar aldrei verið fleiri og var met slegið á fæðingardeild LSH í júní en þann mánuðinn fæddust um fjögur hundruð börn.“ Hinn 1. apríl 2006 voru Íslendingar 302.224 en gert er ráð fyrir að þeir verði 304 þúsund í talningu á næstunni. **- hs**

Dómsmálaráðherra:

## Fundar í Sviss um Schengen

**BRUSSEL** Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra fundaði í gær í Brussel með dómsmálaráðherrum Noregs og Sviss. Á fundinum voru ræddar breytingar sem nú er verið að gera á upplýsingakerfi Schengen.



**BJÖRN BJARNASON**

Upplýsingakerfið geymir meðal annars upplýsingar um eftirlýst fólk og þá sem vísað hefur verið út fyrir Schengen-svæðið. **- shá**

## VERSLUN

**Áfengissala eykst** Áfengissala jókst um 11,4 prósent milli júnímánaða 2005 og 2006. Þetta kemur fram í smásöluvísitölu sem reiknuð var út af ÁTVR og Viðskiptaháskólanum á Bifröst.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bíll valt** Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hún valt, í Laxárdal í Þingeyjarsýslu um sex leytið í fyrradag. Ökumaðurinn var einn í bílnum og hlaut minniháttar meiðsl. Tildrög slyssins eru ókunn og er málið í rannsókn.

BÍLL DAGSINS
OPEL ZAFIRA COMFORT
Nýskr 04.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 58 þús km. - Allt að 100% lán.


Ingvar Helgason
NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.

Viðræður um framtíð Kosovo-héraðs hefjast í Vínarborg:

# Litlar líkur á samkomulagi

**VÍN, AP** Forystumenn Serbíu og albanskra íbúa í Kosovo hittust í gær í Vínarborg í Austurríki til þess að finna lausn á ágreiningi þeirra um framtíð Kosovo. Líkur á samkomulagi þykja þó litlar.

Albanski meirihlutinn í héraðinu vill sjálfstæði, en Serbar vilja að Kosovo fái umtalsvert heimastjórnarvald en verði þó áfram hérað innan landamæra Serbíu.

Leiðtogar serbnesku sendinefndarinnar voru Boris Tadic forseti og Vojislav Kostunica forsætisráðherra, en hann sagði útilokað að Serbar myndu sætta sig við að stofnað yrði sjálfstætt ríki í Kosovo.

Í albönsku sendinefndinni voru Fatmir Sejdiu forseti og Agim Seku, sem er forsætisráðherra héraðsins. Sejdiu sagði enga leið að hunsa vilja albanska meirihlutans. „Sjálfstæði er alfa og ómega, upphaf og endir afstöðu okkar,“ sagði hann.



**KREFJAST SJÁLFSTÆÐIS** Fjölmennur útifundur var haldinn í Pristina, höfuðborg Kosovo-héraðs, í gær meðan leiðtogar héraðsins hittu leiðtoga Serbíu í Vínarborg til þess að ræða deilur um framtíð héraðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðræðurnar, sem hófust í gær, eru þær fyrstu sem haldnar eru um framtíð héraðsins frá því árið 1999, þegar stríðið þar stóð sem hæst. Þeim viðræðum lauk án árangurs og í framhaldi af því hófust loftárásir NATO sem stóðu í 78 daga. **- gb**

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33404 07/2006

## Yaris risaSMÁR - aftur og aftur

**Yaris er enginn venjulegur bíll.**
risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Núna færðu risaSMÁAN Yaris 1.0 l með frábærum aukahlutum sem gera tilfinninguna risaSMÆRRI.
Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR **aukahlutapakki**

- Filmur í rúður
- Krómlisti á hlera
- Krómstútur á púst
- Vindskeið

**Verð frá 1.585.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 22.7.2006**

| | KAUP | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,89 | 74,25 |
| Sterlingspund | 136,86 | 137,52 |
| Evra | 93,19 | 93,71 |
| Dönsk króna | 12,491 | 12,565 |
| Norsk króna | 11,715 | 11,783 |
| Sænsk króna | 10,068 | 10,126 |
| Japanskt jen | 0,6326 | 0,6364 |
| SDR | 108,87 | 109,51 |

*Gengisvísitala krónunnar*
129,2042

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Átta íslenskir náttúrufræðingar fóru í árlegan leiðangur í Surtsey á dögunum:

# Fjórar nýjar plöntur í Surtsey

**NÁTTÚRA** Fjórar nýjar háplöntutegundir fundust í leiðangri líffræðinga til Surtseyjar sem farinn var 17. til 20. júlí síðastliðinn á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Surtseyjarfélagsins.

Leiðangur sem þessi er farinn nær árlega til að kanna lífríki í eynni. Að þessu sinni fundust þúfusteinbrjótur, burnirót, blávingull og stórar blómstrandi blóðbergsplöntur, en engar þessara tegunda hafa fundist áður í eynni. Nú hafa því 64 æðri plöntur fundist í eyjunni frá upphafi, en einungis 56 reyndust á lífi að þessu sinni. Fléttutegundir eru nú orðnar um 80 á eyjunni og hefur fjölgað nokkuð.

Þá var skordýrum safnað í leiðangrinum og þótti leiðangursmönnum það forvitnilegt að finna þar þistilfiðrildi, sem er erlendur flækingur.

Einnig var fuglavarp skoðað, en í eynni verpa nú maríuerla, sólskríkja, þúfutittlingur, grágæs, fýll, teista, lundi og ýmsir mávar.

Leiðangursstjóri leiðangursins var dr. Borgþór Magnússon en með í för voru átta íslenskir náttúrufræðingar, meðal annarra grasafræðingurinn Sturla Friðriksson og skordýrafræðingurinn Erling Ólafsson, auk Jim Juvik, landfræðiprófessor frá Hawaii, sem rannsakað hefur líf á eldeyjum. **- sh**



**SURTSEY** Leiðangursmenn sitja innan um plönturnar á yngsta landsvæði veraldar.

Sólin skín á Danmörku:

## Heitasti júlímánuðurinn

**DANMÖRK** Núlíðandi júlímánuður er sá allra heitasti sem mælst hefur fyrr eða síðar í Danmörku. Frá þessu var greint í Berlingske Tidende í gær. Meðalhiti í mánuðinum verður líklega um tuttugu gráður, en í meðalmánuði er 15,6 gráðu hiti eðlilegur. Í mánuðinum hafa mælst 315 sólarstundir en meðaltalið er 196 stundir. Úrkoma hefur einnig verið með minnsta móti hjá frændum vorum, um 28 millimetrar, meðan það heitir vel boðlegt að rigni um 66 millimetra í meðalári.

Þó gæti skyndilega dregið ský fyrir sólu og skollið á með þrumuveðri um næstu helgi, segir veðurfræðingur blaðsins. **- kóþ**

Skotárásin í Hafnarfirði:

## Haglabyssan enn ófundin

**LÖGREGLUMÁL** Haglabyssan sem notuð var við skotárás á raðhús við Burknavelli í Hafnarfirði í síðasta mánuði er enn ófundin, samkvæmt upplýsingum lögreglunnar þar í bæ.

Tveir menn sem grunaðir eru um að eiga þátt í árásinni, svo og bensínsprengjuárás á raðhúsið þann 21. júní, sitja enn í gæsluvarðhaldi, samkvæmt úrskurði Hæstaréttar. Þeim er gert að sitja inni til 15. ágúst. Annar þeirra var á reynslulausn vegna fyrri fangelsisdóms þegar hann var handtekinn fyrir skotárásina. **- jss**



**LEIFAR KAMARSINS** Útikamarinn í Sólbrekkuskógi var brenndur til kaldra kola um helgina. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Sviðin jörð eftir gleðskap:

## Skemmdarverk í Sólbrekkuskógi

**SKEMMDARVERK** Fólk sem hafði verið með gleðskap í Sólbrekkuskógi við Seltjörn skildi eftir sig sviðna jörð og var aðkoman ekki fögur þegar umsjónarmenn útivistarsvæðisins sneru aftur til vinnu í gærmorgun. Margvísleg spjöll höfðu verið unnin á eignum og gróðri.

Útikamar á svæðinu hafði verið brenndur til kaldra kola og litaklessur úr litboltabyssum voru á skiltum og víðar. Varðeldur hafði verið skilinn eftir án tiltektar og leifar flugelda voru á víð og dreif. Ekki er vitað hverjir voru á ferð, en þeir skildu eftir sig nokkur verksummerki og lögregla hefur verið látin vita um málið. **- sgj**



**ÖRYGGISVERÐIR** Hópur öryggisvarða gætti lyftudyra meðan Condoleezza Rice og Fuad Saniora ræddu saman í Beirút í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Rice á stormasömum fundi

**Condoleezza Rice kynnti ráðamönnum í Líbanon í gær tillögur um að líbanskar og alþjóðlegar hersveitir gæti friðar eftir að vopnahlé kemst á. Hizbollah sýnir hugmyndum um vopnahlé engan áhuga.**

**LÍBANON, AP** Ísraelski herinn gerði harðar árásir í gær á bæinn Bint Jbail sunnan til í Líbanon, þar sem á annað hundrað skæruliða Hizbollah-hreyfingarinnar héldu til. Íbúar bæjarins voru flestir flúnir.

Í gær kom Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til Líbanons og átti þar stormasaman fund með Fuad Saniora, forsætisráðherra landsins. Saniora sagði henni að sprengjuárásir Ísraels hefðu sent Líbanon fimmtíu ár aftur í tímann. Hann krafðist þess að vopnahlé kæmist á sem fyrst.

Líbanskur embættismaður sagði að Rice hefði kynnt líbönskum ráðamönnum tillögur um að jafnframt því sem vopnahlé hæfist yrðu bæði líbanskar hersveitir og alþjóðlegar friðargæslusveitir sendar til suðurhluta landsins. Um leið yrði vopnabúnaður Hizbollah-skæruliðanna fluttur í 30 kílómetra fjarlægð frá landamærum Ísraels.

Nabih Berri, forseti líbanska þingsins, átti einnig fund með Rice, en hann hafnaði samstundis tillögum hennar. Berri kom þess í stað með hugmynd um tveggja skrefa lausn, þar sem fyrst yrði samið um vopnahlé en líbanski herinn færi ekki fyrr en mun síðar til átakasvæðanna syðst í Líbanon.

Á morgun heldur Rice til Rómarborgar á alþjóðlega ráðstefnu, þar sem líklegt þykir að samþykkt verði að senda alþjóðlegt herlið til friðargæslu í Líbanon. Sameinuðu þjóðirnar eru nú þegar með tvö þúsund manna friðargæslulið í suðurhluta Líbanons, en hlutverk þess er takmarkað.

Á fundinum í Róm koma einnig Javier Solana, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, og fulltrúar frá Líbanon, Jórdaníu, Sádi-Arabíu, nokkrum Evrópuríkjum og Sameinuðu þjóðunum.

Ísraelskir ráðamenn sögðust um helgina fallast á þessar hugmyndir um nýtt alþjóðlegt gæslulið til Líbanons. Ísraelar sögðust fyrst vilja helst að þær sveitir yrðu á vegum Atlantshafsbandalagsins, en í gær var haft eftir Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, að það skipti ekki máli á hverra vegum þessar sveitir væru. „Það sem máli skiptir er að markmiðið náist,“ sagði hann í viðtali við ítalska dagblaðið Corriere della Sera.

Hizbollah-samtökin virðast hins vegar engan áhuga hafa á því að semja um vopnahlé. Hossein Safiadeen, sendifulltrúi Hizbollah-samtakanna, sagði í gær á fundi í Íran að Hizbollah ætlaði að víkka út hernaðaraðgerðir sínar í Ísrael þangað til að Ísraelar yrðu „hvergi óhultir“.

„Þessa stríðs verður minnst sem upphafs endiloka Ísraelsríkis,“ sagði Safiadeen og bætti við að brátt kæmu „ný Mið-Austurlönd að hætti Hizbollah og íslamstrúar, ekki að hætti Rice og Ísraels.“ Átökin, sem hófust 12. júlí síðastliðinn, hafa til þessa kostað að minnsta kosti 384 Líbana og 37 Ísraela lífið. **- gb / - kóþ**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FENGUM EKKI NÆGA SÓL !**

Hef heyrt í nokkrum sem eru að kvarta undan of lítilli sól t.d. í Reykjavík. Alveg frá fyrsta degi þessa góðviðriskafla lá fyrir að missólríkt yrði á landinu. Á meðan skýjað hefur verið með ströndum landsins hefur yfirleitt verið sólríkt til landsins, síst þó á Suðurlandi nú síðustu daga og síðan er það þokan sem hefur gert sumum lífið leitt á Vestfjörðum og á Norður- og Austurlandi. En er hægt að kvarta yfir hægviðri og hlýjindum?

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg suðlæg átt. Skýjað og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 11-13 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Suðaustan 3-8 m/s stífastur vindur suðvestan til.

*» fimmtudagur*




Austan 10-15 m/s allra syðst, annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24°C heiðskírt | London | 29°C heiðskírt | Alicante | 33°C heiðskírt |
| Billund | 26°C heiðskírt | París | 36°C heiðskírt | Mallorca | 29°C heiðskírt |
| Osló | 30°C léttskýjað | Frankfurt | 34°C hálfskýjað | Algarve | 28°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 31°C skúrir | Friedrichshafen | 26°C skúrir | Krít | 29°C heiðskírt |
| Gautaborg | 22°C heiðskírt | Berlín | 31°C heiðskírt | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Vertu viss um að þú sért að fá bestu VEXTINA!*

**Morgunblaðið, 13. júlí 2006**

**BANKAR OG SPARISJÓÐIR**

| INNLÁNSVEXTIR | Landsbanki | Glitnir banki | KB Banki | Sparisjóðir | SPRON | SPV | nb.is | S24 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dags. síðustu breyt.** | **11/7** | **11/7** | **11/7** | **11/7** | **21/6** | **21/6** | **11/7** | **11/7** | |
| Alm. Sparisjóðsbækur | 3,55 | 4,30 | 3,60 | 3,50 | 6,55 | 3,10 | 10,50-12,45 | 10,50-12,45 | **Bestu vextirnir** |
| Alm. Tékkareikningar | 3,50 | 4,20 | 3,50 | 3,45 | 3,45 | 3,10 | 5,80-8,30 | 10,50-11,90 | **Bestu vextirnir** |
| Sértékkareikningar | 3,55 | 4,35 | 8,00-11,65 | 3,55 | 3,55-10,65 | 3,15-10,90 | 5,80-8,30 | 10,50-11,90 | **Bestu vextirnir** |
| og frá | 7,35-9,805 | 8,35 | | | | | | | |
| Óbundnir sparir. 1) | 9,20-12,15 | 8,10-11,20 | | 6,55-11,65 | 6,15-11,15 | 6,15-10,95 | 10,50-12,45 | 10,50-12,45 | **Bestu vextirnir** |

**BANKAR OG SPARISJÓÐIR–NÝ LÁN**

| ÚLÁNSVEXTIR | Landsbanki | Glitnir banki | KB Banki | Sparisjóðir | SPRON | SPV | nb.is | S24 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Almenn víxillán 1): | **11/7** | **11/7** | **11/7** | **11/7** | **11/6** | **21/6** | **11/7** | **11/7** | |
| Kjörvextir | 14,85 | 15,60 | 15,50 | 15,60 | 15,60 | 14,85 | | | |
| Hæstu forvextir | 20,10 | 20,60 | | 20,60 | 20,60 | 19,85 | | | |
| Meðalforvextir 2) | 18,35 | | | 19,20 | 18,70 | 15,50 | | | |
| Yfirdráttarl. fyrirtækja | 22,05 | 22,20 | 21,60 | 22,15 | 16,05-22,15 | 20,45 | | | |
| Yfirdráttarl. einstakl. | 22,70 | 22,70 | 22,25 | 22,15 | 18,20-22,25 | 17,95-21,30 | 17,10-21,50 | 17,00 | **Bestu vextirnir** |
| þ.a. grunnvextir | 3,50 | 5,00 | 3,00 | 6,00 | 6,00 | 6,00 | | | |
| Greiðslukortalán: | | | | | | | | | |
| Fastir vextir | 21,40-22,70 | 22,55 | 22,45 | 22,70 | 18,86-22,70 | 18,40-21,70 | 19,705-21,60 | 17,85-19,45 | **Bestu vextirnir** |
| Alm. skuldabr.lán: | | | | | | | | | |
| Kjörvextir | 14,70 | 15,70 | 15,20 | 15,65 | 15,65 | 14,90 | 15,60 | 14,45 | **Bestu vextirnir** |
| Hæstu vextir | 19,95 | 20,70 | 20,70 | 21,15 | 20,70 | 20,40 | 21,60 | 17,55 | **Bestu vextirnir** |
| Meðalvextir 2) | 18,20 | 19,45 | | 19,90 | 17,62 | 15,40 | | | |
| Vísitölubundin lán, breyt... | | | | | | | | | |
| Kjörvextir | | | | | | | | | |

**Sæktu um...**

**www.s24.is**

S24 …og þú hagnast

**533 2424 – Sætún 1**

*Skv. vaxtatöflu sem birtist í Morgunblaðinu 13.júlí 2006 má sjá að S24 er með bestu vextina í þeim vaxtaflokkum sem S24 býður uppá.



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu farið til útlanda á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 59 % |
| Nei | 41 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu skoðað Kárahnjúka?*

Svaraðu spurningunni á visir.is

Sláandi niðurstöður í nýlegri skýrslu um offitu og óhollustu á Norðurlöndum:

# Verða feitari og óheilbrigðari

**SAMFÉLAGSMÁL** Norðurlandabúar verða sífellt feitari og óheilbrigðari en samkvæmt nýlegri skýrslu er fimmta hvert barn of þungt og rúmlega fjörutíu prósent fullorðinna glíma við sama vandamál.

Niðurstöður þessar koma fram í skýrslu sem Norræna ráðherranefndin lét gera og voru helstu niðurstöðurnar birtar nýlega. Eru þær svo sláandi að skýrsluhöfundar fullyrða að efnahag Norðurlanda standi bein ógnun af, verði ekkert að gert.

Fram kemur að yfir helmingur Norðurlandabúa stunda enga líkamsrækt og láta sér fátt um finnast hvað þeir láta ofan í sig. Hefur neysla fituríkrar matvöru aukist á kostnað fiskmetis, ávaxta og grænmetis og telja skýrsluhöfundar aðgerða þörf hið snarasta. Hefur ráðherranefndin þegar komið á laggirnar nýrri framkvæmdaáætlun með það að markmiði að sporna gegn þessari þróun.



**MEIRI FITA** Norðurlandabúar eru meira fyrir fitumeiri mat og sífellt fækkar þeim er borða fiskmeti eða ávexti og grænmeti. AFP/NORDICPHOTOS

Íslendingar eru engir eftirbátar annarra norrænna þjóða þegar kemur að óheilbrigði. Að sögn Önnu Elísabetar Ólafsdóttur, forstjóra Lýðheilsustöðvar, sýna rannsóknir hér að rúm fjörutíu prósent kvenna og tæp sextíu prósent karla á aldrinum átján til áttatíu ára telja sig yfir kjörþyngd. „Þetta er byggt á svörum fólks og gefur kannski ekki hárrétta mynd en ég get tekið undir þær áhyggjur að ef fram heldur sem horfir mun óheilbrigði hérlendis hafa áhrif á efnahag landsins. - aöe

Brottför hersins úr Keflavík:

# Verktakar gæti eigna NATO

**HERINN** Utanríkisráðuneytið hefur auglýst eftir verktökum, fyrir hönd Bandaríkjahers, til að annast viðhald og eftirlit með eignum Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli, eftir að herlið Bandaríkjanna fer frá landinu í haust. Þó hefur ekki verið óskað eftir eftirliti með eigum sjálfs herliðsins.

Bandaríski herinn er skuldbundinn NATO að viðhalda eignum þess í eitt ár eftir brottför, en flestar eru eignirnar hernaðarmannvirki. Herinn sjálfur á veitukerfi, þjónustubyggingar, skóla, íþróttahús, heilsugæslu og skrifstofuhúsnæði. Enn er óljóst um ráðstöfun þeirra mannvirkja. - sgj

Fjögurra manna nefnd:

# Mati á eignum RÚV að ljúka

**RÚV** Mati á eignum Ríkisútvarpsins lýkur um miðjan ágúst en nefnd fjögurra manna, undir forystu Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda, hefur unnið að matinu.

„Vegna sumarfría hefur ekki verið unnið að matinu að undanförnu. Við höfum aflað þeirra gagna og upplýsinga sem þarf til að ljúka verkinu. Síðan tökum við upplýsingarnar saman í skýrslu og komum frá okkur,“ sagði Sigurður.

Eyjólfur Valdimarsson, verkfræðingur hjá RÚV, Jón Loftsson, starfsmaður Ríkisendurskoðunar, og Matthías Þór Óskarsson endurskoðandi sitja í nefndinni auk Sigurðar. - mh




**MÓTMÆLENDUR Í PÉTURSBORG** Lögreglan hafði afskipti af hundruðum manna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

G8-fundurinn í Pétursborg:

# Hundruð mótmælenda áreitt

**MOSKVA, AP** Meira en 500 manns, sem mótmæltu leiðtogafundi átta helstu iðnríkja heims í Pétursborg í síðasta mánuði, urðu fyrir margvíslegu áreiti af hálfu rússnesku lögreglunnar.

Sjö mótmælendur urðu fyrir barsmíðum af hálfu lögreglunnar og að minnsta kosti 54 voru handteknir. Meira en 250 fluttir á lögreglustöð án skýringa og yfir 210 voru fjarlægðir úr járnbrautarlestum.

Þessu halda samtökin Legal Team fram, en þau fylgdust með og skráðu atburði sem tengdust mótmælum og öðrum viðburðum í tengslum við G8-fundinn. - gb

Lögreglan í Reykjavík:

# Tilkynnt um fljótandi lík

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla bjargaði manni á floti rétt fyrir utan Grafarvog um þrjú leytið í gærnótt. Tilkynnt var að sést hefði lík á floti en þegar lögregla kom á staðinn, á litlum gúmmíbát, var maðurinn á lífi.

Honum var bjargað og virtist hann í annarlegu ástandi að sögn lögreglu. Hann var fluttur á spítala til aðhlynningar enda þrekaður eftir veruna í sjónum. - æþe

## LÖGREGLUFRÉTT

**Vantaði bensín** Fisflugvél lenti á vegi við bensínstöð á Flateyri í gær. Flugmaðurinn bar því við að hann vantaði bensín og hafi því ákveðið að lenda á þessum stað. Bentu lögreglumenn honum á að halda sig við flugvelli í framtíðinni.

# Segir forsvarsmenn Neyðarlínu rjúfa sátt

**Stjórnarformaður Atlassíma telur framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar rjúfa sátt með kæru, sem vísað hefur verið frá. Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar neitar því. Yfirlýsing milli Atlassíma og Neyðarlínunnar var undirrituð 25. nóvember.**

**FJARSKIPTI** Róbert Bragason, stjórnarformaður Atlassíma, segir forsvarsmenn Neyðarlínunnar hafa rofið samkomulag sem gert var við Atlassíma 25. nóvember á síðasta ári, með því að kæra bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Ákvörðunin skyldaði Símann hf. til þess að samþykkja að flytja símanúmer í almennri talsímaþjónustu yfir í netsímaþjónustu til Atlassíma ehf.



**RÓBERT BRAGASON**



**ÞÓRHALLUR ÓLAFSSON**

„Yfirlýsing tiltekur bæði almenna símaþjónustu með netsímatækni og flökkuþjónustu með netsímatækni. Í yfirlýsingunni er sérstaklega tekið fram, að Neyðarlínan fallist á tilhögun sem við höfum farið eftir, og munum fara eftir, í einu og öllu. Þess vegna finnst mér kæran brjóta gegn þessu samkomulagi,“ segir Róbert.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, neitar því að samkomulag hafi verið rofið með kærunni. Aðeins hefði vakað fyrir talsmönnum lögreglu og Neyðarlínu að vekja athygli á því að nauðsynlegt væri að setja skýrar reglur er varða staðsetningu símtala í netþjónustu, til þess að öryggi almennings væri sem best tryggt. „Fyrst og fremst, snýr okkar aðkoma að þessu máli að því að við teljum nauðsynlegt að almennar reglur verði í hávegum hafðar, sem hægt er að styðjast við til framtíðar.“



**FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA** Ríkislögreglustjóri og forsvarsmenn Neyðarlínunnar kærðu bráðabirgðaákvörðun úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, til þess að koma sjónarmiðum sínum, varðandi áhrif ákvörðunarinnar á öryggi almennings, á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í yfirlýsingunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, ná Atlassími og Neyðarlínan samkomulagi um að „Atlassími sendi rafrænt skráningarupplýsingar einu sinni á sólarhring sem innihalda hefðbundnar upplýsingar um rétthafa númers.“ Auk þess sem svokölluð flökkunúmer, sem tilheyra þjónustu þar sem notendur geta nýtt sér netsíma þar sem þeir komast í internetsamband, „væru sérstaklega merkt þannig að Neyðarlínan gæti áttað sig á hver þau væru,“ eins og segir orðrétt í yfirlýsingunni.

Í yfirlýsingunni segir jafnframt að það yrði „á ábyrgð Neyðarlínunnar að skrá númer viðskiptavina Atlassíma sem flökkunúmer við símsvörun.“

Þórhallur skrifar undir yfirlýsinguna, en í lok hennar er sérstaklega tekið fram að „ofanlýst högun teljist fullnægjandi skráning að mati Neyðarlínunnar.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu 21. júlí vísaði úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála stjórnsýslukæru Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar frá vegna aðildarskorts, en að mati kærenda í málinu snertir bráðabirgðaákvörðunin „lögvarða hagsmuni,“ þar sem það væri vandkvæðum bundið að staðsetja símtöl í netsímaþjónustu.

magnush@frettabladid.is



**ÚTGEFENDURNIR** Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, og Svenn Dam, forstjóri 365 Media Scandinavia.

Fríblaðið Nyhedsavisen:

# Komi út þegar minnst varir

**FJÖLMIÐLAR** Undirbúningur gengur vel fyrir útgáfu dagblaðsins Nyhedsavisen í Danmörku, að sögn Svenn Dam, forstjóra 365 Media Scandinavia. Post Danmark mun sjá um dreifingu blaðsins í og við Kaupmannahöfn, en þegar fram líði stundir verði blaðinu dreift um alla Danmörku. Dam segist vonast til þess að fyrsta blaðið komi út þegar keppinautarnir eigi síst von á því.

Skrifstofur Nyhedsavisen verða í þremur borgum, Kaupmannahöfn, Óðinsvéum og Árósum og þegar hefur verið ráðið í um hundrað störf. Hefja starfsmennirnir störf 1. ágúst næstkomandi. - sgj

Forstjóri BP undir pressu:

# Vill ekki eyða ellinni í golfi

**VIÐSKIPTI** Stjórn British Petroleum, BP, hefur þrýst á forstjóra félagsins, Browne lávarð, að hann láti sjálfviljugur af störfum árið 2008 þegar hann verður sextugur. Í reglum félagsins er kveðið á um að lykilstjórnendur eigi að láta af störfum við sextugsaldur en það sama gildir ekki um stjórnarmenn eða almenna starfsmenn.

Lávarðurinn frá Madingley er mjög ósáttur við að setja stjórnarmanna og hefur opinberlega fordæmt reglur um aldursmörk. Hann ætli sér ekki að hanga það sem eftir er úti á golfvelli. - eþa

Neytendasamtökin gagnrýna viðbrögð forsætisráðherra við matvælaskýrslu:

# Farið verði eftir tillögunum

**MATVÆLAVERÐ** „Forsætisráðherra hafnar í raun tillögum sem koma fram í skýrslu formanns nefndar um hátt matvælaverð og ég velti fyrir mér til hvers þessi nefnd var stofnuð,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Forsætisráðherra hefur lýst efasemdum um að skattalækkanir á sælgæti til dæmis myndu skila sér til neytenda og hugsanlega myndi ígildi skattsins renna eitthvert annað. Jóhannes segist ekki geta skilið þessi orð á annan veg en hann meini að mismunurinn renni í vasa framleiðenda, heildsala eða kaupmanna.

„Í fyrsta lagi liggur fyrir að þegar virðisaukaskattur var lækkaður í fjórtán prósent á flestöllum matvælum skilaði það sér til neytenda. Í öðru lagi hafa stjórnvöld eftirlitsstofnanir sem geta fylgt því fast eftir að þessar lækkanir skili sér til neytenda.“



Jóhannes segir orð forsætisráðherra um að standa þurfi vörð um landbúnaðarkerfið benda til þess að ekki eigi að hrófla við ofurtollum á innfluttum landbúnaðarvörum.

Aðspurður um hvort gagnrýni Neytendasamtakanna sé ótímabær, í ljósi þess hve stutt er frá útkomu skýrslunnar sem er í skoðun hjá ráðuneytinu, segist Jóhannes verða fyrstur til að fagna því ef farið verður eftir tillögunum. - sdg

Hraðakstur í íbúðargötum:

# Tuttugu ökumenn kærðir

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu ökumenn voru kærðir í gær fyrir of hraðan akstur í íbúðargötum í borginni.

Lögreglan í Reykjavík var með sérstakt umferðareftirlit í nokkrum íbúðargötum þar sem hámarkshraði er 30 kílómetrar á klukkustund. Að sögn lögreglu virtust margir ekki gera sér grein fyrir hver hámarkshraðinn var en einn af ökumönnunum verður sviptur ökuleyfi í þrjá mánuði og tveir til tveggja mánaða.

Lögreglan mun áfram fylgjast grannt með umferð í íbúðargötum en þar eru iðulega börn að leik og því brýnt að halda hraðanum niðri. - sdg

# JÚLÍTILBOÐ – NÚ ER FJÖR...







## JÚLÍTILBOÐ

SPRING AIR
AMERÍSK RÚM

**KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR**

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ Á
NÝRRI LÍNU – NÝ HÖNNUN





## JÚLÍTILBOÐ

GRAVITY ZERO
STILLANLEG HEILSURÚM

**VERÐ**

SEM EKKI HEFUR
SÉST ÁÐUR

MARGAR STÆRÐIR OG GERÐIR





## JÚLÍTILBOÐ

TEMPUR HEILSUVÖRUR

**15%**

AFSLÁTTUR

HEILSUDÝNUR, HEILSUKODDAR,
SESSUR, BAKSTOÐIR, INNISKÓR,
FERÐAKODDAR O.M.FL.

www.design.is ©2006

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júlí



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað entist hungurverkfall Saddams Hussein í marga daga?

2 Hver er nýhættur sem ritstjóri Mannlífs?

3 Hver sigraði á Opna breska meistaramótinu í golfi?

SVÖR ERU Á SÍÐU 34

Steingrímur Sigurjónsson byggingarfræðingur, hópferðabílstjóri og hugvitsmaður:

# Kísilblanda borin á vegkanta

**SAMGÖNGUR** Styrkja ætti vegkanta á þjóðvegum landsins með því að bera á þá blöndu úr sandi, sementi og kísilryki. Þetta segir Steingrímur Sigurjónsson, byggingarfræðingur, hópferðabílstjóri og hugvitsmaður, sem lætur sér ekkert óviðkomandi þegar öryggi mannvirkja er annars vegar, hvort heldur það eru vegir eða byggingar. Steingrímur segist hafa farið um þjóðveg eitt á síðasta ári og skoðað ástand vegkantanna. Áberandi sé hversu illa þeir eru farnir á mörgum stöðum, bæði vegna þungaflutninga og eins vegna veðrunar. Sú hlið veganna sem snýr mót suðri sé víðast verr farin vegna áhrifa rigninga.

„Það þarf að hreinsa kantana vel, fjarlægja grjót og gróður og svo sprauta blöndunni yfir," segir Steingrímur og kveðst um leið fullviss um að aðferð sín sé vel til þess fallin að styrkja vegkantana.

Steingrímur hefur margvíslega reynslu úr atvinnulífinu sem veitir honum innsýn í þessi mál. Hann er hópferðabílstjóri og hefur sem slíkur góða þekkingu á vegunum, þá hefur hann unnið við múrverk og kom aukinheldur að lagningu Suðurlandsvegar, frá Skíðaskálanum að Kambarbrún á sínum tíma.

Að hans viti þurfa þessar aðgerðir ekki að kosta mikla peninga. „Það er nóg til af sandi, sementi og kísilryki og um að gera að nota þessi efni til að styrkja vegkantana og auka með því öryggi vegfarenda. - bþs



**STEINGRÍMUR SIGURJÓNSSON** Hefur fengist við margt um ævina og telur sig hafa dottið ofan á hagkvæma lausn til að styrkja vegkanta á þjóðvegunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

20 manns sáu klámmynd:

# Verða sendir í endurhæfingu

**SÓMALÍA, AP** Vopnaðir íslamistar handtóku tuttugu manns í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, í síðustu viku fyrir að horfa á klámmyndband. Þetta er eitt af mörgum málum sem hafa komið upp í kjölfar valdatöku íslamskra bókstafstrúarmanna, sem vilja bæta siði landsmanna.

Tuttugu vopnaðir menn réðust inn í bíósal og handtóku áhorfendur myndarinnar. „Þeir verða sendir í endurhæfingu og sleppt þegar við höfum sagt þeim frá ókostum þess að horfa á svona myndir og hvað íslamstrú segir um þær," sagði starfsmaður íslamskra dómstóla. - sgj

Sólarstrendur í Danmörku:

# Kynlíf veldur vandræðum

**DANMÖRK** Sífellt fleiri dönsk pör kjósa að flytja kynlífið úr svefnherberginu út á sólarstrendur landsins yfir sumartímann en sífellt fjölgar kvörtunum sem lögregla fær vegna fólks er stundar kynlíf á almenningsströndum fyrir allra sjónum.

Er lögum samkvæmt öllum heimilt að sóla sig naktir á almenningsströndum í Danmörku svo lengi sem tekið er tillit til annarra gesta og kynlíf hingað til verið lítið vandamál en nú hefur það breyst.

## TÆKNI OG VÍSINDI

**Sykur og svefn** Sykurríkir orkudrykkir virka alls ekki eins og til er ætlast og eru að mati vísindamanna ávísun á syfju og sljóleika, þvert á það sem margir halda.

Sjóvá vildi borga fyrir vegmerkingar á ensku:

# Vegagerðin hafnar vegaskiltum á ensku

**VEGAMÁL** Sjóvá-Almennar hefur lagt til við Vegagerðina að settar verði merkingar á ensku á þeim stöðum þar sem malarslitlag tekur við af bundnu slitlagi, en malarvegir reynast mörgum erlendum ferðamönnum skeinuhættir. Vegagerðin telur ekki ástæðu til að setja upp merkingar á ensku.

„Við viljum að stjórnvöld taki almenna afstöðu til þess hvernig staðið er að vegmerkingum," segir Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá-Almennra. „Við buðumst til að setja þessi skilti upp ríkinu að kostnaðarlausu en höfum ekki fengið jákvæð viðbrögð. Við eigum mjög gott samstarf við Vegagerðina en okkur finnst þörf á meiri umræðu, segir Þór.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir Vegagerðina reyna frekar að upplýsa erlenda ökumenn um hvernig skuli bera sig að á vegum áður en lagt er af stað. „Við viljum fara varlega í merkingar á erlendum tungumálum vegna þess að það er óvanalegt að textar séu notaðir á skiltum í stað tákna." - sþs




**UMFERÐARSKILTI** Texti hentar verr en tákn á skiltum þegar erlendir ökumenn eru annars vegar, að mati vegamálastjóra.



**HÓTAÐI UPPSÖGN** Sigursteinn Másson hótaði að segja upp starfi sínu ef samningur framkvæmdastjóra yrði ekki samþykktur af aðalstjórn. MYND/AFP

# Hótaði afsögn á fundinum

**Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, hótaði uppsögn á aðalstjórnarfundi ef ráðningarsamningur nýs framkvæmdastjóra yrði ekki samþykktur. Margir sátu hjá í atkvæðagreiðslunni.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), hótaði afsögn ef aðalstjórn bandalagsins neitaði að samþykkja ráðningarsamning nýs framkvæmdastjóra. Hópur áhrifamanna innan Öryrkjabandalags Íslands ætlar að kæra Sigurstein til félagsmálaráðuneytisins fyrir hvernig hann stóð að gerð ráðningarsamningsins. Fullyrt er að hann hafi þvingað fram staðfestingu á samningnum án þess að aðalstjórnarmönnum hafi gefist tækifæri til að sjá samninginn og það sé brot á lögum bandalagsins.



**SIGURSTEINN MÁSSON**



**GUÐMUNDUR S. JOHNSEN**

Guðmundur S. Johnsen, formaður Félags lesblindra á Íslandi og aðalstjórnarmaður, er einn þeirra sem ætla að kæra. „Sigursteinn lagði samninginn fyrir aðalstjórn og þá kom í ljós að fáir vildu samþykkja hann óséðan. Þá hótaði hann því að ef samningurinn yrði ekki samþykktur óséður þá myndi hann segja stöðu sinni lausri og ganga af fundi. Það væri því betra fyrir menn að samþykkja samninginn." Guðmundur segir að hluti stjórnarmanna hafi látið undan þessum þrýstingi frá Sigursteini, enda menn nýbúnir að ganga í gegnum erfitt mál, þar sem Arnþóri Helgasyni var sagt upp, og fannst nóg komið. „Það voru tveir sem greiddu atkvæði á móti, ég og Guðmundur Magnússon. Meirihluti stjórnar greiddi því atkvæði á móti eða sat hjá. Samningurinn var því afgreiddur með minnihluta atkvæða þar sem meirihlutinn sat hjá."

Spurður af hverju hann hótaði uppsögn, ef afgreiðsla málsins var í löglegum farvegi, segist Sigursteinn hafa lagt formannsstólinn að veði því að ef aðalstjórnin hefði ekki staðfest ráðningu nýs framkvæmdastjóra þá hefði það verið vantraustsyfirlýsing á hann. „Mikill meirihluti afgreiddi málið og því er lokið."

Sigursteinn segir jafnframt að allir aðalstjórnarmenn hafi haft aðgang að samningi við nýjan framkvæmdastjóra. „Það er auðvitað þannig í ÖBÍ eins og annars staðar að þegar um er að ræða ráðningarsamninga um stöðu framkvæmdastjóra, og það er þannig í aðildarfélögum ÖBÍ, og þá er það reglan á íslenskum vinnumarkaði frekar en undantekning, að það eru trúnaðarákvæði. Í þessu tilfelli var það þannig að gert var ráð fyrir að aðalstjórnarmenn skrifuðu undir eið um trúnað, að öðrum kosti hefði verið um að ræða riftun á ráðningarsamningi nýs framkvæmdastjóra. Þessir menn voru ekki tilbúnir til að gera það," segir Sigursteinn. svavar@frettabladid.is




Hreindýraveiði fer vel af stað þetta sumarið:

# Búið að fella 27 tarfa

**VEIÐAR** Hreindýraveiði hófst 15. júlí síðastliðinn. Átta tarfar voru felldir fyrsta veiðidaginn og þóttu dýrin þokkalega á sig komin. Í gær höfðu 27 tarfar verið felldir.

Aldrei hefur verið úthlutað jafn mörgum hreindýraveiðileyfum og í ár; 909 talsins. Leiðsögumenn hreindýraveiðimanna eru um átta tíu.

Í fyrstu er aðeins leyfilegt að veiða tarfa en veiðar á hreinkúm, og kálfum sem fylgja þeim, hefjast 1. ágúst næstkomandi. Veiðitímabilinu lýkur 15. september. - æþe



# GÆÐAPARKET

## Á VERÐI SEM SLÆR ÖLL MET

GÆÐAPARKET
Eik ★★★★★
2200x182x14mm 4mm

GÆÐAPARKET
Hlynur ★★★★★
2200x182x14mm 4mm







*Austurrískt gæðaparket*

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

***FLÍSAR verðdæmi***

| | |
|---|---|
| Hvítar glans veggflísar 15x15 cm | 685 kr/m² |
| Hvítar glans veggflísar 20x25 cm | 895 kr/m² |
| Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm | 895 kr/m² |
| Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm | 996 kr/m² |
| Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm | 996 kr/m² |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**LETILÍF Í HITANUM** Nú er hitabylgja í Evrópu og lífinu tekið rólega. Þetta tígrisdýr í dýragarðinum í Hamborg geispar mjög, enda vant veðurfarinu í Síberíu. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki dregur úr eftirspurn eftir ferðum til sólarlanda í góðu veðri:

# Metár í utanlandsferðum

**FERÐALÖG** Það er ekki logið á ferðagleði landans, eins og kemur skýrast fram hjá íslenskum ferðaskrifstofum þessa dagana. Uppselt er í flestar ferðir til sólarlanda næstu þrjár vikurnar. Þegar allt er talið eru seld hundruð þúsunda sæta á hverju ári í sólina, skíðaferðir, borgarferðir og sérferðir margs konar. Athygli vekur að mikið er spurt um sólarlandaferðir þegar veður er gott hér á landi.

Þorsteinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri Úrvals-Útsýnar, segir Íslendinga bregðast eins við í snjóbyl og sólarbrækju. „Allt veður virðist hafa góð áhrif á ferðalög. Í góðu veðri talar fólk um sól og ferðalög og það vekur áhuga á því að ferðast. Mjög vont veður í langan tíma vekur upp sama umtal. Íslendingar trúa því ekki að gott veður haldist lengi og því er það hvetjandi en ekki letjandi þegar sól skín í heiði.“ Þorsteinn minnist þess að í hitabylgjunni í ágúst 2004 var mjög mikið að gera á öllum ferðaskrifstofum hérlendis.

Þorsteinn segir að í ár verði sett met í utanlandsferðum, þrátt fyrir svartsýnistal í byrjun árs. Þá var talið að samdráttur yrði í ferðalögum landans til útlanda. - shá



**Í SÓL OG SUMARYL** Ekki dregur úr eftirspurn eftir sólarlandaferðum þótt veður sé gott hér á landi. Fólk vill meira af því góða.

Ferðamálastofa veitir styrki:

## Uppbygging á Vestfjörðum

**FERÐALÖG** Ferðamálastofa hefur undirritað undir samning vegna verkefna í uppbyggingu og úrbótum á ferðamannastöðum á Vestfjörðum. Þeir sem koma að samningnum eru klasafyrirtækið Sjávarþorpið Suðureyri og Ísafjarðarbær. Sjávarþorpið Suðureyri fær styrk til uppbyggingar á upplýsingamiðlunartorgi sem staðsett er við innkeyrsluna í bæinn, og Ísafjarðarbær fær styrk til úrbóta á aðstöðu fyrir ferðafólk á Hornströndum.

Frá árinu 1995 hefur Ferðamálastofa varið tæplega 500 milljónum króna í styrki og framkvæmdir víðsvegar á Íslandi. - sþs

Flótti frá Líbanon:

## Kýpur óskar eftir hjálp

**KÝPUR, AP** Utanríkisráðherra Kýpur hefur óskað eftir hjálp Evrópusambandsins við móttöku flóttamanna frá Líbanon, en um 25 þúsund manns hafa flúið frá landinu til Kýpur og búist er við að sú tala þrefaldist. Evrópusambandið mun senda hjálparteymi til Kýpur til að flýta fyrir flutningi erlendra ríkisborgara til síns heima, en fólksfjöldinn hefur aukið álag á hótel og flugvöllinn í Nicosiu til muna. - rsg

**ÞÝSKALAND**

**Reykingabann í aðsigi** Þjóðverjar mega eiga von á því að þurfa að slökkva í vindlingum sínum áður en þeir heimsækja sjúkrahús eða aðrar opinberar byggingar frá og með næsta ári, ef tillaga neytendamálaráðherra landsins nær fram að ganga. Þýskaland er eitt af síðustu ríkjum Evrópu til að samþykkja slíkt bann.

Kattareigandi sem þurfti að leysa köttinn sinn út:

# Vafasamir afarkostir

**KATTAHALD** Hugsanlegt er að reynt hafi verið að neyða kattareiganda á Suðurnesjum, sem átti í erfiðleikum með að greiða fyrir kattahald, til refsiverðs verknaðar, að mati Jóns Einars Jakobssonar lögmanns.

Aflífa átti köttinn á miðvikudaginn væri greiðslan ekki innt af hendi og var eigandanum boðið að skilja eftir ávísun að sögn Magnúsar H. Guðjónssonar framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins á Suðurnesjum. Úr varð að kattareigandinn sló lán og borgaði köttinn sinn út.

„Ekki er annað að skilja en að Magnús hafi boðið kattareigandanum að gefa út innistæðulausa ávísun, en sæta því ella að ketti hans yrði lógað,“ segir Jón en það er refsivert samkvæmt tékkalögum. Enn fremur segir í hegningarlögum að sá sem liðsinni í orði, verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því að slíkt brot sé framið skuli einnig sæta refsingu.



**KÖTTUR Í PRÍSUND** Lóga átti kettinum sem um ræðir þar sem eigandinn hafði ekki greitt fyrir kattahald til sveitarfélagsins. MYNDIN ER SVIÐSETT

Jón segir bann við nauðung felast í hegningarlögum. Einnig megi telja til refsihækkunar að um opinberan starfsmann er að ræða við sýslunarstörf. „En væntanlega getur hinn opinberi starfsmaður haft sér til afbötunar þá alkunnu staðreynd, að kötturinn hefur níu líf. Sé ekki sannað að kötturinn hafi lifað áður ætti því refsilækkun að nema átta níundu hluta.“ - sdg



**VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Einungis lítill hópur nemenda við skólann er ósáttur við hækkanir skólagjalda.

# Önnin kostar 236 þúsund

**Viðskiptaháskólinn á Bifröst er einn þeirra háskóla sem hafa hækkað skólagjöld sín. Aðstoðarrektor segir hækkanir tilkomnar vegna aukinnar þjónustu við nemendur og að málið sé unnið í fullri sátt.**

**MENNTUN** Um tólf prósenta hækkun hefur orðið á skólagjöldum við Viðskiptaháskólann á Bifröst frá því í fyrra. Þessi hækkun nær til þeirra sem leggja stund á nám á grunnstigi skólans.

Magnús Árni Magnússon, aðstoðarrektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, segir ástæður hækkunar skólagjalda tvíþættar. „Annars vegar að mæta kostnaðarhækkunum en hins vegar er þetta ákvörðun sem tekin var í kjölfar þróunarvinnu sem við lögðumst í síðastliðið vor.“ Magnús segir hækkun gjalda í grunnnámi vera umfram verðbólgu til að standa straum af kostnaði við að auka þjónustu við nemendur og gera námið einstaklingsmiðaðra.

Í fréttum RÚV í gær kom fram að nemendur á Bifröst væru margir hverjir ósáttir við nýlega hækkun skólagjalda. Í framhaldi af þeim fréttaflutningi sendi Skólafélag Viðskiptaháskólans frá sér yfirlýsingu þess efnis að einungis lítill hópur nemenda sætti sig ekki við hækkanirnar.

Þeir sem hyggjast stunda nám á grunnstigi á Bifröst næsta vetur þurfa nú að greiða 236 þúsund krónur fyrir önnina, eða 472 þúsund krónur fyrir allt skólaárið.

Magnús segir það ákvörðun skólans að leggja áherslu á gæði námsins sem sé kostnaðarsamt en að sú hugmynd að hækka gjöldin nú hafi verið í fullu samræmi við fulltrúa nemenda. „Við miðum gæði námsins við einkarekna háskóla í Bandaríkjunum en þar eru skólagjöld mun hærri en hér.“

Magnús segir enga hækkun verða á meistaranámi við skólann umfram verðlagshækkanir en þar kostar tveggja ára nám 1,3 milljónir.

Til samanburðar má geta þess að meistaranám við Háskólann í Reykjavík kostar á bilinu 250-300 þúsund krónur fyrir önnina sem samsvarar 1,2 milljónum króna að hámarki fyrir tveggja ára nám.

Háskólinn í Reykjavík og Listaháskólinn hafa báðir hækkað skólagjöld sín á milli ára en Háskóli Íslands hefur ekki hækkað skólagjöld sín sem eru 45 þúsund krónur fyrir næsta skólaár.

Við almenna mennta- og fjölbrautaskóla landsins sem heyra undir menntamálaráðuneytið eru innheimt innritunargjöld en þau eru 8.500 krónur líkt og í fyrra. Í iðnskólum og á sérstökum verknámsbrautum á menntaskólastigi er heimilt að innheimta efnisgjöld sem geta að hámarki orðið 25 þúsund krónur.

hugrun@frettabladid.is

**SKÓLAGJÖLD NOKKURRA SKÓLA Á MENNTASKÓLA- OG HÁSKÓLASTIGI**

| | Háskóli Íslands | Háskólinn í Reykjavík (grunnnám) | Listaháskóli Íslands | Bifröst (grunnnám) | Verslunarskóli Íslands |
|---|---|---|---|---|---|
| Námsgjöld 2006-2007 | 45.000 | 220.000 | 225.000 | 472.000 | 69.000 |
| Námsgjöld 2005-2006 | 45.000 | 198.000 | 195.000 | 410.000 | ekki vitað |




Vertu á hellu í sumar fyrir
4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar
FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR  Staðgreiðslu lán

*Forsendur miðast við 60 m² af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Verið velkomin í Veiðihornið

## Frábærir tilboðspakkar

## Alltaf meira úrval – Alltaf hagstætt verð – Alltaf opið





**Simms Guide vöðlupakki.**
Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur. Einhverjar sterkustu vöðlurnar á markaðnum. Simms Guide leðurskór með filtbotni. **Fullt verð 52.800. Pakkatilboð aðeins 44.880 staðgreitt eða aðeins 4.250 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 4.250 á mánuði.**





**Simms Freestone vöðlupakki.**
Simms Freestone öndunarvöðlur með 4ra laga Quadralam öndunarfilmu. Simms Freestone skór með filtbotni. **Fullt verð 34.800. Pakkatilboð aðeins 29.580 staðgreitt eða aðeins 2.852 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.852 á mánuði.**





**Scierra Blackwater vöðlupakki.**
Scierra Blackwater Pro öndunarvöðlur. Níðsterkar vöðlur. Frábær reynsla. Vöðlutaska fylgir. Scierra vöðluskór með filtsóla. **Fullt verð 44.795. Pakkatilboð aðeins 37.900 staðgreitt eða aðeins 3.628 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 3.628 á mánuði.**





**Scierra MBQ vöðlupakki.**
Scierra MBQ öndunarvöðlur. Gæði og gott verð. Scierra skór með filtsóla. **Fullt verð 28.990. Pakkatilboð aðeins 22.900 staðgreitt eða aðeins 2.246 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.246 á mánuði.**





**Aðeins 2.013 á mánuði.**

**Ron Thompson vöðlupakki.**
Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. Ron Thompson Aquasafe jakki. Vatnsheldur með útöndun. **Fullt verð 23.990. Pakkatilboð aðeins 19.990 eða aðeins 2.013 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**





**Aðeins 2.168 á mánuði.**

**DAM vöðlupakki.**
DAM neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. DAM veiðijakki. Vatnsheldur með góðri útöndun. Ripstop efni, stórir vasar og góð hetta. **Fullt verð 25.990. Pakkatilboð aðeins 21.990 staðgreitt eða aðeins 2.168 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**
**Já, líka á sunnudögum.**
**Vöðlutilboð Veiðihornsins eru líka á netinu veidihornid.is**





GAY PRIDE-GANGAN Í BERLÍN Þessir göngumenn stilltu sér upp fyrir ljósmyndara síðastliðinn laugardag. Yfirskrift göngunnar í ár var „fjölbreytni, reglur og frelsi". NORDICPHOTOS/AFP

Æskilegt að læknar komi að úrræðum fyrir geðsjúka utan Landspítalans:

# Þörf á fleiri úrræðum

**HEILBRIGÐSMÁL** Tómas Zoega, yfirlæknir geðdeilar Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH), segir að starfsemi geðdeildarinnar þurfi stöðuga umræðu og mikilvægt sé að fjölbreytt meðferðarúrræði standi sjúklingum til boða bæði innan og utan geðdeildar.

Í Fréttablaðinu í gær gagnrýndi Elín Ebba Ásmundsdóttir, forstöðumaður iðjuþjálfunar á geðdeild LSH, meðferðarúrræði fyrir geðsjúka og sagðist vilja minnka umsvif geðdeildarinnar.

Tómas segir að á undanförnum árum hafi úrræði geðdeildarinnar verið skorin niður og rúmum fækkað um rúmlega eitt hundrað



ELÍN EBBA ÁSMUNDSDÓTTIR



TÓMAS ZOEGA

án þess að önnur úrræði kæmu í staðinn. „Ríkisstjórnin boðaði á sínum tíma komu sambýlis fyrir geðfatlaða en þau úrræði hafa ekki orðið að veruleika ennþá."

Elín gagnrýnir einnig það stóra hlutverk sem læknar og hjúkrunarfræðingar gegna innan spítalans en Tómas segir eðlilegt að læknar gegni veigamiklu hlutverki innan LSH vegna reynslu sinnar og bakgrunns.

Tómas segir að ekki megi skerða starfsemi geðdeildarinnar meira en orðið er, þar sem engin önnur úrræði séu til staðar fyrir mikið veikt fólk eins og það sem leggst inn á geðdeild LSH. „Ég óttast að stærri úrræði fyrir geðsjúka sem komið væri á fót utan spítalans án aðkomu lækna gætu staðið á brauðfótum þótt auðvitað þurfi þeir ekki að koma að öllum úrræðum fyrir geðsjúka." - hs

Norskur ökumaður:

# Kærði sjálfan sig til lögreglu

**NOREGUR** Tvítugur norskur ökumaður tók upp á því aðfaranótt sunnudags að hringja í lögreglu og tilkynna að hann æki undir áhrifum áfengis. Að því loknu beið hann í bílnum eftir lögreglu. Maðurinn var einnig með útrunnið ökuskírteini og á óskráðum bíl.

Í samtali við norsku fréttaþjónustuna NTB sagði talsmaður lögreglunnar á svæðinu afar sjaldgæft að ökumenn tilkynntu sjálfir um ölvunarakstur. Að sögn lögreglumannsins vildi maðurinn afgreiða málið til þess að hreinsa samvisku sína. Sú hreinsun gæti hins vegar kostað háar fjársektir og fangelsisvist. - sþs



LEITAÐ Á FÓLKI Lögreglan leitar á um hundrað ólöglegum innflytjendum sem handteknir voru í eyðimörk í Arizona í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

100 ólöglegir innflytjendur:

# Aðframkomnir í eyðimörk

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk yfirvöld höfðu hendur í hári um hundrað ólöglegra innflytjenda í síðustu viku, sem voru aðframkomnir af þorsta í eyðimörk í Arizona.

Sjö þeirra, auk þriggja lögreglumanna, voru fluttir á sjúkrahús vegna vökvataps.

Fólkið hafði komið frá Mexíkó og höfðu sumir verið án vatns svo dögum skipti, en fólkið beið eftir að höfuðpaurar smyglsins kæmu þeim í öruggt skjól.

Notuðu lögreglumenn þyrlu, hunda og fjórhjól til að leita þeirra, en þó fregnir bærust af þremur látnum innflytjendum í eyðimörkinni, fundust engin lík.

Ekki tókst lögreglu að handsama höfuðpaurana. - smk

## FERÐALÖG

**20.000 á Jökulsárlóni** Um 20.000 manns hafa farið í bátsferðir um Jökulsárlón á Breiðamerkursandi í sumar. Á laugardaginn sigldu 815 manns og er það metdagur sumarsins.

## MYNDLIST

**Ólafi boðin prófessorstaða**

Ólafi Elíassyni myndlistarmanni hefur verið boðin prófessorstaða við stærsta listaháskóla Þýskalands í Berlín. Þessu greindi Ríkisútvarpið frá í gær. Að sögn Berlingske Tidende hefur hann þó ekki enn ákveðið hvort hann þiggur boðið.

# Fleiri banaslys í dreifbýli

**Tveir létu lífið í umferðinni um helgina og eru banaslysin því orðin ellefu það sem af er ári. Sex slysanna ellefu hafa orðið í dreifbýli og fimm í þéttbýli, en í fyrra urðu einnig áberandi flest umferðarslys í dreifbýli. Þrír hafa látist í bifhjólaslysum í ár en síðasta ár var alveg laust við banaslys á bifhjólum.**

**UMFERÐARSLYS** Um síðustu helgi létust tveir í banaslysum í umferðinni. Þetta er önnur helgin í júlí þar sem tveir láta lífið í aðskildum umferðarslysum í dreifbýli þar sem annar slasast á bifhjóli.

„Banaslys á Íslandi eru náttúrlega bara svo ofboðslega fá og þar af leiðandi mjög erfitt að lesa einhverja þróun út úr þessum tölum. Slysin um helgina voru mjög skrítin og til dæmis ekki í alfaraleið," segir Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs hjá Umferðarstofu. Að ýmsu er hægt að komast þegar tölur eru teknar saman og sést greinilega að flest banaslys verða í dreifbýli. Birgir bendir á að í fyrra hafi um sjötíu prósent umferðarslysanna orðið í dreifbýli en í upphafi þessa árs hafi komið slysahrina í þéttbýlinu. „Eins og ég segi kemur eitt ár svona og annað hinsegin og mér finnst erfitt að sjá einhverja ákveðna dreifingu í þessu."

Ef litið er á banaslysin sem hafa orðið á síðustu mánuðum vekur einnig athygli að þrír hafa látist í bifhjólaslysum. Enginn ökumaður bifhjóla lést aftur á móti árið 2005. Birgir segir að Umferðarstofa telji ekki að þörf sé á því að bregðast við þessari fjölgun bifhjólaslysa. „Við erum að vinna með Sniglunum í forvarnarverkefni, alveg eins og við gerðum í fyrra og þá dó enginn. Við erum auðvitað að reyna að koma inn í þetta með forvarnarstarf en samt gerast slysin." Birgir bendir á að ef litið er heildstætt fimm ár aftur í tímann hefur verið merkjanleg fækkun á slysum. „Við erum greinilega að gera eitthvað rétt þótt enn falli fólk í valinn."

Birgir segir að banaslysin veki fólk til umhugsunar um umferðina og að skilaboðin séu alltaf þau sömu. „Auðvitað er dálítið klént að vera alltaf að segja það sama en það sem gildir er að fara varlega. Þessi þrjú klassísku atriði sem hafa áhrif í langflestum alvarlegum slysum, það eru beltin, ölvunin og hraðinn," segir Birgir Hákonarson.

annat@frettabladid.is



## 2005

1 **2. mars 2005** Reykjavík, Snorrabraut sunnan við gatnamót Grettisgötu. Ekið á fótgangandi vegfaranda.

2 **19. júní 2005** Reykjavík, mislæg gatnamót Sæbrautar og Miklubrautar í Elliðaárdal. Útafakstur, ökumaður lést.

3 **5. maí 2005** Reykjavík, Breiðholtsbraut í Víðidal. Útafakstur, ökumaður lést.

4 **6. mars 2005** Gatnamót Suðurlandsvegar og Þrengslavegar. Árekstur, ökumaður lést.

5 **4. júlí 2005** Biskupstungnabraut, móts við bæinn Minni-borg, Grímsnesi. Árekstur, ökumaður lést.

6 **17. febrúar 2005** Landmannaleið við Sauðleysur. Útafakstur, ökumaður lést.

7 **9. ágúst 2005** Upphéraðsvegur við Hallormsstaðarskóg. Árekstur, tveir farþegar létust.

8 **26. apríl 2005** Uppéraðsvegur, 2 kílómetrum sunnan við Egilsstaði. Útafakstur, ökumaður lést.

9 **3. mars 2005** Norðausturvegur, austan við bæinn Kópasker. Árekstur, ökumaður lést.

10 **23. mars 2005** Ólafsfjarðarvegur við Rauðuvík. Útafakstur, ökumaður lést.

11 **12. desember 2005** Hringvegur, skammt norðan við Svalbarðseyri. Útafakstur, ökumaður lést.

12 **14. maí 2005** Öxnadalur, móts við Syðri-Bægisá. Árekstur, ökumaður og farþegi létust.

13 **17. júní 2005** Öxnadalur, móts við Jónasarlund. Útafakstur, ökumaður og farþegi létust.

14 **7. ágúst 2005** Reykhólasveitarvegur, fyrir ofan Miðhúsabrekku skammt frá Reykhólum. Árekstur, ökumaður lést.

15 **20. nóvember 2005** Vesturlandsvegur í Norðurárdal í Borgarfirði. Útafakstur, ökumaður lést.

16 **27. maí 2005** Hvalfjarðarvegur, skammt frá Miðdalsvegi. Árekstur, ökumaður lést.

## 2006

1 **28. febrúar 2006** Gatnamót Sæbrautar og Kringlumýrarbrautar. Útafakstur, ökumaður lést.

2 **13. janúar 2006** Reykjavík, Sæbraut skammt sunnan við Kleppsmýrarveg. Árekstur, ökumaður lést.

3 **23. febrúar 2006** Garðabær, Bæjarbraut á gangbraut móts við Hörgatún. Ekið á gangandi vegfaranda.

4 **6. júní 2006** Elliðavatnsvegur, skammt frá gatnamótum Kaldárselsvegar. Útafakstur, ökumaður lést.

5 **24. júlí 2006** Suðurlandsvegur við Eystri-Rangá. Útafakstur, ökumaður bifhjóls lést.

6 **2. júlí 2006** Öræfasveit vestan við Hofgarða. Útafakstur, ökumaður bifhjóls lést.

7 **4. mars 2006** Akureyri, Hjalteyrargata. Ekið á vegg, farþegi lést.

8 **2. júlí 2006** Við Varmahlíð í Skagafirði. Útafakstur, farþegi lést.

9 **23. júlí 2006** Í nágrenni við Hólmavík. Ekið á gangandi vegfaranda.

10 **19. janúar 2006** Hnífsdalsvegur, í Eyrarmannalendingu. Útafakstur, ökumaður lést.

11 **7. maí 2006** Kjósarskarðsvegur, móts við bæinn Valdastaði. Útafakstur, ökumaður bifhjóls lést.





„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin"







**B-súper 120**
Góð blanda B vítamína sem talin eru styrkja ónæmis og taugakerfi og stuðla að betri orkunýtingu líkamans.

**PGX - Drykkjarblanda**
Bylting í þyngdarstjórnun.
Misstu fituna - ekki vöðvamassa eða vökva.

**Aloevera gel**
Alovera Gel 99,3% róar magann og kemur jafnvægi á þarmastarfsemina. Hefur einnig kælandi og græðandi áhrif á húð t.d. vegna sólbruna.

www.lyfja.is

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LYF33589 07/2006

TOLLVERÐ (kostnaðarverð vöru við höfn í Reykjavík). Opinberar álögur leggjast ofan á þetta verð. Samtals talan neðst er lágmarks verð án álagningar kaupmanns. Það er það verð sem íslensk heimili þurfa að greiða.

Lágmarks skattlagning er það hlutfall opinberra gjalda sem leggst ofan á kostnaðarverð.

# Linnulausar álögur



| Vörutegund: FRANSKAR KARTÖFLUR, FRYSTIVARA, 1 kg | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 115kr. |
| Almennur tollur: | 76% | 91kr. |
| Magntollur: | Á þessa vöru leggst ekki magntollur | |
| Vörugjald: | Á þessa vöru leggst ekki vörugjald | |
| VSK: | 14% | 29kr. |
| Samtals: | | 235kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 104% |

Stjórnvöld eiga leikinn!

2200 manns tóku þátt í skoðanakönnun á bonus.is þar sem 62% þátttakenda voru fylgjandi frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum: Sjáðu bonus.is!

# Bætið hag heimilanna!

| Vörutegund: HESLIHNETUSMJÖR MEÐ KAKÓ 400g | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 85kr. |
| Almennur tollur: | Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur | |
| Magntollur: | 47kr. á kíló | 19kr. |
| Vörugjald: | 50kr. á kíló | 20kr. |
| VSK: | 14% | 17kr. |
| Samtals: | | 141kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 66% |

| Vörutegund: APPELSÍNUSAFI, 1 lítri | | Vara framleidd innan EU úr þykkni framleiddu utan EU |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 60kr. |
| Almennur tollur: | 20% | 12kr. |
| Magntollur: | Á þessa vöru leggst ekki magntollur | |
| Vörugjald: | 8kr. á lítra | 8kr. |
| VSK: | 24,5% | 20kr. |
| Samtals: | | 100kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 66% |

| Vörutegund: ÁVAXTAÞYKKNI/SAFT, 1 lítri | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 70kr. |
| Almennur tollur: | Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur | |
| Magntollur: | 80kr. á lítra | 80kr. |
| Vörugjald: | 8kr. á lítra | 8kr. |
| VSK: | 24,5% | 39kr. |
| Samtals: | | 197kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 181% |

| Vörutegund: SNEIDD SKINKA, kílóverð | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 400kr. |
| Almennur tollur: | Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur | |
| Magntollur: | 1144kr. á kíló | 1144kr. |
| Vörugjald: | Á þessa vöru leggst ekki vörugjald | |
| VSK: | 14% | 216kr. |
| Samtals: | | 1760kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 340% |

Minni álögur - lægra matvöruverð!

www.bonus.is

## „ORÐRÉTT“

*Flekklaus*

**„Ég hef ekkert að fela og allir eru velkomnir til mín að skoða hvað fer fram.“**

ÁSGEIR DAVÍÐSSON, EIGANDI NEKTARBÚLLUNNAR GOLDFINGER, ER EKKI HRÆDDUR VIÐ ILLT UMTAL MEÐAL ALMENNINGS. FRÉTTABLAÐIÐ, 24. JÚLÍ.

*Skiptar skoðanir*

**„Summum finnst þetta merkilegt en öðrum finnst þetta bara ógeðslegt.“**

SIGURGEIR ÞÓR HELGASON, STARFSMAÐUR ÍTR, ER GÆDDUR ÞEIM STÓRMERKA HÆFILEIKA AÐ GETA FLAUTAÐ MEÐ AUGUNUM. FRÉTTABLAÐIÐ, 24. JÚLÍ.

*nær og fjær*

**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EVA G. ÞORVALDSDÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR GRASAGARÐS REYKJAVÍKUR

# Kom með plöntur úr Kringilsárrana



„Ég er nýkomin úr sumarfríi og kem alveg fersk inn í garðinn,“ segir Eva G. Þorvaldsdóttir, forstöðumaður Grasagarðs Reykjavíkur. Mikið er um að vera í garðinum sem hefur bæði upp á að bjóða skipulagða dagskrá í sumar og umhverfi sem gaman er að heimsækja hvenær sem er. „Við gerum mikið af því að setja upp bekki á góðum stöðum svo fólk getur sest niður og notið náttúrunnar. Við reynum líka að skapa skemmtilegt andrúmsloft, til dæmis settum við upp þrjú fuglahús og létum höggva fuglaböð í náttúrulega steina til að laða að spörfugla. Vatnið þarf að endurnýja daglega því skógarþrösturinn er mjög vandlátur og vill ekki baða sig nema í hreinu vatni.“

Á fimmtudaginn í næstu viku verður kvölddagskrá um tré og runna í Grasagarðinum sem er í samstarfi við garðplöntuframleiðanda. „Okkur finnst skemmtilegt að tengjast þeim sem framleiða fyrir almenning því við fáum mjög oft spurningar um hvort sé hægt að kaupa plönturnar okkar einhvers staðar. Grasagarðurinn á náttúrulega að sýna plönturnar en garðplöntuframleiðendurnir eru aftur á móti sérfræðingar í að selja.“ Fleira stendur til í sumardagskránni því von er á Hildi Hákonardóttur sem ætlar að fjalla um grasnytjar um hásumar og svo fer að líða að uppskeruhátíð garðsins.

Í fríinu sínu ferðaðist Eva um landið og gekk meðal annars um Kringilsárrana. „Ég tók nokkrar plöntur frá Kárahnjúkasvæðinu og er að skrá þær og koma þeim til.“ Mikil vinna er að greina plönturnar rétt og skrá þær og eru plönturnar ofan af Kárahnjúkum engin undantekning. „Nú fara þær í vermireit og ef þær verða orðnar nógu stórar næsta sumar fara þær út í garðinn,“ segir Eva G. Þorvaldsdóttir.

## SJÓNARHÓLL
UNGLINGADRYKKJA



# Byrjaði að drekka 18 ára

„Unglingadrykkja á íslandi hefur alltaf verið stórt mál, það er bara misjafnt hvort menn hafa litið á hana sem vandamál,“ segir leikarinn Gunnar Helgason, sem hefur átt meiri vinsældum að fagna hjá börnum landsins en flestir aðrir skemmtikraftar. Hann sendi nýverið frá sér hljómplötuna Lögin hans Jóns míns ásamt félaga sínum Felix Bergssyni.

„Ég held að allir sem eru eldri en tvævetur hafi lent í því að vera unglingur, blindfullur einhvers staðar þar sem hann átti ekki að vera. Ég held að því seinna sem unglingar byrja að drekka því betra. Sjálfur byrjaði ég ekki að drekka fyrr en ég var átján ára. Þá var maður kominn með bílpróf og mér lá ekkert á með þetta.

Ef forvarnir eru skemmtilegar þá er ekkert nema gott um þær að segja. Þá skila þær líka meiri árangri. Um helgina verðum við í Neskaupstað. Þar er unglingadrykkja ekki stórt vandamál, allavega ekki miðað við í Vestmannaeyjum. Að kalla þá hátíð fjölskylduhátíð er bara lygasaga.“



**VIÐ MINNISMERKI JÓNS THORODDSEN** Minnismerkið um skáldið og sýslumanninn Jón Thoroddsen vakti áhuga ungra sem aldinna en það var afhjúpað á Reykhólum á sunnudag. Þessar stúlkur eiga eflaust eftir að fá svipaðan áhuga á verkum Jóns og þær höfðu á minnismerki hans.

# Litli hreppurinn með mörgu skáldin

**Minnismerki um Jón Thoroddsen, skáld og sýslumann, var afhjúpað á fæðingarstað hans á Reykhólum á sunnudag. Einar Örn Thorlacius sveitarstjóri segir með eindæmum hvað svo lítill hreppur hafi verið örlátur á skáldin á 19. öld en þrjú þjóðskáld eru fædd í Reykhólahreppi.**

„Við vorum búin að reisa minnisvarða við fæðingarstaði Matthíasar Jochumssonar að Skógum í Þorskafirði og Gests Pálssonar á Miðhúsum,“ segir Einar Örn Thorlacius sveitarstjóri. „Það átti aðeins eftir að hylla minningu Jóns Thoroddsen með viðeigandi hætti og nú höfum við gert það. Það er reyndar með ólíkindum hvað mörg skáld eru komin úr þessum litla hreppi.“

Flestir Íslendingar þekkja og hafa jafnvel sungið ljóð Jóns en hann orti meðal annarra ljóðin Barmahlíð, Ó, fögur er vor fósturjörð og Vorvísa en þar segir frá vorinu sem er komið og grundunum sem gróa. Oftast er þó Jóns minnst fyrir skáldsögu sína Piltur og stúlka sem kom út árið 1850 en hún er jafnan talin fyrsta nútímaskáldsagan á íslensku. Þar kemur meðal annars við sögu Gróa nokkur á Leiti sem allar götur síðan hefur verið tungu okkar töm í daglegu máli. Ekki entist Jóni aldur til að ljúka við skáldsöguna Mann og konu en hún kom út nokkru eftir andlát hans. Jón var um áraraðir sýslumaður í Barðastrandarsýslu en 43 ára fór hann í Borgarfjörð þar sem hann var sýslumaður til æviloka.

Einar Örn og Björn Samúelsson, fyrrverandi formaður Reykhóladeildar Lionsklúbbs Búðardals, afhjúpuðu minnismerkið. Reykhóladeildin gekkst fyrir gerð þess og naut þar fjárstuðnings meðal annars Listskreytingasjóði ríkisins, Barðastrendingafélaginu, heilbrigðisráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu og Thoroddsenættinni en Jón er ættfaðir hennar.



**EINAR ÖRN THORLACIUS**

„Það er gaman að segja frá því að barnabarn Jóns var á staðnum og hélt ræðu en það er nokkuð merkilegt að maður sem er fæddur árið 1818 eigi barnabarn á lífi árið 2006,“ segir Einar Örn. „Það er hún Margrét Thoroddsen, systir Gunnars, fyrrum forsætisráðherra.“ Fleiri niðjar Jóns létu til sín taka en Magnús Thoroddsen hæstaréttarlögmaður flutti ávarp fyrir hönd ættarinnar og minntist langafa síns og Ásdís Thoroddsen mælti fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands. Tríó Björns Thoroddsen lék svo nokkra slagara við þetta tækifæri.

Meðal viðstaddra voru Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra og þingmennirnir Kristinn H. Gunnarsson og Jón Bjarnason.

Rómantíkin virðist svífa yfir vötnum fyrir vestan um þessar mundir og ekki nóg með að rómantísku skáldin séu hyllt því ákveðið hefur verið að Vestfirska forlagið hefji útgáfu á ástarsögum eftir Vestfirðinga. jse@frettabladid.is






# Krakkarnir máluðu bílinn

Ferðamenn setja nú svip sinn á mannlífið víða um land en þó með mislitríkum hætti. Fjölskyldu Sigurðar F. Kristjánssonar fylgir þó mikil litadýrð hvert sem hún fer í sínum fríum enda hafa börn hans, Kristjón og Stefanía, skreytt ferðabílinn með aðstoð vina sinna. Einnig lagði fjölskyldufaðirinn hönd á plóginn.

Blaðamaður hitti á þau þegar þau voru á ferðinni í Búðardal.

„Hann var ósköp illa útlítandi svo það var ekkert annað að gera en að kaupa pensla og málningu og hrópa svo á krakkana,“ segir Sigurður um Toyota sendibíl sinn sem hætir unga sem aldna hvar sem hann sést. „Það er ágætt þegar að maður lætur svona vitleysisgang eftir sér að gera þá eitthvað sem fólk verður vart við.“

Kristjón og Stefanía voru afar stolt af verki sínu og ekki verra að Kristjón hafði vitnisburð á bílnum um að hafa unnið félaga sinn í myllu. „Það finnst þetta öllum rosalega flott,“ segir Kristjón. Sigurður segir að víða þar sem þau komi að megi heyra krakka hrópa: „Vá, hvað þetta er flottur bíll!“ - jse



**STOLT MEÐ SKRAUTLEGAN FJÖLSKYLDUBÍL** Sigurður ökumaður situr stoltur undir stýri en listamennirnir Kristjón og Stefanía sem skreyttu bílinn eru ekkert síður stolt. Hvar sem þau koma vekur bílinn athygli krakkanna og þá er gaman hjá þeim systkinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ INNRÉTTINGAR

## SUMAR TILBOÐ!



WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans - Hnota
Verð stgr. **KR. 76.900**



WLU 06A 120x49 sm
Hvítt háglans
Verð stgr. **KR. 56.900**



WLU 151 115x48 sm
Hvítt háglans
Verð stgr. **KR. 69.900**



WLU 147 86x48 sm
Hvítt háglans - Eik - Hnota
Verð stgr. **KR. 49.900**





KW-150 146x49 sm
Hvítt háglans - Eik
Verð stgr. **KR. 72.900**



WLU 125 45x30 sm
Hvítt háglans - Eik
Verð stgr. **KR. 26.900**



WLU 126 50x40 sm
Hvítt háglans - Eik
Verð stgr.
**KR. 28.900**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## Svona erum við

> Verð á rafmagni til heimila (krónur á kílóvattstund).




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VEGABRÉF MEÐ ÖRGJÖRVA

## *Gilda skemur, en eru fljótafgreidd*

Frá 23. maí síðastliðnum hófst útgáfa nýrrar tegundar vegabréfa með örgjörva. Alþjóðasamfélagið var farið að krefjast vegabréfa með örgjörva og því þurfti að hefja slíka útgáfu til að tryggja Íslendingum viðunandi ferðafrelsi. Evrópusambandið gaf það út að öll ríki þess skyldu hefja útgáfu þessara vegabréfa og nær sú samþykkt líka yfir Ísland.

**Hvað er nýtt í rafrænu vegabréfunum?**
Í nýju vegabréfunum verður örflaga og í henni upplýsingar unnar úr stafrænni mynd af umsækjanda vegabréfsins.




Ekkert annað er varðveitt í örflögunni. Nýju vegabréfin eru dýrari í framleiðslu en eldri vegabréfin. Verðið breytist þó ekki. Hins vegar gilda nýju vegabréfin einungis í fimm ár fyrir átján ára og eldri, en þau gömlu entust í tíu ár. Afgreiðslutími mun styttast og vegabréfin verða send heim til umsækjenda.

**Hvernig sæki ég um vegabréf?**
Hægt er að sækja um vegabréf hjá sýslumönnum utan Reykjavíkur, en í Reykjavík er sótt um hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, Borgartúni 7b. Umsækjandi tekur með sér persónuskilríki með mynd, pening fyrir vegabréfinu og samþykki forráðamanna, ef með þarf. Almennt vegabréf kostar 5.100 krónur, en 10.100 ef þörf er á hraðafgreiðslu. Börn og eldri borgarar borga minna fyrir vegabréfin.

**Hvað geri ég ef ég steingleymi að fá mér vegabréf?**
Neyðarvegabréf eru gefin út ef umsækjandi getur ekki nýtt sér hraðafgreiðslu við útgáfu almenns vegabréfs, vegna tímaskorts. Neyðarvegabréf eru þó ekki ákjósanleg ferðaskilríki, þar sem þau duga ekki til langdvalar erlendis.

## SPURT & SVARAÐ
**GREIÐSLUMARK MJÓLKUR**



BALDUR HELGI BENJAMÍNSSON

## *Tekur mið af markaðnum*

Ákveðið var á dögunum að auka greiðslumark mjólkur í 116 milljónir lítra eða um fimm milljónir lítra. Baldur Helgi Benjamínsson er framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

**Hvað er greiðslumark mjólkur?**
Í raun er greiðslumark það magn mjólkur sem afurðastöðvar ábyrgjast að greiða framleiðendum fyrir, eða mjólkurkvóti landsins. Þetta er aðeins flóknara en það var því áður fylgdu beingreiðslur frá hinu opinbera magninu, ef að kvótinn jókst, jukust beingreiðslurnar líka sem gerist ekki núna. Kvótinn jókst núna um fimm milljónir lítra en beingreiðslurnar hækkuðu ekki neitt.

**Hvernig er greiðslumarkið ákveðið?**
Greiðslumarkið á að taka mið af markaðsaðstæðum hverju sinni. Ef framleitt er umfram greiðslumarkið fá bændur lítið borgað fyrir þessa síðustu lítra, því þá mjólk þarf að flytja út og fyrir hana fæst töluvert mikið lægra verð.

**Hvernig er kvótanum skipt milli bænda?**
Þetta er alveg nákvæmlega eins og með kvóta í sjávarútvegi og skiptir hlutdeild í heildinni máli. Forsagan af þessu byrjar fyrir þrjátíu árum síðan, ef ég framleiddi á árunum 1976 til 1979 eitthvað ákveðið magn gæti ég verið enn með það hlutfall. Svo hefur mjög mikið af greiðslumarkinu gengið kaupum og sölum síðan svo þetta er nú ekki alveg eins og þetta var þá.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# Búferlaflutningar fólks milli landa eru þróun, ekki ógn

**Ólöglegir innflytjendur streyma nú frá Suður-Ameríku til Bandaríkjanna og frá Afríku til Evrópu. Fólkið flýr harðan aðbúnað og gríðarlega fátækt í heimalöndum sínum og leggur gjarnan aleiguna, líf og limi í sölurnar í leit að gulli og grænum skógum. En yfirvöld fyrirheitnu landanna eru lítt hrifin af þessum ólöglegu búferlaflutningum.**



**ÓLÖGLEGT BARN** Spænskir heilbrigðisstarfsmenn taka við barni ólöglegra innflytjenda sem sigldu á bátkænu yfir Gíbraltarsund í maí í fyrra. Sextíu og tveir voru um borð í bátnum, og voru allir handteknir og sendir aftur til síns heima. NORDICPHOTOS/AFP

Sífellt berast fréttir af því að ítalska landhelgisgæslan fiski lík ólöglegra innflytjenda upp úr sjónum, spænskir landamæraverðir skjóti á hundruð Afríkubúa sem flykkjast inn í hólmlendur Spánar í Afríku, og bandaríska lögreglan handtaki fjölda Mexíkóa sem eru aðframkomnir af þorsta í eyðimörkinni í Arizona.

En þó að bæði Bandaríkin og Evrópusambandið hafi ákveðið að efla laganna vörð vegna þessa vaxandi vandamáls, þá taka sífellt fleiri undir með Frakklandsforseta og Mexíkóforseta um að iðnríki heims þurfi fyrst og fremst að breyta viðhorfum sínum.

Á fundi fulltrúa Spánar, Portúgals, Mexíkó, Rómönsku-Ameríku og landa Karíbahafsins um ólöglega innflytjendur sem haldinn var á Spáni í síðustu viku, sagði Vincente Fox, forseti Mexíkó, það vera bráðnauðsynlegt að iðnríkin færu að sjá búferlaflutning fólks milli landa sem þróun en ekki ógn.

### Evrópusambandið

Aðildarríkjum Evrópulandanna er fullljóst að þetta vandamál fer ört vaxandi.

Um helmingi fleiri ólöglegir innflytjendur hafa verið handteknir á Kanaríeyjum í ár en í fyrra, eða yfir 11.000 manns, og hafa allir lagt á sig langa og hættulega ferð yfir hafið.

Þar fyrir utan geta spænsk yfirvöld lítið aðhafst þegar innflytjendur, sem vísað hefur verið úr landi, sýna ekkert fararsnið á sér.

Gríðarlegur kostnaður fylgir því að senda ólöglega innflytjendur til síns heima á ný og er það að hluta til ástæða þess að margir þeir sem inn komast á annað borð eru að mestu látnir í friði.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur því ákveðið að koma á fót sérstökum viðbragðssveitum sem efla eiga eftirlit með straumi ólöglegra innflytjenda frá Afríku yfir Miðjarðarhafið til Spánar, Ítalíu og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins við Miðjarðarhafið.

Einnig vill framkvæmdastjórnin koma upp öflugum gagnagrunni þar sem skráðar verða bæði komur og brottfarir fólks frá öðrum löndum til og frá Evrópusambandslöndunum, svo auðveldara verði að fylgjast með farandverkamönnum og þeim sem dvelja ólöglega í löndum þeirra.

Framkvæmdastjórnin tilkynnti um þessar áætlanir eftir fund 58 evrópskra og afrískra landa um ólöglega innflytjendur, sem haldinn var fyrr í þessum mánuði.

### Bandaríkin

Málefni ólöglegra innflytjenda hafa verið gríðarlegt hitamál í Bandaríkjunum undanfarið, og hafa innflytjendur og stuðningsmenn þeirra efnt til fjölda mótmæla í vor og sumar, sem sum hafa verið meðal þeirra fjölmennustu í sögu Bandaríkjanna á síðari tímum.

Talið er að um 11,5 milljónir ólöglegra innflytjenda, langflestir mexíkóskir, séu búsettir þar í landi. Flestir þeirra starfa við landbúnað, samgöngur og í byggingariðnaðinum.

George W. Bush Bandaríkjaforseti vill herða lög um ólöglega innflytjendur og í maí ákvað hann að senda hundruði þjóðvarðaliða að mexíkósku landamærunum í þeim tilgangi að reyna að stöðva flæði fólks frá Mexíkó og inn í Bandaríkin.

Hingað til hafa innflytjendamálin verið talin vera á ábyrgð ríkisins, en undanfarið hafa 27 ríki hert lög sín gegn innflytjendum. Eru þessar breytingar afar umdeildar og segja margir þær auka á vandann, frekar en að draga úr honum, því þær erfiða þessu fólki að útvega sér læknisþjónustu, menntun og atvinnu.

Jafnframt vara hagfræðingar við því að ef öllum ólöglegum innflytjendum yrði vísað úr landi myndi það hafa ómælanleg áhrif á bandarískan efnahag. Hefur borgarstjóri New York-borgar, Michael Bloomberg, gengið svo langt að halda því fram að „efnahagur borgarinnar myndi hrynja ef þeim yrði öllum vísað úr landi“.

Hafa orð hans vakið reiði fjölmargra löglegra Bandaríkjamanna.




### Örvæntingin heima fyrir

Enn er óljóst hvort færri munu leggja á sig erfiðið og kostnaðinn við að flytja ólöglega til Evrópu og Bandaríkjanna, þó viðurlög hafi verið hert.

Nú þegar týnir ótalinn fjöldi ólöglegra innflytjenda lífi á ári hverju í leit sinni að betra lífi í iðnríkjum og fær lífsgæðakapphlaupið aðra merkingu þegar um líf og dauða er að tefla.

Enda er til mikils að vinna.

Fátæktin og eymdin heima fyrir er oft gríðarleg og er fólkinu það fullljóst að í mörgum löndum er nánast ómögulegt fyrir yfirvöld að hafa uppi á ólöglegum innflytjendum, hafi þeir á annað borð komist inn.

Þar að auki er næg atvinna fyrir ólöglega innflytjendur á Spáni, í Bandaríkjunum og í öðrum iðnríkjum, enda flestir reiðubúnir að þiggja lág laun fyrir vinnu sína og nýta margir atvinnurekendur sér það óspart.

Ein lausn á vandanum, sem sífellt fleiri benda á, er sú að stuðla að þróun efnahags Afríku.

Jacques Chirac Frakklandsforseti er einn talsmanna þessa úrræðis. Fyrr í þessum mánuði minnti hann á að um helmingur allra 950 milljóna Afríkubúa væri undir sautján ára aldri og að árið 2050 yrðu Afríkubúar orðnir tveir milljarðar talsins. Því væri það æ mikilvægara fyrir ríkari lönd heims að aðstoða heimsálfuna við að efla efnahag sinn.

„Ef við stuðlum ekki að þróun Afríku munu Afríkubúar flæða yfir heiminn,“ sagði Chirac.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Fórnarlömb hernaðaraðgerða í Líbanon eru þeir sem síst skyldi.

## Brot á almennum borgurum

Í Líbanon ríkir nú neyðarástand. Hernaðaraðgerðir Ísraelsmanna sem sagðar eru beinast gegn félögum í Hizbollah bitna fyrst og fremst á almennum borgurum. Í Líbanon hafa til dæmis mun fleiri börn fallið í valinn síðustu daga en Hizbollah-félagar. Fyrir helgi kom fram á heimasíðu UNICEF að hvorki meira né minna en þriðjungur fallinna í Líbanon væru börn. Þegar eru á fjórða hundrað almennir borgarar látnir í Líbanon en 11 Hizbollah-félagar og 20 hermenn. Mannfall hefur einnig orðið meðal Ísraelsmanna, 19 hermenn og 17 almennir borgarar samkvæmt tölum í gær, þar af eru að minnsta kosti þrjú börn.

Auk látinna hafa fjölmargir særst. Líbanar sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna árásanna skipta hundruðum þúsunda. Árásum hefur ekki síst verið beint að samgöngumannvirkjum sem gerir neyð hinna heimilislausu enn meiri því ekki aðeins hafa þeir verið hraktir frá heimilum sínum heldur komast þeir ekki í burtu. Nú er talið að um ein milljón manna í Líbanon þurfi á neyðaraðstoð að halda og yfirmaður neyðarhjálpar Sameinuðu þjóðanna segir að loftárásir Ísraelsmanna séu mannréttindabrot. Í norðurhluta Ísraels hafa almennir borgarar einnig særst í árásum Hizbollah-liða auk þess sem mikið eignatjón hefur orðið.

Líbanar hafa unnið hörðum höndum að uppbyggingu frá því að borgarastyrjöldinni þar í landi lauk fyrir um sex árum. Uppbyggingin hefur ekki síst átt sér stað á sviði ferðamannaiðnaðar sem nú nemur um 15 prósentum af landsframleiðslu Líbana og hafði vaxið um 50 prósent á fyrri helmingi þessa árs. Beirút var að endurheimta sitt fyrra aðdráttarafl og þangað voru ferðamenn farnir að streyma eftir áratuga hlé. Fjöldamargir Líbanar hafa lagt allt sem þeir áttu í að svara þörfinni fyrir margvíslegri þjónustu fyrir þennan ört stækkandi hópi ferðamanna. Ef ekki horfir til friðar á allra næstu dögum stefnir í að þessi uppbygging sé að engu orðin.

*Fyrir hálfum mánuði stóð uppbygging samfélagsins í blóma í Líbanon. Nú hefur Alþjóða Rauði krossinn lýst yfir neyðarástandi þar.*

Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hefur farið fram á skilyrðislaust vopnahlé en svo virðist sem hann hafi ekki stuðning Bandaríkjamanna og Breta í þeim efnum. Condoleezza Rice var í Beirút í gær og verður í Ísrael í dag. Hún hefur sagt að koma verði á vopnahléi hið fyrsta en með tilteknum skilyrðum sem því miður gefa litla ástæðu til bjartsýni.

Árásir Ísraelsmanna á Líbanon sem sagðar eru hafa þann tilgang að afvopna Hizbollah bitna fyrst og fremst á almennum borgurum og ef fram heldur sem horfir mun það leysa upp það jafnvægi sem smám saman var að komast á í Líbanon. Hætt er við að árás Ísraelsmanna muni fremur efla hina herskáu í Hizbollah-hreyfingunni en brjóta þá á bak aftur. Fyrir hálfum mánuði stóð uppbygging samfélagsins í blóma í Líbanon. Nú hefur Alþjóða Rauði krossinn lýst yfir neyðarástandi þar.

Alþjóðasamfélagið verður að rísa upp og hafna þessum árásum á almenna borgara. Tjónið er þegar orðið óbætanlegt og þessu stríði verður að ljúka áður en enn frekari skörð verða höggvin í raðir almennra borgara og uppbyggingu samfélagsins í Líbanon.


ÍÞRÓTTA-
OG LEIKJANÁMSKEIÐ
ITH

verður með áframhaldandi námskeið í gamla Lækjarskólanum á móti Hamrinum dagana 1. - 11. ágúst.

Aldurinn er 7 - 9 ára fyrir stúlkur og stráka.
Innritun fer fram þriðjudaginn 1. ágúst á staðnum.
Vikan (1/2 dagur) kostar 1.500.- kr. og allur dagurinn 3.000.- kr. og veittur verður 50% systkinaafsláttur.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vinnuskólans í síma 5651899.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Lokað!**
Skrifstofur og stofnanir eru margar hverjar lokaðar nú yfir hásumartímann og starfsfólk þá vonandi að sleikja sólina þar sem það er hægt. Meðal annars er lokað á Jafnréttisstofu, hjá Bændasamtökunum, Samtökum atvinnulífsins, Öryrkjabandalaginu, Samtökum iðnaðarins, Sjálfstæðisflokknum, Samtökum verslunar og þjónustu, Háskólanum á Akureyri og Samiðn. Þá er lágmarksþjónusta veitt á sumum stöðum, til dæmis hjá VR og Háskóla Íslands. Íbúðalánasjóður lét sér þó duga að loka í hádeginu á fimmtudag og hefur Guðmundur Bjarnason framkvæmdastjóri vonandi splæst í ís á línuna.



**Bæjarstjórafrú**
„Maður er orðinn bæjarstjórafrú. Grímur bæjarstjóri í Bolungavík og þetta er alveg hrikalega spennandi tækifæri sem við fáum," segir Helga Vala Helgadóttir á heimasíðu sinni. Maðurinn hennar, Grímur Atlason, var um daginn ráðinn bæjarstjóri á Bolungarvík. En það er ekki einfalt fyrir fjölskyldu í Reykjavík að flytja alla leið vestur á firði. Börnin eru auðvitað að sinna sínum vinum og verkefnum fyrir sunnan. Sjálf er Helga Vala í laganámi í Háskólanum í Reykjavík. „Næsta önn ku vera með þeim strembnari. Ég þarf að hitta Þórð forseta eftir helgi og komast að því hvort fjarnám er inni í myndinni. Annars ku Þorgerður Katrín hafa tekið sitt lagapróf frá Þýskalandi. Kannski fæ ég að taka mitt frá Bolungavík."



**Flóttamannavandamál**
„Staðan í Líbanon var rædd á fundi dóms- og innanríkisráðherra Schengen-ríkjanna í Brussel mánudaginn 24. júlí, ekki síst með vísan til þeirra, sem hafa flúið frá Líbanon til Kýpur, sem er innan Schengen," sagði Björn Bjarnason á heimasíðu sinni í gær. „Þar munu vera um 50.000 manns frá svonefndum þriðju ríkjum, það er ríkjum utan Schengen. Á hinn bóginn er ekki litið þannig á, að um beint flóttamannavandamál sé að ræða vegna stríðsins í Líbanon – þar hafi um hálf milljón manna flust búferlum innan ríkisins en ekki flúið til annarra landa." **bjorn@frettabladid.is / bjorgvin@frettabladid.is**

## Einu sinni var...

Í DAG
SAGNAMENNSKA



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

„Einu sinni var ..." Þannig byrja mörg ævintýri og byrjunin ein vekur eftirvæntingu í huga okkar og ljúfar minningar um sögur sem okkur voru sagðar í æsku. Við erum söguþjóð og flestir njóta þess að segja og hlusta á sögur. Þessa dagana og vikurnar eru flestir í sumarfríi og fjölmargir á ferð um landið. Alls staðar er að finna sögusvið margra ævintýra og þjóðsagna að ógleymdum Íslendingasögunum sjálfum. Í þeim er fjallað um merkar persónur og atburðir verða ljóslifandi í réttu umhverfi. Í þjóðsögum er fjallað um tröll og huldufólk, marbendla og drauga svo nokkuð sé nefnt. Með því að segja börnum okkar sögur á ferðalögum um landið kynnum við þeim sagnaarf þjóðarinnar og festum örnefni og landslag betur í minni þeirra en ella.

Nýlega átti ég samtal við tólf ára pilt. Þetta er fjörugur og kátur drengur sem lætur sér detta ýmislegt í hug en samræðuefni okkar í þetta sinnið voru Íslendingasögurnar. Hann hefur notið þess í mörg ár að hlusta á þær lesnar á ferðum um landið með foreldrum sínum. Fyrir vikið þekkir hann allmargar þeirra mjög vel, þar á meðal söguþráð og sögupersónur Egils sögu og Njálu, Hrafnkels sögu og Grettis sögu svo nokkuð sé nefnt. Aðspurður taldi hann sögurnar af Gretti skemmtilegastar enda ber þar margt við sem áhugavert hlýtur að teljast í huga barna og unglinga. Íslendingasögurnar þykja öfundsverður arfur í augum annarra þjóða og því sjálfsagt að kynna þær börnum okkar sem best. Þannig verða þær þeim aðgengilegar alla þeirra ævi og þegar unglingarnir fara að lesa þær sem námsefni í skólum verða þær um leið áhugaverðar og skemmtilegar minningar frá sumarfríum með fjölskyldunni.

*Falleg náttúra tapar stórum hluta gildis síns ef við eigum ekki orðin til að lýsa henni eða glötum skilningi á lýsingum forfeðra okkar, jafnt í bundnu máli sem óbundnu.*

Lagarfljótsormurinn, Bergþór risi í Bláfelli, Galdra-Loftur og hvalurinn í Hvalfirði eru aðeins örfá dæmi um áhugaverðar og skemmtilegar þjóðsögur sem hægur vandi er að búa úr garði við hæfi hvers aldurshóps. Með slíkum sögum fá börnin meiri áhuga fyrir umhverfi sínu en ella og það er ólíkt skemmtilegra að horfa út um bílgluggann og staðsetja sögur í umhverfinu en sitja í tölvuleikjum. Þar að auki dregur þetta úr hættu á bílveiki þar sem hún er fyrir hendi. Sögurnar eru aðgengilegar, bæði á bókasöfnum í ýmsum útgáfum og víða á netinu. Það er því flestum fært að útvega sér sagnaefni fyrir sumarfríið. Margsinnis hefur verið sýnt fram á að það virkjar ímyndunarafl barna meira að lesa og hlusta á sögur en horfa á þær myndgerðar. Hlustun og lestur gefur barninu svigrúm til að skapa útlit sögupersóna að verulegu leyti og sviðsetja atburði í eigin umhverfi. Þar skapar hver lesandi og hver hlustandi sitt sögusvið á meðan myndgerðar sögur skilja lítið eftir fyrir ímyndunaraflið.

Afdrifaríkar ákvarðanir um nýtingu náttúrunnar hafa verið umdeildar á undanförnum misserum og mörgum þykir við setja okkur sjálf í öndvegi og skammtímahagsmuni ofar öðrum. Reyndar er erfitt fyrir okkur að meta í dag hvað kemur komandi kynslóðum best þegar kemur að stærsta deilumálinu hérlendis; virkjanamálum. Hver og einn kemst að niðurstöðu í því máli og byggir hana væntanlega á því sem hann telur réttast. Vonandi sýnir saga framtíðarinnar að fórnirnar nú verði þess virði. En ekkert getur réttlætt kæruleysi í meðferð menningar okkar, hvort sem við ræðum þar um tungumálið eða bókmenntirnar. Með frásögnum og lestri varðveitum við ekki aðeins sagnaarfinn heldur einnig tungumálið og þar höfum við skyldum að gegna. Falleg náttúra tapar stórum hluta gildis síns ef við eigum ekki orðin til að lýsa henni eða glötum skilningi á lýsingum forfeðra okkar, jafnt í bundnu máli sem óbundnu. Tungumálið er nauðsynlegt til að varðveita sögur og sagnir, örnefni og skilning á náttúru. Þess vegna eru þær fjölmörgu sögur og sagnir sem við eigum svo frábært verkfæri til að slá margar flugur í einu höggi; efla málvitund og málskilning, styrkja þjóðmenningu í sessi og auka skilning og ást á umhverfi og náttúru.

Hvergi er betra að segja sögurnar en einmitt á vettvangi, þar sem allt verður ljóslifandi. Gísla saga Súrssonar á heima á Vestfjörðum, Hrafnkels saga á Fljótsdalshéraði, Bergþór risi á heima í Bláfelli og undir Skógafossi er gullkista. Af nógu er að taka og engum þarf að leiðast í ferðalaginu. ■


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## PRÍLAÐ Á KLIFURVEGGJUM

Klifurfélag Reykjavíkur rekur Klifurhúsið þar sem hægt er að læra að klifra á veggjum þöktum fót- og handfestum.

HEILSA 2



## HLÚÐ AÐ FORELDRUM

Foreldrar krabbameinssjúkra barna þjást af miklu álagi og kvíða.

HEILSA 2



## ALLT HITT

**[HEILSA]**



**Áfengisneysla** óléttra kvenna hefur verið til umræðu í Danmörku. Talið er að um 400 börn fæðist þar árlega með skaðleg einkenni sem rakin eru til áfengisneyslu móður á meðgöngu, þar af um 70 til 100 börn með alvarleg einkenni. Um 80 prósent danskra kvenna drekka áfengi einhvern tímann á meðgöngu sinni.

**Heilbrigðisráðherra** og félagsmálaráðherra skrifuðu undir samning við einkafyrirtækið Ný leið um aukin úrræði í meðferðarstarfi fyrir ungt fólk með geðraskanir og áhættusama hegðun. Verkefnið er tilraunaverkefni til tveggja ára en á því tímabili veita ráðuneytin tvö samtals 16 milljónum króna til þess.

**Bill** og Melinda Gates hafa ákveðið að gefa 22 milljarða íslenskra króna til alnæmisrannsókna í þeirri von að hægt verði að finna bóluefni gegn HIV-veirunni. Talið er að um 40 milljónir manna séu smitaðar af alnæmisveirunni. Styrkirnir koma úr 16 sjóðum og er þeim deilt á 165 vísindamenn í 19 löndum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 25. júlí, 206. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.11 | 13.34 | 22.55 |
| Akureyri | 3.34 | 13.19 | 23.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigríður hvetur sem flesta til að kynna sér rope jóga, sem hún mun kenna alla virka daga í Fagralundi við Furugrund í Kópavogi í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Spennulosandi og vaxtarmótandi jóga

***Sigríður Guðjohnsen jógakennari segir rope jóga gott meðal fyrir líkama og sál.***

„Áhuginn fyrir þessu kviknaði þegar ég sá viðtal við Guðna Gunnarsson, hugmyndasmið rope jóga, hjá Gísla Marteini árið 2003,“ útskýrir Sigríður og bætir við að hún sé enginn nýgræðingur þar sem hún hafi áður kennt hatha jóga.

Sigríður segir mjúku hreyfingarnar fyrst hafa heillað sig við rope jóga. „Líkamsþjálfunin er einstaklega góð vegna samstilltrar öndunar og hreyfingar. Maður andar inn í hverja æfingu og kviðurinn, sem er miðja líkamans, styrkist. Öndunin losar spennu úr líkamanum og kemur á meira andlegu jafnvægi. Við það má bæta að fólk er hvatt til að taka ábyrgð á sjálfu sér og sættast við sjálft sig, en ekki vera fórnarlamb í lífinu.“

Sigríður segir að þvert gegn því sem fólk haldi sé rope jóga vaxtarmótandi. „Ég hef séð árangurinn með því að mæla fólk sem kemur á námskeið hjá mér. Að átta vikum liðnum hefur það minnkað nokkuð í ummáli, eða um á bilinu 25 til 30 sentimetra, og mest yfir magann. Ég finn mikinn mun á sjálfri mér eftir ég fór út í þetta. Rope jóga er bæði fyrir vel og illa þjálfað fólk, enda mætir maður rope jóga þar sem maður er staddur.“

Sigríður var búin að kenna dans, líkamsrækt og einkaþjálfun í 27 ár þegar hún fór að ástunda rope jóga og segir töluverðan mun þar á. „Eins og ég segi er verið að rækta efni og anda í jóga. Í þolfimi, líkamsrækt og öðru púli er aftur á móti oft verið að hlaða spennu upp í líkamanum, þótt sumum finnist þeir upplifa hálfgert spennufall eftir að hafa hamast eins og brjálæðingar. Mér finnst svoleiðis ofbeldi á líkamanum tilgangslaust.“

*roald@frettabladid.is*

# Skaðlegir heyrn

HÆTTA ER TALIN Á ÞVÍ AÐ IPOD-KYNSLÓÐIN Í BRETLANDI VERÐI HEYRNARLAUS.



Aukin notkun ipoda og mp3 spilara vekur áhyggjur í Bretlandi þar sem neytendur gera sér ekki grein fyrir skaðanum af hátt spilaðri tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

Nýlega var gerð könnun á vegum fyrirtækis í Bretlandi, sem sérhæfir sig í rannsóknum á heyrnarleysi, til að kanna áhrif notkunar ipoda og mp3-spilara á heyrn fólks.
Niðurstöðurnar leiddu í ljós að ef ipod-kynslóðin breytir ekki lífsmynstri sínu á hún á hættu að verða heyrnarlaus.
Meðal þess sem kemur fram í niðurstöðunum er að þriðjungur fólks sem á mp3-spilara notar tækin í allt að 28 klukkustundir á viku og mikill fjöldi þeirra veit ekki að hávær tónlist skaðar heyrn en tæplega 40 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni vissu ekki um skaðsemi háværrar tónlistar.
Tæki á borð við ipod og mp3-spilara hafa verið gagnrýnd þar sem notandinn getur stillt tónlistina svo hátt að skaði getur hlotist af. Auk þess eyða ungmenni sífellt meiri tíma á skemmtistöðum þar sem hávaði tónlistar er oft við hættumörk. Bent er á að allir þessir þættir geti leitt til heyrnarskaða eða jafnvel heyrnarleysis.



**Nú er sannkölluð grænmetistíð** Íslenska grænmetið liggur ferskt og gott í búðarhillunum og er því tilvalið nasl á milli mála.














# Prílað á klifurveggjum

*Í Skútuvogi 1G er að finna veggi þakta litlum fót- og handfestum. Þar rekur Klifurfélag Reykjavíkur Klifurhúsið.*



Hjalti klifrar ekki einungis hérlendis heldur eyðir hann löngum stundum við þá iðju í Frakklandi, Bretlandi og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjalti Rafn Guðmundsson er rekstrarstjóri Klifurhússins og mikill prílari sjálfur. „Ég byrjaði fyrir 15 árum og hef ekki hætt síðan,“ segir Hjalti. Hann segir aðsóknina í Klifurhúsið góða og að hún sé alltaf að aukast frá því húsið var opnað fyrir fjórum árum. „Húsið er 300 fermetrar og fullt af bröttum grjótklifurveggjum. Þú ert ekki í línu en mjúkar dýnur taka af þér fallið,“ segir Hjalti. „Það eru 160 manns skráðir í félagið en mun fleiri koma í heimsókn og klifra.“

Til eru ýmsar gerðir klettaklifurs. Sportklifur er hvað vinsælast en þá eru stuttar vegalengdir klifraðar af eigin rammleik og helst ekki farið lengra en 30 metra í senn. Búið er að koma festingum fyrir í berginu sem klifrari tryggir línuna í svo fyllsta öryggis sé gætt.

Grjótglíma er önnur vinsæl klifuraðferð og þá er klifrað í stórum hnullungum sem reyna mikið á tilfinningu klifrara fyrir hreyfingum í klettum. Þegar klifrað er með allan búnað meðferðis og klifrarinn sér sjálfur um allar festingar og línur er það hins vegar kallað því skemmtilega nafni dótaklifur. „Flestir stunda allar gerðir af klifri enda er þetta svo ótrúlega skemmtilegt,“ segir Hjalti.

Það kostar litla fyrirhöfn að byrja. Í Klifurhúsinu þarf engan sérstakan búnað en óski menn þess er hægt að fá leigða klifurskó. Reglulega eru haldin námskeið þar sem farið er í grundvallaratriðin en að sögn Hjalta kemst fólk fljótt upp á lagið og fer að klifra án leiðbeininga. Einnig er boðið upp á barnanámskeið fyrir 8 til 16 ára börn og unglinga þar sem allir kennarar eru reyndir klettaklifrarar.

Sumarið á Íslandi er stutt en vel nýtt af Klifurfélagi Reykjavíkur. Marga góða klifurstaði er að finna hérlendis og því stendur félagið fyrir námskeiðum utandyra. Námskeiðin eru þannig upp byggð að eitt undirbúningskvöld er í Klifurhúsinu og tvö kvöld í klettum í nágrenni borgarinnar, nánar tiltekið í Valshamri. Megináhersla er lögð á að klifra, en einnig er farið í gegnum þá línuvinnu sem nauðsynlegt er að kunna skil á, svo sem öryggishnúta, tryggingatækni, sigtækni, tækni við leiðslu og ofanvaðsklifur. Námskeiðin kostar 9.000 krónur og fer skráning fram í gegnum tölvupóst á hjalti@klifurhusid.is.

Nánari upplýsingar um Klifurhúsið og opnunartíma má finna á www.klifurhusid.is.

tryggvi@frettabladid.is



## Persona.is

EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Hlúð að foreldrum krabbameinssjúkra barna

Mikilvægi þess að hlúa vel að andlegri og líkamlegri heilsu foreldra krabbameinssjúkra barna virðist augljóst. Engu að síður er ekki fyrr en á allra síðustu árum að hálfgerð vitundarvakning hefur átt sér stað þegar kemur að því að rannsaka þessa þætti. Svíar eru nokkuð framarlega í rannsóknum á svokölluðum sálfélagslegum þáttum hjá foreldrum krabbameinssjúkra barna. Niðurstöður rannsóknar eftir Krister Boman o.fl., sem birtist í tímaritinu Acta Oncologica (2003), sýndu að foreldrar krabbameinssjúkra barna þjást af miklu álagi og kvíða vegna þeirrar langvarandi streitu sem því fylgir að annast krabbameinssjúkt barn.

Hátt í 300 foreldrar krabbameinssjúkra barna tóku þátt í þessari rannsókn og svöruðu spurningarlista þar sem áhersla var lögð á ellefu mismunandi álagsþætti, sem annars vegar tengdust sérstaklega veikindum barnsins og hins vegar meira almennum hlutum sem ýtt geta undir álag. Þessir þættir voru t.d. tilfinningin um að hafa misst stjórn á eigin lífi, sjálfsmat, kvíði, depurð og þunglyndi, svefnörðugleikar, og annað andlegt og líkamlegt álag. Niðurstöðurnar sýndu að streitu/álags- og kvíðaeinkenni foreldra minnkuðu eftir því sem lengri tími var liðinn frá greiningu barnsins.

Engu að síður mátti sjá að kvíði og álag, sem tengdist sjúkdómi barnsins, var enn til staðar jafnvel mörgum árum eftir að læknisfræðilegri meðferð var lokið. Eftir um það bil tíu ár frá greiningu barns hafði streitustuðull flestra foreldra nálgast samskonar stuðul foreldra sem ekki höfðu annast langveik börn.

Þrátt fyrir þetta voru einstaklingar í foreldrahópnum sem enn fundu fyrir auknum kvíða og streitu tíu til fimmtán árum eftir greiningu barnsins. Hjá þessum foreldrum voru það fyrst og fremst áhyggjur í sambandi við framtíð barnsins, en einnig var mikil hræðsla til staðar sem tengdist beint upprunalega sjúkdómnum. Til dæmis spurðu margir foreldrar sig hvort sjúkdómurinn myndi taka sig upp aftur, þrátt fyrir að barnið væri orðið „frískt“, og einnig veltu margir því fyrir sér hvort sjúkdómurinn og meðferðin við honum myndi hafa áhrif á barnið þegar það yrði fullorðið.

Þessi andlegu viðbrögð, hjá hluta foreldra krabbameinssjúkra barna, er hægt að bera saman við viðbrögð sem yfirleitt koma í kjölfarið hjá einstaklingum sem verða fyrir mjög erfiðri upplifun eða lenda í alvarlegum slysum. Þessir foreldrar bera með sér sömu einkenni og þeir sem fá svokallaða áfallastreituröskun, en einkenni þessarar röskunar eru meðal annars mjög sterkar og „uppáþrengjandi“ myndrænar upplifanir sem tengjast sjúkdómsgreiningunni og veikindatímabili barnsins, mikill kvíði, og svefntruflanir.

Þessar niðurstöður sýna að brýn þörf er á frekari rannsóknum til þess að geta betur „skilgreint“ þá foreldra sem eru í sérstökum áhættuhópi að þróa með sér mjög skaðleg einkenni vegna þess langvarandi álags og streitu sem því fylgir að annast barn með krabbamein.










# Ráðist gegn offitu barna

***Ríkisstjórn Ástralíu hefur ákveðið að taka á offituvandanum en fjórðungur ástralskra barna er of þungur.***

4.000 börn um alla Ástralíu taka nú þátt í heilsufarskönnun að því er fram kemur á fréttavef Yahoo. Þetta er hluti af áætlun ríkisins um að ráðast gegn offitu barna.

Um fjórðungur ástralskra barna á aldrinum sjö til fimmtán ára á við yfirþyngd eða offitu að stríða og hefur tíðni hjarta- og æðasjúkdóma sem og sykursýki af tegund tvö aukist hjá þeim. Enn fremur eiga 62 prósent fullorðinna karla og 45 prósent kvenna við yfirþyngd eða offitu að stríða og er þessi tala 10 prósentum hærri en fyrir tíu árum.

Ástralski heilbrigðismálaráðherrann Tony Abbott sagði heilsufarskönnunina vera stærstu úttekt á heilbrigði ástralskra ungmenna í meira en áratug. „Það er mikilvægt hlutverk ríkisstjórnarinnar að aðstoða neytendur við að vera upplýstir og taka meðvitaðar ákvarðanir um lífsstíl sinn, sér í lagi hvað varðar matinn sem þeir borða. Ríkisstjórnin vill styðja við, hvetja og upplýsa Ástrala svo að þeir lifi heilbrigðu lífi, ekki að stjórna þeim eða banna.“

Niðurstöður könnunarinnar, sem kosta munu ríkið 2,2 milljónir bandaríkjadali, liggja fyrir á næsta ári.



Ríkisstjórn Ástralíu vill kenna og hvetja börn til að velja hollari fæðu og hreyfa sig meira.


ENGLAKROPPAR

*Ertu orðin leið á að vera með appelsínuhúð, slit og slappa húð?*

*Komdu þá til okkar, það virkar!*

*Pantaðu fríann prufutíma í síma 587-3750*

*Englakroppar.is*
*Stórhöfði 17*





www.canderel.is





Léttar, sykurlausar uppskriftir og fróðleikur

CANDEREL






Naturtint
- Með náttúrulegu PH
- Með virkum jurtaextröktum
- Fyrir dökkt og ljóst hár

Einnig hárnæring, hárlitir, o.fl.

Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570






allt matur
Alla föstudaga

## Dýrahald



Dísa er 2 ára handmataður Blue Front Amazon sem óskar eftir heimili hjá fuglafólki sem er vant stórum fuglum. Hún kostar 180.000 kr og með henni fylgja tvö búr og eitt ferðabúr. Áhugasamir hafið samband á trembling_shiva@hotmail.com



Ættbókfærð og heilsufarskoðuð Boxer tík til sölu, tilbún til afhendingar strax. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606.

15% afsláttur á búrum og hvolpagrindum. Dýrabær Smáralind, s. 554 3063.

1 árs blanda af labrador og grænlenskum sleða hundi til sölu 15 þús. Uppl. í síma 896 1771.

1 fallegur kettlingur, 8 vikna gamall, fæst gefins til góðra einstaklinga. Uppl. í s. 617 6217.

Hreinræktaðir Labrodor hvolpar til sölu. Hafa mikið umgengst fólk og eru duglegir að læra. Eldri systkini eru miklir veiðihundar. Uppl. í s. 847 3843.

Gefins páfagaukur (gári). Uppl. í s. 820 4167.

12 vikna kettlingar undan hálfpersneskri mömmu fást gefins. Uppl. í s. 861 9559.

Svartur og hvítur kettlingur fæst gefins, læða. S. 824 2603.

1 lítill 12 vikna kettlingur fæst gefins. Doppóttur, svartur og hvítur. Uppl. í s. 847 4682.

## Ýmislegt




Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykkt beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrítt fitting fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

Epson skjávarpar fyrir heimili og fyrirtæki. Verð frá 86.990 kr. Heildsala Hans Petersen. Sími 696 7509.

Grand Hall grill fyrir matgæðinga. Ryðfrí gæðagrill. Heildsala Hans Petersen. Sími 696 7509.



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Bátafjör, Bakkaflöt- www.riverrafting.is, sími 453 8099.

## Fyrir veiðimenn










## Gisting

Við bjóðum upp á ódýra og góða sumargistingu 10 mín. frá miðbæ København, +45 2515 5651.

**Gisting á Spáni**
Íbúð til leigu í Barcelona central, Playja de Aro Mahon, Menorca. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Ýmislegt



Sparið! Þessir golfvagnar verða seldir næstu daga á aðeins 45.000. Verð áður 119.000 Uppl. í síma 867 7866.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Langtímaleiga! 2 herb. íbúð til leigu á svæði 109 frá og með 1 águ. Uppl. í s. 845 6913. e.kl. 18.

Herbergi í Vesturbænum til leigu með aðg. að WC og eldhúsi á 20 þús. 1 mán. fyrirfram. Snyrtimennska skilyrði. S. 696 1375.

## Húsnæði óskast

Tveir karlmenn óska eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Greiðslugeta 60-100 þús. S. 865 7007.

Tvær stelpur á þrítugsaldri óska eftir 2 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Greiðslugeta allt að 70 þús. S. 849 8184.

Rólegur, reyklaus og reglusamur maður óskar eftri lítilli íbúð á sanngjörnu verði. S. 863 8773.

Ungt par óskar eftir 2-3 herb. húsnæði á höfuðborgarsv. greiðslugeta 50-80 þús. Reykleysi og reglusemi heitið. Uppl. í s. 662 4301 & 699 8529.

3 Herb. íbúð óskast á sv. 101 eða 107. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 846 4418 Herdís.

20 stelpa óskar eftir herb. eða lítill 2 herb. íb. á sv. 101. S. 849 0882.

2-3 herb. + íbúð á höfuðborgarsvæðinu (m. húsgögnum) óskast strax. Sími 863 7909 netfang: bergsveinn.birgisson@nor.uib.no

Góð íbúð óskast á leigu, ekki undir 70m2. Meðmæli, greiðsluþj. S. 562 0063.

Helgarpabba vantar íbúð! 40 ára gömlum húsasmið vantar 3 herb. íbúð á rólegum stað með að minnsta kosti 2 svefnherb. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 848 5466, Brynjar.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## ÞJÓNUSTA




## HEIMILIÐ




## TIL SÖLU










**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!
*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## Húsnæði til sölu

**Til sölu eða meðeigand óskast.**
Til sölu trésmíðaverkstæði eða meðeigandi óskast.
**Uppl. gefur Gunnar í síma 845 9849.**

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp. NORM - X S. 565 8899 www.normx.is




## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Til leigu nýuppgerðar og fullbúnar íbúðir í hjarta Akureyrar. Íbúðirnar leigjast til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í 820 7080, Vignir.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**AMERICAN STYLE í SKIPHOLTI**
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktavinnu í sal og á grilli. Ef þú vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað þá ertu komin/n á réttan stað. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu **Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 9:00-17:00**

Snæland Video Rvk., Kóp., Hafn. óska eftir fólki í dagvinnu, vaktavinnu eða kvöld- og helgar starf. Áhugasamir hringi í 693 3777, Pétur eða petursma@isl.is

**Vantar þig góðar aukatekjur?**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu. Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna Leitum af fólki á besta aldri! Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra frá þér! **Tímaritaútgáfan Fróði ehf, Höfðabakka 9, 110 Rvk. Anna Sigurðardóttir S. 515 5552 /annasig@frodi.is**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast. Aldur 30+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Atvinna í boði á hárstofu**
Vantar svein í vinnu strax á stofu í miðbæ Reykjavíkur sem fyrst.
**Uppl. hefur Tóta í síma 847 7690 eða í síma 551 3130.**

**Veitingahús**
Starfskraftur óskast í ca 80% vinnu, 20 dagar í mán. frá 12-19 og 8 dagar frá 7-14. Þarf að byrja 1. eða 8. ágúst.
**Upplýsingar í s. 843 9950.**

**Lagerstarf og vörumeðhöndlun**
Hýsing-Vöruhótel óskar eftir starfskrafti í meðhöndlun á sérvöru. Um er að ræða talningu, flokkun, merkingu og meðhöndlun á fatnaði, skóm, leikföngum og búsáhöldum. Vinnutími er frá 08.00 -16.30. Einnig vantar okkur fólk í hefðbundinn lagerstörf.
**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Oddgeirsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5683.**

**Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Stórhöfða.**
Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Góðir tekjumöguleikar, ekki yngri enn 18 ára. Upplýsingar í síma 822 8867
**Upplýsingar í síma 822 8867 eða á staðnum.**

**Red Chili**
Óskum eftir grillurum á Red Chili veitingastaðina. Reynsla æskileg. Vaktarvinna. Skemmtilegur og líflegur veitingarstaður.
**Uppl. gefur Helgi og Þröstur í síma 660 1855 & 820 4381 og á redchili@redchili.is**

**NK Kaffi auglýsir**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í uppvask og sal. Fullt starf og helgarstörf.
**Upplýsingar í NK kaffi kringlunni og í s. 568 9040**

**Bakaríið Kornið**
Kornið Bakarí óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Einnig vantar fólk hálfan daginn. Hentar fólki á öllum aldri. Upplýsingar í síma 864 1585 - Dagbjartur eða á kornid.is

**Múrarar, byggingaverka**
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig bygginaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari

Leitum að hressu sölufólki 2-5 kvöld í viku. Aðalhæfniskröfur eru hressleiki og jákvætt viðhorf. Mjög góðar tekjur fyrir réttan aðila. inga@hressingar.is

Starfskraftur óskast .Vinnutími 12-16. Uppl. í síma 561 9444. 4 O Dot laugavegi 100.

Viltu sjá árangur í starfi! Eigum laus störf við ræstingar á Höfuðborgarsvæðinu, afkastakvetjandi laun. Uppl. í síma 581 4000.




## ATVINNA

# Starfsfólk óskast
*afgreiðslustörf*

**Nettó í Mjódd óskar eftir að ráða starfsfólk í 100% afgreiðslustörf.**

Leitað er að samviskusömum einstaklingum sem eru fljótir að læra og kurteisir í viðmóti. Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 10 - 19.

Allan nánari upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík

Nettó er reyklaus vinnustaður

**allt í matinn á einum stað**
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó



kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

*Furðufiskar ehf. reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni.*

## *Leitum eftir manneskju til að vera yfir og sjá um Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni.*

*Starfssvið:*

- *Innkaup og pantanir*
- *Starfsmannahald/mönnun vakta*
- *Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum*
- *Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði*

*Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð eða séu fagmenntaðir. Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.*

***Furðufiskar ehf***
*Fiskislóð 81a,101 Reykjavík*

# Aðstoðarfjármálastjóri óskast



Atlantsolía var stofnað á vormánuðum 2002 og hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur 8 bensínstöðvar ásamt því að veita verktökum og skipaútgerðum eldsneytisþjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa 16 manns. Atlantsolía er eina íslenska olíufyrirtækið sem býður upp á Dælulykla.

Fyrirtækið leitar að metnaðarfullum starfskrafti til að taka þátt í uppbyggingu á ört vaxandi fyrirtæki.

**Í starfinu felst:**

- Vinna við bókhald, afstemmingar og innheimtu
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun:**

- Viðskiptafræði eða sambærileg menntun

Mikilvægt er að umsækjandi hafi alhliða þekkingu og kunnáttu á bókhaldi auk góðrar tölvukunnáttu. Áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæði í starfi, ríka þjónustulund, góða samskiptahæfileika, heiðarleika og samviskusemi.

Umsóknarfrestur er til og með 3. ágúst. Umsóknir sendist til Alberts Þórs Magnússonar, framkvæmdastjóra, albert@atlantsolia.is sími: 591-3133 eða 825-3133. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Atlantsolía er reyklaus vinnustaður.

ATLANTSOLIA
Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

pipar / SÍA

**Smiðir**
Óskum eftir smiðum eða mönnum vönum byggingarvinnu. Uppl. í s. 699 8128, MG hús.

**Atvinna atvinna**
Vantar deildarstjóra hjá Rúmfatalagernum í Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

Starfsmaður óskast á vörubíl með krana. Þarf að hafa meirapróf og vinnuvélaréttindi. Áhugasamir hafa samband í s. 698 2520.

Starfsmaður óskast á trailer bíl. Þarf að hafa meirapróf. áhugasamir hafa samband í 698 2520.

Duglegan starfkraft vantar í beðavinnu strax. Þarf að hafa bíl til umráða. S. 824 1238.

**Bakari Ísafjörður**
Óska eftir bakara sem allra fyrst. Uppl. gefur Sævar í s. 896 2846.

## Atvinna óskast

Tveir karlmenn á þrítugsaldri óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. S. 865 7007.

Starfsfólk frá Lettlandi. S.845 7158.

## Viðskiptatækifæri

**Splunkunýtt viðskiptatækifæri**
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




**Spenna, hraði, útrás, adrenalín, þvingun, hræðsla, endir.**

**Allt þetta býð ég mínum skjólstæðingum. Mr. X x@gegndrepa.is**

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Hefur þú farið á stefnumót nýlega? www.stefnumot.is

Blíður 68 ára karlmaður leitar að ferðafélaga og dans konu. Svar berist FBL, Skaftahlíð 24 merkt "Kaffihús"




**TANTRA**
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS







**Neglur & List**

**Starfsfólk óskast!**
Óskum eftir reglusömum, stundvísum og áhugasömum einstaklingum í eftirtalin störf.
• Naglafræðinga, nuddara og fótaaðgerðafræðing í bæði fullt starf og hlutastarf.
• Afgreiðsla 100% starf.
Áhugasamir geta sótt um störfin í gegnum www.negluroglist.is
Neglur og List - Grensásvegi 12 - Sími 553 4420



**EIGNAMIÐLUN**
Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

## SELTJARNARNES

ÍBÚÐ ÓSKAST TIL LEIGU

Höfum verið beðin að útvega traustum aðila 2-4 herb. íbúð á Seltjarnarnesi til leigu. Nánari upplýsingar veitir Kjartan fasteignasali í síma 588-9090 (eða 824-9093)




Ármúla 15 - 108 Reykjavík - S: 515 0500 - Fax: 515 0509 - www.fasteignakaup.is

# Sölusýning í dag, þriðjudag frá kl. 18-20






**Fasteignakaup kynnir glæsilegar sérhæðir við Lækjarvað 4 - 14 í Norðlingaholti, tilbúnar til afhendingar.**

- Frágangur húss: Hæðirnar verða afhentar í því ástandi sem þær eru núna.
- Stærð neðri hæð 135,7 fm. Stærð efri hæð 137,2 fm. Stærð á bílskúr 23,3 fm.
- Frágangur lóðar: Lóð verður afhent eins og hún er núna.

**Opið hús verður á eignunum í dag frá kl 18-20.**

Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali

Frum

# SJÓNARHORN



Liðug og létt. Krakkarnir í Götuleikhúsinu brugðu á leik á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# HVUNNDAGURINN

## *Þetta er gott líf*

„Hvunndagarnir eru auðvitað hver með sínu móti hjá mér eins og öðrum mönnum,“ segir Ingólfur er hann er beðinn að lýsa venjulegum degi í lífi sínu. En til að gefa lesendum einhverja mynd lýsir hann einum einstökum degi og fyrir valinu verður föstudagurinn 21. júlí 2006:



KAFFIBRÚNN INGÓ OG HUNDURINN ÓLIVER

„Ég vaknaði upp úr klukkan átta í morgun og var enn brennheitur eftir sólskin gærdagsins. Eftir sturtuna fékk ég mér kaffisopa og settist svo við tölvuna og færði dagbókina á heimasíðuna mína: ingo.is. Síðan var mér boðið út í garð nágrannans í morgunkaffi í sólinni og sat hjá Óla útfararstjóra til að ganga klukkan tvö. Þá fórum við Óliver inn, hann að drekka vatn og ég að leitast við að skrifa áfram bókina sem ég er að vinna að – og læt meira upp um síðar. Ég skrifa með köflum alla daga en er svo kaffibrenndur núna að ég fell stundum í svefn. Við borðuðum úti í kvöld, þriðja kvöldið í röð. Þetta er gott líf.“









**Stattu föstum fótum í golfskóm frá Flexor**

Nú veita stoðtækjafræðingar, sjúkraþjálfarar og annað sérhæft starfsfólk Flexor þér faglega ráðgjöf varðandi val á golfskóm. Við hjá Flexor sérhæfum okkur í stoðkerfisvandamálum og bjóðum upp á alhliða þjónustu á einum stað og mælum með því að þú leitir til okkar ef þú finnur til í baki, mjöðmum, hnjám og iljum eða hefur önnur óþægindi.





**Hjá Flexor færðu:**

· Göngugreiningu
· Ráðgjöf
· Innlegg
· Hitahlífar
· Stuðningshlífar
· Armstafi
· Íþróttaskó
· Gönguskó
· Barnaskó
· Golfskó

ÖSSUR
ecco
FLEXOR
NÆSTA SKREF
Reykjavík · Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900
Akureyri · Hafnarstræti 95 · Sími 460 3460

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.441 **-0,32%** **Fjöldi viðskipta:** 115 **Velta:** 447 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 1,52% | **Vinnslustöð.** | 2,38% |
| **Landsbanki** | 1,43% | **FL Group** | 1,21% |
| **Alfesca** | 0,73% | **Össur** | 0,89% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,00 +0,16% ... Alfesca 4,17 +0,73% ... Atlantic Petroleum 585,00 +0,00% ... Atorka 6,20 +0,00% ... Avion 32,90 +0,00% ... Bakkavör 48,50 -0,21% ... Dagsbrún 5,50 -0,18% ... FL Group 16,40 -1,21% ... ... Glitnir 17,10 -0,58% ... KB banki 732,00 -0,81% ... Landsbankinn 21,30 +1,43% ... Marel 73,70 +1,52% ... Mosaic Fashions 16,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,30 -0,61% ... Össur 111,00 -0,89%

# viðskipti

MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Búðarlækning í Bretlandi

**Brátt verður hægt að fá læknisþjónustu í lyfjaverslunum í Bretlandi. Fyrsta skrefið að einkavæðingu heilbrigðiskerfisins, segja formælendur.**

Breska lyfjaverslanakeðjan Boots hefur í hyggju að bjóða viðskiptavinum sínum upp á læknisþjónustu. Hægt verður að fá læknisráðgjöf, fara í skoðanir og jafnvel gangast undir smávægilegar skurðaðgerðir í verslunum Boots.

Þjónustan verður veitt í samstarfi við bresk heilbrigðisyfirvöld. Boots mun leggja til húsnæði gegn vægu gjaldi og breska ríkið mun setja upp þjónustuna. Stefnt er að því að fyrsta stofan verði opnuð í desember.

Boots rekur lyfjaverslanir víðs vegar um Bretland en hefur átt í nokkrum rekstrarerfiðleikum undanfarin ár. Ýmislegt hefur verið reynt til að fá hjólin til snúast á ný, meðal annars boðið upp á tannlækningar, sálfræðiþjónustu auk ýmiss konar fegrunarmeðferða.

Tony Blair forsætisráðherra er sagður mjög hrifinn af hugmyndinni auk þess sem heilbrigðisyfirvöld telja uppátækið til þess fallið að stytta biðlista. Stjórnarandstöðuþingmenn telja „smásölulækningar“ hins vegar fyrsta skrefið að einkavæðingu heilbrigðiskerfisins.

Talsmaður breska læknasambandsins var heldur ekki hrifinn af hugmynd Boots. „Ég óttast að gróðavon verði látin ganga fyrir velferð sjúklinga.“ - jsk



**BOOTS LYFJAVERSLUN** Brátt verður hægt að gangast undir smávægilegar skurðaðgerðir í lyfjaverslunum Boots. Heilbrigðisyfirvöld í Bretlandi telja að þjónustan verði til þess að stytta biðlista.

## Tekjur aukast

83,7 milljóna króna hagnaður varð af starfsemi Nýherja á fyrstu sex mánuðum árs. Tekjur félagsins voru rúmir fjórir milljarðar króna og jukust um fjörutíu og fjögur prósent milli ára. Hagnaður annars ársfjórðungs nam 29,4 milljónum króna.


**ÞÓRÐUR SVERRISSON**

Í tilkynningu Nýherja til Kauphallarinnar segir að mikil eftirspurn eftir vörum og þjónustu félagsins endurspeglist vel í fjörutíu og fjögurra prósenta tekjuaukningu. Áætlanir geri ráð fyrir að afkoma af rekstri Nýherja verði áþekk á síðari árshelmingi. - jsk

## Hálftími leið milli viðskipta

Lítið sem ekkert var að gera í Kauphöll Íslands í gær. Eftir ein viðskipti með hlutabréf í Glitni klukkan 10:34 liðu 35 mínútur þar til næstu viðskipti fóru í gegnum viðskiptakerfi kauphallarinnar.

Velta með hlutabréf nam aðeins 477 milljónum króna í gær. Fjöldi viðskipta var 115. Engar teljandi verðbreytingar urðu á virði félaga og lækkaði Úrvalsvísitalan lítillega.

Bragðdauft hefur verið á hlutabréfamarkaði að undanförnu eins og gerist oft yfir sumarmánuðina. - eþa



**SPM HAGNAST UM 620 MILLJÓNIR** Gengishagnaður, einkum af Exista, leikur stóra rullu í afkomunni.

## Exista skilar SPM miklu

Hagnaður Sparisjóðs Mýrasýslu (SPM) var tæplega þrefalt meiri á fyrri hluta ársins samanborið við sama tíma árið 2005. Alls nam hagnaðurinn 602 milljónum króna.

Meginskýringuna á þessum afkomubata má rekja til mikils gengishagnaðar sem jókst um 350 prósent milli ára. Eignarhlutur í fjárfestingarfélaginu Exista myndaði stærstan hluta þessa hagnaðar.

Eignir félagsins, sem telja líka sparisjóðina í Ólafsfirði og á Siglufirði, voru um 31,5 milljarðar króna þann 30. júní og höfðu aukist um 22,4 prósent frá áramótum. Stofnfé – alfarið í eigu Borgarbyggðar – var komið í 2,7 milljarða. - eþa





Hugsaðu um tréverkið

Flügger litir

Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður

Keflavík
Akureyri
Selfoss

Borgarnes
Hvolsvöllur

104731

**MATT LEBLANC FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1967.**

*„Því kaldhæðnari sem maður er, þeim mun betur gengur manni."*

*Matt LeBlanc er bandarískur leikari.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 25. JÚLÍ 1814

# *Bardaginn við Lundy´s Lane*

Á þessum degi árið 1814 lauk innrás Bandaríkjamanna inn í Kanada þegar breskar hersveitir stöðvuðu þá í bardaganum við Lundy´s Lane sem háður var í stríðinu 1812. Stríðið stóð frá júní árið 1812 til loka desember árið 1814 og þar börðust Bandaríkjamenn og Bretar um landsvæði í Norður-Ameríku. Það voru Bandaríkjamenn sem lýstu yfir stríði á hendur Bretum og réðust á breskar nýlendur í Ameríku, þar á meðal á Kanada þar sem þeir háðu orrustur á sjó og landi.



Bardaginn árið 1814 var skammt frá Niagara-fossum og sá blóðugasti sem háður hefur verið í Kanada. Aðfaranótt 25. júlí héldu breskar hersveitir til Lundy´s Lane og um daginn fengu þær liðsauka frá Kingston og hófst bardaginn klukkan sex um kvöldið. Mannfall var mikið og féllu yfir átta hundruð úr hvorri hersveit. Bæði Bretar og Bandaríkjamenn urðu örmagna um miðnætti og lauk bardaganum án sigurs en Bandaríkjamenn hörfuðu til baka daginn eftir.

Bandaríkjamenn komu illa undirbúnir til stríðsins og náðu litlum árangri. Stríðinu lauk á aðfangadag árið 1814 með friðarsamningi sem skrifað var undir í Ghent í Belgíu án þess að annar hvor aðilinn hafi í raun unnið stríðið. Báðar þjóðirnar voru þreyttar á erfiðum og dýrum stríðsrekstri og í lok stríðsins fór allt í sama far og áður. Bandaríkjamenn unnu enga landsigra í stríðinu en reyndu samt að eigna sér sigurinn að því loknu.

## MERKISATBURÐIR

**1510** Heklugos hefst með þeim afleiðingum að nokkrir láta lífið í Rangárvallasýslu.

**1929** Fyrsti kaþólski biskupinn eftir siðaskipti, Marteinn Meulenberg, er vígður í embætti.

**1952** Puerto Rico fær sína eigin ríkisstjórn sem samveldi innan Bandaríkjanna.

**1998** Jón Kristinn Jónsson veiðir 1.420 lunda í Vestmannaeyjum en það er talið vera heimsmet.

**1999** Lance Armstrong vinnur Tour de France-hjólreiðakeppnina í fyrsta sinn.

**2000** Concorde-þota Air France flugfélagsins hrapar stuttu eftir flugtak í París, allir farþegar um borð látast ásamt fjórum á jörðu niðri.

## AFMÆLI



**Kolbrún Bergþórsdóttir** er 49 ára.



**Skjöldur Eyfjörð Fannarsson** er 28 ára.

## ÚTFARIR

13.00 **Unnur Þ. Kristjánsdóttir,** Miklubraut 42, Reykjavík, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

13.00 **Örn J. Petersen** verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju.

14.00 **Elín Ólafsdóttir,** Suðurtúni 3, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Benedikt Björnsson,** húsgagnasmíðameistari, Aratúni 38, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju.



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Arnar Jóhanns Árnasonar**

Hólmgarði 29, Reykjavík,

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilis Skógarbæjar.

**Ingibjörg Gunnlaugsdóttir**
**Erla Arnardóttir**
**Reynir Strandberg Arnarson**
**Selma Margrét Arnardóttir** **Gylfi Pétursson**
**Linda Borg Arnardóttir**
**Gunnlaugur I. Grétarsson** **Þórdís Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Jóhannesdóttir**

frá Húsavík, Laxalind 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 21. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jón Guðgeirsson**
**Ása Jónsdóttir** **Björn Halblaub**
**Guðgeir Jónsson**
**Guðrún Jónsdóttir** **Ingvar Stefánsson**
**Jóhannes Heimir Jónsson** **Agnes Benediktsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Halldórsson**

framkvæmdastjóri, Ofanleiti 5,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 27. júlí, kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarfélag vangefinna.

**Gunnlaug Emilsdóttir**
**Oddur Björn Sveinsson**
**Emil Anton Sveinsson**
**Halldór Árni Sveinsson** **Anna Kristín Haraldsdóttir**
**Júlía Margrét Sveinsdóttir** **Kristján Víðir Kristjánsson**
**Hildur Óskarsdóttir** **Gunnar Gunnbjörnsson**
**Sigvaldi Sigurjónsson** **Þóra F. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að neðan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

**KK:** GEFUR ÚT BLÚSPLÖTUNA BLÚS

# Hefur spilað blús í þrjátíu ár

Blúsinn verður allsráðandi á nýrri plötu tónlistarmannsins KK sem kemur út á næstu dögum. „Þetta er svona hliðarverkefni, lítið verkefni sem mig langaði til þess að gera," segir KK en á plötunni eru lög sem hann hefur sungið og spilað undanfarin 30 ár.

„Við settum saman band og fórum inn í stúdíó og prófuðum að taka upp tvö til þrjú lög. Við fengum Braga Valdimar Skúlason, Baggalútsmann, til þess að gera texta og tókum upp og vorum svo ánægðir með það að við ákváðum að gera plötu" segir KK.

Útgáfu plötunnar hefur seinkað nokkuð þar sem hún átti að koma út í byrjun júlí. „Ég kláraði hana 23. júní og sendi út og síðan er ég bara búinn að bíða, þetta er bara blús," segir KK og hlær. „Síðast heyrði ég að hún ætti að koma í dag en þá eru liðnar fjórar vikur. Ég hef aldrei lent í svona áður," segir hann.

Platan er tekin upp í Geimsteini í Keflavík hjá Rúnari Júlíussyni en hluti hennar er tekinn upp í Nashville í Bandaríkjunum þar sem tveir blásarar spiluðu inn á hana. „Ég er mjög ánægður hvernig til tókst, ég er ánægður með sándið, fílinginn og grúvið hjá okkur," segir KK og segir að engin veik lög séu á plötunni.

„Maður pældi í þessu þegar maður var unglingur, svona ´71 eða ´72. Þá fór maður að hlusta á Led Zeppelin í fyrsta skipti og þeir voru að spila blúslög og Cream líka, og maður sá þegar maður rýndi í plöturnar að þetta var eftir einhverja kalla sem maður hafði aldrei heyrt um, eftir Robert Johnson og Willie Dixon," segir KK en ferill hans sem tónlistarmaður byrjaði einmitt í blúsbandi. „Ég byrjaði að spila á munnhörpu með Magga Eiríks og Blúskompaníinu sjötíu og fimm eða sex. Svo fór ég út og þá setti ég saman blúsband í kringum 1980 og svo náttúrulega var ég með götubandi sem hét The Grinders," segir KK en hann hefur komið víða við sem tónlistarmaður.

„Við ætlum að halda nokkra tónleika í þessari viku, þá reikna ég með að þetta verði fullt band, sjö manna band," segir KK en kjarni bandsins er Guðmundur Pétursson gítarleikari, Þorleifur Guðjónsson bassaleikari og Friðrik Júlíusson trymbill. Hann segir að það eigi eftir að koma í ljós hvort þeir ferðist mikið út á land í sumar, það fari eftir því hvernig plötunni verður tekið. „Ef það er áhugi fyrir því þá gerum við það," segir KK og bætir við að það sé alltaf svolítið mál að ferðast með svona stóra hljómsveit.

KK er að vinna að sólóplötu núna og þegar hann er beðinn um að lýsa henni segir hann einfaldlega að þetta sé góð plata. Hann hefur líka notað sumarið til þess að slappa af og njóta lífsins. „Ég er búinn að vera að taka til í garðinum hjá mér og eitthvað hefur maður skotist út úr bænum og farið að veiða," segir KK að lokum en næstkomandi fimmtudagskvöld spilar hljómsveitin í Rosenberg og á föstudaginn á Hlöðum í Hvalfirði.

**gudrun@frettabladid.is**




**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON** Er mjög ánægður með hvernig til tókst og segir engin veik lög vera á plötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# 50 ára afmæli

*Á fimmtudaginn næsta, þann 27. júlí, mun **Björgvin Rúnar Kjartansson**, frá Hauganesi, verða fimmtugur. Að því tilefni tókum við það að okkur að halda upp á þessi tímamót hjá kappanum, er það án hans vitundar, þar sem hann er mjög upptekinn maður.*

*Væri það okkur mikil ánægja ef samferðamenn hans sæju sér fært að gleðjast með okkur í Oddfellowhúsinu í Hafnarfirði að Staðarbergi 2-4, á milli klukkan 18 og 21 þann dag.*

***Fjölskyldan.***

## ÞESSI FÆDDUST



**1848** Arthur Balfour, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands.



**1973** Kevin Phillips, enskur knattspyrnumaður.



**1955** Iman Abdulmajid, fyrirsæta.



**1982** Brad Renfro, leikari.




*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 07/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




ÍVAR GUÐMUNDSSON
9-12 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

*Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.*

BYLGJAN 20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# STUÐ MILLI STRÍÐA: Samskipti ólíkra hópa

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VARÐ VITNI AÐ MERKILEGUM SAMRÆÐUM



Á lítilli eyju í Atlantshafi búa furðulegir eyjaskeggjar sem láta skapið stjórnast af því hvernig veðrið er. Eyjan þykir nokkuð fögur og eru íbúarnir ákaflega stoltir af því sem fyrir augu ber. Há fjöll, ferskt vatn, að ógleymdu skemmtanalífinu í höfuðborginni en þangað flykkjast útlendingar til að sjá eyjaskeggjana kolbrjálaða kvöld eftir kvöld.

Á þessari eyju búa nokkrir þjóðfélagshópar sem blanda geði hver við annan enda er litið niður á þá sem telja sig hafna upp yfir aðra. Einn hópurinn – við skulum kalla hann „meðaljónin“ – er langfjölmennastur og ákaflega áberandi enda vinnur hann þau störf sem þarf til að eyjaskeggjarnir geti lifað sómasamlegu lífi. Annar hópurinn, „fílabeinin“, er fámennari en hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum. Það eru erfingjar hinna svokölluðu „ný-aðalbornu“ en sú stétt ber mikla virðingu fyrir meðaljónunum enda var hún eitt sinn hluti af þeirri stétt þegar allir voru sömu gerðar.

Stundum kemur það fyrir að fílabeinin og meðaljónin hittast á förnum vegi og þá geta átt sér stað ákaflega forvitnilegar samræður. Ég varð einu sinni vitni að því á Laugaveginum þegar ungur fílabeini og ung meðaljóna rákust hvort á annað. „Sæl vertu,“ sagði unga fílabeinið og tók utan um þessa gömlu vinkonu sína. „Hæ,“ svaraði hún að bragði og var að vonum ánægð með að fílabeininn vildi gefa sig á tal við hana. „Hefurðu ekki áhyggjur af stöðu krónunnar?“ spurði fílabeininn með áhyggjusvip. „Krónunni?“ spurði meðaljónan á móti. „Ég hef meiri áhyggjur af skuldunum svo ég nái endum saman um mánaðamótin,“ hélt hún áfram.

Svitinn spratt fram á enni fílabeinsins, andlitið afmyndaðist af stressi og vorkunn. „Skuldarðu?“ spurði hann. „Segðu mér, ekki vera feimin, hvað gerðist eiginlega?“ hélt fílabeininn áfram og röddin var farin að titra. Meðaljónan horfði á þennan gamla skólabróður sinn, virti hann fyrir sér og sagði: „Lífið, minn kæri, lífið gerðist.“

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Á MORGUN

Fylgist með Heimi og Sirrý í Íslandi í bítið á NFS
og Stöð 2 frá miðvikudeginum 26. júlí.
Alla virka daga frá 7 - 9.

NFS
ALLTAF, ALLS STAÐAR

digital ísland  vísir VEF TV  Skjárinn  Breiðband Símans

**Kl. 21.00**
*Leikhópurinn Benóný Bender Abroad sýnir verkið Páll Heimir, ekki Jesúbarnið, í sal Sjóminjasafnsins við Grandagarð. Leikstjóri er Tyrfingur Tyrfingsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Eiríkur sýnir í Galleri Úlfi

Myndlistarmaðurinn Eiríkur Árni Sigtryggsson opnaði myndlistarsýningu í Galleríi Úlfi síðastliðinn laugardag en þar gefur að líta 20 myndir. Listamaðurinn sýnir nú í fyrsta sinn abstrakt myndir og er yfirskrift sýningarinnar „Kossar og abstrakt". „Kossinn er daglegur tjáningarmáti og sterkt afl í tilfinningaflóru mannsins," segir Eiríkur Árni. „Ég hef lengi ætlað mér að reyna mig við þetta viðkvæma myndefni og hengi nú upp hluta af þeirri baráttu."

Eiríkur Árni hefur fengist við og kennt myndlist í áratugi en á undanförnum misserum hefur hann sýnt víða á suðvesturhorni landsins. Listamaðurinn er einnig kunnur fyrir tónsmíðar sínar en Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti meðal annars eitt verka hans á tónleikum í vetur.

Gallerí Úlfur er á Baldursgötu 11 og er sýningin opin frá 14-18 alla daga út júlímánuð.

**- khh**



**SÝNIR ABSTRAKT MYNDIR Í FYRSTA SINN** Eiríkur Árni Sigtryggsson myndlistarmaður og tónskáld.

## > Ekki missa af...

sýningu **Halldórs Ásgeirssonar** myndlistarmanns í Skálholti þar sem gefur að líta óvenjulega **fánaborg** sem Halldór hannaði í tengslum við **Skálholtshátíð**.

lokatónleikum hljómlistarhópsins **Atlas** í **Hömrum á Ísafirði**, annað kvöld kl. 20.

einleiknum **Mr. Skallagrímsson** sem **Benedikt Erlingsson** flytur í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Ógleymanleg saga í **dæmalausum** búningi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚLÍ**

22 23 24 **25** 26 27 28

**Þriðjudagur**

### LEIKLIST

- 20.30 **Ferðaleikhúsið** sýnir **The Best of Light Nights** í **Iðnó**. Sýningin fer fram á ensku.

### ÚTIVIST

- 19.00 Gönguferð undir leiðsögn fróðra manna í **Viðey**. Ferðin hefst með siglingu með **Viðeyjarferjunni** frá Sundahöfn kl. 19 og hver ganga tekur rúmar tvær klukkustundir.

### SÝNINGAR

- 13.00 **Guðrún Pálína Guðmundsdóttir** sýnir á **Café Karólínu** á Akureyri. Sýningin **Hlynur sterkur Hlynur (portret af Hlyni Hallssyni myndlistarmanni)**
- **Hrefna Harðardóttir** og **Linda Björk Óladóttir** sýna í **Ketilhúsinu** í Listagilinu á Akureyri. Sýningingarnar standa til 13. ágúst og er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17.

**hvar@frettabladid.is**









**KÍNVERSKI MYNDLISTARMAÐURINN MING MIN OG EIGANDI GALLERÍ KÍNA, QUING DONG KUNGQUAN** Listamaðurinn blandar saman nýjum tíma og gömlum í verkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óbeislaður og líflegur stíll

**Kínverski myndlistarmaðurinn Ming Min er staddur hér á landi í tilefni af formlegri opnun Gallerís Kína um helgina. Eigandi þess heitir Quing Dong KungQuan en hún rekur einnig kínverska heilsulind sem nefnist Heilsudrekinn.**

Quing segir Ming Min vera mjög þekktan í heimalandi sínu Kína, en myndir hans seljist einnig grimmt í Japan og eigi sér fjölda fastra kaupenda víða í Vesturheimi. „Hann lærði mjög ungur myndlist í þekktum skóla í Kína en hefur verið starfandi myndlistarmaður í fjölda áratugi. Myndirnar hans eiga rætur að rekja til klassískrar kínverskrar myndlistarhefðar en hann málar aðallega landslag og ýmislegt annað fallegt sem finna má í náttúrunni," segir Quing. Hún segir áhrifa úr vestrænni myndlistarhefð einnig gæta í verkum hans þó hin kínverska hefð ráði aðallega ríkjum. „Enda þótt kínversk tækni sé fyrirferðarmikil í málverkum Ming Min þá tekst honum vel að blanda saman vestrænum og austrænum stíl og skapar þannig sinn eigin sem er bæði óbeislaður og líflegur. Verkin hans eru engu að síður einföld í eðli sínu og náttúruleg, hann notar milda tóna og fallegar fyrirmyndir. Myndirnar hans sýna sérstakan áhuga á lífinu og ástríðu fyrir tímamótum í mannkynssögunni."

Quing leggur áherslu á að málverk listamannsins skeyti einnig saman hinum gamla tíma og nýja. „Þau endurspegla ekki síður gildi og lífsvenjur nútímamannsins, en liðna tíð og eru yfirfull af gildum og táknum héðan og þaðan."

Ming Min kom til landsins í byrjun síðustu viku og hefur á þeim tíma málað ein fjögur minni landlagsverk og eitt stórt. „Þetta stóra verk er engin smásmíði því það er fimm metrar á hæð. Hann lauk því verki nú um helgina þegar Gallerí Kína var opnað en mun halda áfram að mála í galleríinu á meðan hann dvelur hér til fimmtudagsins næstkomandi. Hugmynd hans að því mála verkin sín á staðnum, á meðan á sýningunni sjálfri stendur kemur, kom til af því að hann vildi í leiðinni útskýra fyrir gestum og gangandi þá sérstöku kínversku tækni sem hann beitir í list sinni, enda þótt hann styðjist einnig við evrópska olíumálunarhefð."

Gallerí Kína er staðsett í Ármúla 42 og er opið alla virka daga frá 10-18. Á meðan myndlistarmaðurinn Ming Min er staddur hérlendis er galleríið hins vegar opið frá 8-20.

**bryndisbjarna@frettabladid.is**

# Tónafljóð í Listasafni Sigurjóns

Tónlistarhópurinn Tónafljóð leikur í sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi í kvöld og frumflytur meðal annars nýtt verk eftir Þóru Marteinsdóttur.

Tríóið Tónafljóð skipa Þórunn Elín Pétursdóttir sópransöngkona, Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Sigrún Erla Egilsdóttir sellóleikari en tríóið stofnuðu þær í tengslum við tónleika á Menningarnótt í fyrra.

Fljóðin munu flytja fjölbreytta dagskrá sönglaga og annarra tónverka eftir íslensk og erlend tónskáld, þar á meðal verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Snorra Sigfús Birgisson, Hafliða Argrímsson og Betty Roe.

„Hápunktur tónleikanna verður síðan frumflutningur á tónverkinu „Þulu" eftir Þóru Marteinsdóttur," útskýrir Hafdís en það samdi tónskáldið sérstaklega fyrir hópinn. Verkið er samið við þuluna þjóðþekktu „Tunglið, tunglið taktu mig" eftir Theodóru Thoroddsen en Hafdís segir verkið hafa talsvert þjóðlegan blæ.



**TÓNAFLJÓÐIN LEIKA Í SIGURJÓNSSAFNI** Frumflytja nýtt verk eftir Þóru Marteinsdóttur.

Þær stöllur hyggja síðan á frekari landvinninga og halda tónleika í Stykkishólmskirkju næstkomandi fimmtudagskvöld og í Duus-húsum í Reykjanesbæ 2. ágúst.

**- khh**



**CAFÉ OLIVER** Þar dunar djassinn í hverri viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Borgardjass

Sumarið er tími djassins og það færist í aukana að boðið sé upp á hverskyns djasshátíðir og uppákomur út á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu er líka talsvert um að fólk taki sig saman og haldi reglubundna djasstónleika, einkum á skemmti- og veitingastöðum sem vilja lífga upp á stemninguna með lifandi tónlist.

Veitingastaðurinn Jómfrúin í Lækjargötu hefur undanfarin ellefu ár staðið fyrir djasstónleikum síðdegis á laugardögum sem hafa spurst afar vel fyrir. Fara tónleikarnir jafnan fram utandyra ef veður leyfir en margir af þekktustu djassleikurum þjóðarinnar hafa troðið upp í Jómfrúarportinu – í mismikilli sól, og leikið fyrir unnendur smurbrauðs og áheyrilegra tóna.



**BJÖRN THORODDSEN GÍTARLEIKARI** Leikur á Jómfrúnni um næstu helgi.

Einn yngsti skemmtistaðurinn í djammflóru borgarinnar er Q-bar í Ingólfsstræti sem nýlega hóf að skipuleggja djasstónleika á fimmtudagskvöldum undir yfirskriftinni „Heita sætið" og hafa ekki minni spámenn en söngkonurnar Andrea Gylfadóttir og Margrét Sigurðardóttir sungið á fjölum þess í góðum félagsskap.

Ekki svo langt frá býður skemmtistaðurinn Oliver á Laugavegi reglulega upp á fimmtudagsdjass og tónleika á sunnudögum þar sem The Jazzy Havanas Band fer á kostum.

Í Djúpinu í Hafnarstræti, hliðarsal veitingahússins Hornsins, eru líka haldnir djasstónleikar annað hvert fimmtudagskvöld en þar kemur söngvarinn Seth Sharp fram ásamt hljómsveit og syngur ljúflingslög með djassívafi. **- khh**



**Q-BARINN Í INGÓLFSSTRÆTI** Yngsti barinn býður upp á djass. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Farrell fer fram á nálgunarbann

Colin Farrell hefur farið fram á lögbann á hendur fyrrum ástmey sinni, sem veittist að honum í myndveri kvöldþáttar Jay Lenos í síðustu viku. Fyrirsætan Dessarae Bradford stökk upp á svið í miðju viðtali Lenos við leikarann og hreytti í hann ókvæðisorðum. Öryggisverðir þrifu hana á burt en Farrell galt líku líkt og kallaði á eftir henni að hún væri galin.

Farrell og Bradford áttu í skammvinnu ástarsambandi en í fyrir kærði hún leikarann írska til lögreglu fyrir að elta sig á röndum. Leikarinn hefur nú farið fram á nálgunarbann og segir meðal annars í beiðni hans að hann óttist að „áreiti hennar muni stigmagnast og stefna mér og fjölskyldu minni í hættu“.

Um leið og upptöku þáttarins var lokið dreif Farrell sig á frumsýningu myndarinnar Miami Vice, sem hann leikur aðalhlutverkið í, og var augljóslega brugðið. „Þetta var óhugnanlegt, ég hafði ekki hugmynd um hvað var að gerast,“ sagði leikarinn í samtali við fréttamenn fyrir frumsýningu. Að sögn sjónarvotta í þætti Lenos ætlaði Bradford að láta Farrell árita bók sína um samband þeirra tveggja sem ber heitið: Colin Farrell: A Dark and Twisted Puppy sem myndi útleggjast sem Colin Farrell: Kolklikkaður hvolpur. Sem öryggisverðir teymdu hana út kallaði hún til leikarans að þau myndu hittast í dómsal.



**Á FRUMSÝNINGU** Farrell mætti beint á frumsýningu myndarinnar Miami Vice eftir atvikið og var á nálum. Hér er hann ásamt Michael Mann leikstjóra og Gong Li leikkonu.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Heather Mills McCartney hefur keypt hús í fimmtán mínútna fjarlægð frá húsi Pauls McCartney í Los Angeles nú þegar forræðisdeila þeirra stendur sem hæst. Fyrirsætan fyrrverandi keypti hlöðu sem nýverið var breytt í fimm herbergja einbýlishús aðeins níu dögum eftir að skilnaðurinn var gerður opinber. Bæði Paul og Heather hafa komið í húsið undanfarnar vikur, en það er skráð á eitt þriggja fyrirtækja sem Heather stofnaði eftir skilnaðinn.



Kate Bosworth þarf ekki að hafa áhyggjur af því að kærasti hennar, Orlando Bloom, verji tíma með kvenkyns aðdáendum sínum þegar hann er á ferðalagi. „Ég á í engum vandræðum með grúppíur. Þegar maður er á tökustað eða stendur í kynningarstörfum allan daginn er hópur af stelpum sem banka á hurðina það síðasta sem maður vill,“ sagði Orlando á dögunum.

Leikstjóri Superman Returns, Bryan Singer, hefur sagt að hann vilji að framhald myndarinnar komi út árið 2009. Leikstjórinn hefur þegar rætt við Warner Brothers um framhaldsmyndina. „Við höfum ekki samið ennþá. Ekkert er víst í þessum efnum en ætlunin er að gera þetta fyrir árið 2009,“ sagði Singer. Hann ýjaði að því að söguhetjur myndarinnar myndu fara í svolítið aðrar áttir og bar verkefnið saman við framhaldið af Star Trek: The Motion Picture.



# Spilar fótbolta með fastakúnnunum

Á hverjum sunnudegi klukkan 14.00 má sjá nokkra hraustlega karlmenn í tuðrusparki við Austurbæjarskóla. Það væri ekki í frásögur færandi nema að fremst í flokki hjá þessum fræknu köppum er Þorvaldur Kristinn Gunnarsson, betur þekktur sem Valdi, eigandi Geisladiskabúðar Valda á Vitastíg. Annað liðið er sett saman af Valda og fastakúnnum Geisladiskabúðarinnar. Hitt liðið er skipað rokkurum sem halda úti þungarokkssíðunni Taflan.org.

„Það er í kringum eitt ár síðan við byrjuðum. Það hefur verið nokkuð um mannabreytingar en við reynum að halda sömu liðaskipan,“ segir Þorvaldur en að sögn hans hafa rokkararnir aldrei keppt á móti. Það muni hugsanlega gerast á næsta ári. „Við verðum að æfa aðeins lengur og þá tökum við jafnvel þátt í Carlsberg-mótinu.“



**BARÁTTA** Mikil barátta var á vellinum og gefa þessir félagar meistaradeildinni lítið eftir.



**FRÆKNIR FÉLAGAR** Hér má sjá liðin. Frá vinstri: Helgi, Tómas, Andrew, Gauti, Björgvin, Christian, Kobbi, Valdi, Kiddi og Bergur.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**NÁ ANDANUM** Það er ekki auðvelt að spila heilan fótboltaleik og var vel tekið á. Hér horfir Þorvaldur á eftir boltanum með liðsfélaga í baksýn.


# Vörumóttaka
## Grafarvogi og Skútuvogi



Okkur vantar starfsfólk í vörumóttöku
í Bónus verslunina í Spöng í Grafarvogi
og í Bónus verslunina í Skútuvogi.

Vinnutími í Skútuvogi er 8.00 til 14.00.
Vinnutími í Grafarvogi er 8.00 til 15.00.
Vinna um helgar er eftir samkomulagi.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi vinsamlegast samband við Svan starfsmannastjóra s: 691 9988 eða skrái sig inná bonus.is.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


# Saumaklúbbs-stemning í Iðu

Á laugardaginn hélt Edda útgáfa boð til heiðurs rithöfundinum Liz Tuccillo sem kom hingað til landsins um helgina til að rannsaka hegðun einhleypra kvenna hér á landi fyrir næstu bók sína, „How to be single“. Konur á öllum aldri fjölmenntu í Iðusalinn til að hlusta á handritshöfund sjónvarpsþáttanna Beðmál í borginni eða Sex and the City deila speki sinni með kynsystrum sínum. Eins og sjá má á myndunum voru gestir með bros á vör enda veðrið gott og stemningin eftir því.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÞRJÁR FRÆKNAR** Brynja, þjónustustjóri Eddu útgáfu, ásamt dóttur sinni Grétu Morthens og rithöfundinum Liz Tuccillo.



**EINI STRÁKURINN** Gerður Kristný Guðjónsdóttir, blaðamaður og rithöfundur, var mætt ásamt syni sínum, Kristjáni Skírni, sem undi sér vel umkringdur kvenfólkinu.



**UNDU VEL** Guðrún Kaldal og Dögg Ármannsdóttir voru ánægðar með vel heppnað boð.



**HRESSAR OG KÁTAR** Ragna Sæmundsdóttir og Áslaug Snorradóttir voru mættar í konuboðið.

# NÝTT&FERSKARA HÉR&NÚ




***Eyrún Huld Haraldsdóttir***
Kletturinn á bak við Magna rokkara




***Bríet úr Idolinu***
Lýsir bæði stressinu og stuðinu




***Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir***
Upplifir sig ekki sem fórnarlamb




***KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA***







# Perry grínast með fíknina sína

Vinurinn Matthew Perry og handritshöfundurinn og framleiðandinn Aaron Sorkin voru á fundi sjónvarpsgagnrýnenda í Hollywood til að kynna haustþættina og misstu þeir út úr sér nokkur orð um eiturlyf.

Báðir hafa farið í meðferð við verkjalyfjaofnotkun eða eiturlyfjafíkn og því vakti atvikið mikla kátínu blaðamanna. „Ég held að sjónvarpið sé mjög áhrifamikill miðill í þessu landi. Þegar hlutir sem eru mjög ljótir fara í sjónvarp finnst mér það vera eins og vont krakk á skólaleikvellinum,“ sagði Sorkin. Þegar áhorfendur fóru að hlæja spurði Sorkin: „Af hverju var ég að nota þetta orð?“ Hann bætti svo við að hann myndi gefa hverjum og einum í herberginu hundrað dali ef þeir tækju krakk-tilvitnuna úr blöðunum. Seinna lét Matthew Perry í sér heyra og bætti brandarann. „Ég held að þetta sé meira eins og vont Vicodin á skólaleikvellinum,“ en það voru einmitt verkjatöflurnar Vicodin sem urðu til þess að Perry fór í meðferð tvisvar, síðast árið 2001. Hann hafði áður viðurkennt að taka allt að tuttugu til þrjátíu Vicodin á dag.

Perry leikur aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Studio 60 sem byrja í haust. Þátturinn segir frá lífi fólksins á bak við grínþætti á borð við Saturday Night Live. Þetta er fyrst aðalhluverk Perrys frá því að hann hætti í Vinunum vinsælu. Sorkin er handritshöfundur og framleiðandi þáttanna en hann er þekktur fyrir að vera upphafsaðilinn að The West Wing.



**MATHEW PERRY OG AMANDA PEET** Matthew of Amanda leika bæði í þáttum NBC-stöðvarinnar.

# Neitað um hlutverk

Hjónakornunum og leikurunum Michael Douglas og Catherine Zeta Jones var neitað um hlutverk í gamanþáttum þar sem þau áttu að leika hjón. Framleiðendur báru það fyrir sig að aldursmunurinn væri of mikill og þau þættu því ekki trúverðug sem hjón á sjónvarpsskjánum. Það er 25 ára aldursmunur á Douglas og Zeta Jones og er hjónaband þeirra talið með þeim traustustu í Hollywood enda skilnaðartíðni þar mjög há. Þau eiga saman tvö börn.



**HJÓNAKORNIN** Michael Douglas og Catherine Zeta Jones var neitað um hlutverk sem hjón í gamanþætti vegna aldursmunar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**MAGNI** Gerir það gott í Rock Star: Supernova og tók lagið með þeim félögum í Supernova í sérstöku fjölmiðlateiti sem haldið var í tilefni af umfjöllun USA Today.

# Magni syngur Heroes

Á miðnætti í kvöld heldur öskubuskuævintýri Magna Ásgeirssonar áfram þegar Rock Star: Supernova verður sýndur í beinni útsendingu Skjás eins. Tólf keppendur eru eftir en þrír eru farnir heim. Aðfaranótt fimmtudags kemur síðan í ljós hver af hinum tólf þarf að taka hatt sinn og staf.

Magni sló eftirminnilega í gegn í síðasta þætti þegar hann flutti lagið Plush með Stone Temple Pilots. Þeir Tommy Lee, Gilby Clarke og Jason Newsted hrifust svo mjög af flutningi íslenska sveitapiltsins að þeir báðu hann um flytja lagið aftur í úrslitaþættinum.

Magni mun í kvöld syngja lagið Heroes sem David Bowie gerði frægt. Lagið er mun rólegra en hin þrjú lögin sem söngvarinn hefur spreytt sig á og því mun hann feta nýjar slóðir með vali sínu í kvöld. Vinsældir Magna hafa aukist jafnt og þétt á aðdáendasíðu Supernova og er hann með um áttatíu prósenta stuðning þeirra sem heimsækja síðuna. Þá var tímaritið USA Today með úttekt á þættinum í síðustu viku og var Magni hrókur alls fagnaðar í sérstöku fjölmiðlateiti sem haldið var í tilefni af komu þess, reif kassagítarinn upp og spilaði nokkur vel völd lög með þeim félögum. - fgg



**DAVID BOWIE** Magni syngur lagið Heroes eftir David Bowie í fjórða þættinum sem sýndur verður aðfaranótt miðvikudags á Skjá einum.

# Leikur í Batman

Heath Ledger hefur fengið hlutverk Jókersins í framhaldsmynd Batman Begins en leikaranum ástralska var boðið hlutverkið í síðustu viku. Robin Williams og Paul Bettany börðust hart um hlutverkið sem Jack Nicholson lék í fyrstu Batman-myndinni 1989.

Ef Ledger tekur við hlutverkinu, sem allt virðist benda til, mun hann slást í hóp Christians Bale, Michaels Caine, Garys Oldman og Morgans Freeman.

Af Ledger og konu hans, Michelle Williams, er það að frétta að þau keyptu sér nýja villu í Hollywood á dögunum en fyrir áttu þau hús í Sydney í Ástralíu. Heath og Michelle léku saman í Brokeback Mountain og eiga saman dótturina Matildu sem er níu mánaða.

Ellen DeGeneres átti húsið sem parið keypti í Hollywood og það er þekkt fyrir að vera vel falið í skógi, þannig að ljósmyndarar sjá ekkert inn á eignina.

Nágrannar parsins eru þau Kirsten Dunst og Matthew McConaughey.



**HEATH OG WILLIAMS** Hjónakornin léku sem kunnugt er í Brokeback Mountain og þá tókust með þeim ástir.




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 2-4-6-8-10:10 | |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 3:50-4:50-7-8-10:10 | B.I. 10 |
| SUPERMAN RETURNS VIP | KL. 3:20-8 | |
| THE BREAK UP | KL. 8-8:15-10:20 | |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 10:30 | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 2-3-5:30 | |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 3-5-7 | |
| *OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 3-5-7-9 | |
| *SUPERMAN RETURNS | KL. 3-5:50-9 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 9 | |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 8 | |
| THE OMEN | KL. 10 | B.I. 16 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 7-10 | B.I. 10 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 6-8 | |
| THE BREAK UP | KL. 10:10 | |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 6-9 | B.I. 10 |

| | | |
|---|---|---|
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:30-8:40-10:30 | B.I. 10 |
| OVER THE HEDGE enskt tal | KL. 6-8-10:10 | |
| THE BREAK UP | KL. 6-8:15-10:40 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:50 | |
| CARS enskt tal | KL. 8:15 | |
| KEEPING MUM | KL. 10:30 | B.I. 12 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**FLJÚGANDI REIÐHJÓL** Vakti mikla athygli í miðbæ Reykjavíkur um helgina.

# Fljúgandi reiðhjól á Laugaveginum

Vegfarendum á Laugavegi brá mörgum í brún um helgina. Á laugardagsmorgun hafði verið hengt upp reiðhjól þvert yfir götuna til móts við Barinn á Laugavegi 22. Blöðrur höfðu svo verið festar við hjólið og var þetta nokkuð tilkomumikil sjón. Algengt var að vegfarendur stöldruðu við og göndu á þetta fyrirbæri en engar skýringar hafa fengist á því af hverju hjólið var hengt upp. Talsverð vinna hefur þó farið í þetta, enda er hjólið fest með sverum vír á milli húsa.



# Björk í hljóðveri

Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir kemur víða við þessa dagana, ef marka má fréttir erlendra tónlistarmiðla. Pitchforkmedia.com greinir frá því að fyrir skemmstu hafi Björk unnið lítillega með Antony úr hljómsveitinni Antony & the Johnsons. Fyrir helgi sagði sami tónlistarvefur frá því að Björk hafi verið í hljóðveri með Konono N°1. Ekki hefur verið ákveðið hvort þessi samvinnuverkefni endi á plötu með Björk. Talsmaður Konono staðfestir að hljómsveitin hafi eytt þremur dögum í Brussel í síðasta mánuði og unnið að nokkrum nýjum Bjarkarlögum.



**BJÖRK** Vinnur með Antony og hljómsveitinni Konono N°1.

# Öll rúm full og tjaldað í görðum

„Það búa 150 manns hér á svæðinu og við búumst við að það verði á annað þúsund manns um næstu helgi þegar allt er talið. Okkur líst bara vel á að fá alla þessa gesti, þetta verður mjög skemmtilegt," segir Áskell Heiðar Ásgeirsson, sem sér um skipulagningu tónleika skosku hljómsveitarinnar Belle & Sebastian á Borgarfirði eystri um næstu helgi. Tónleikarnir verða haldnir í Bræðslunni sem er gömul skemma sem hefur verið gerð upp. „Hún hafði verið notuð sem ruslakompa í áratugi en við breyttum henni í tónleikahöll í fyrrasumar," segir Áskell Heiðar og vísar þar til tónleika Emilíönu Torrini í fyrrasumar. Hún leikur einmitt með Belle & Sebastian á tónleikunum á laugardag. Miðar á tónleikana seldust upp fyrir nokkrum vikum, jafnvel þó endurbætur hafi verið gerðar á Bræðslunni og fleiri komist þar inn en í fyrra.

Áskell Heiðar segir að undirbúningur fyrir tónleikana hafi staðið síðustu sex mánuðina. Á meðan Grímur Atlason hafi tekið að sér að koma listamönnunum til Íslands hafi hann séð um að koma öllum gestum fyrir. „Það verður hvert rúm vel nýtt og tjaldað í öllum görðum," segir Áskell.

Hefð virðist vera að myndast fyrir tónleikahaldi á Borgarfirði eystri og segir Áskell að bæjarbúar séu þegar vissir um hvern þeir vilja fá þangað næsta sumar. „Ætli við reynum ekki að fá hann Magna okkar á næsta ári, með eða án Supernova," segir Áskell en svo skemmtilega vill til að Magni er bróðir hans. **- hdm**




**TÓNLEIKARNIR UNDIRBÚNIR** Þeir Þröstur Árnason og Ásgrímur Ingi Arngrímsson voru í óða önn að koma tónleikahúsinu Bræðslunni í stand um helgina. Á annað þúsund gestir verða á tónleikum Belle & Sebastian á laugardagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Kassastörf

Smáratorgi, Holtagörðum og Seltjarnarnesi



Okkur vantar starfsfólk á kassa í Bónus Smáratorgi, Holtagörðum og Seltjarnarnesi.

Vinnutími frá um 11.00 til 19.30 virka daga.
Helgarvinna eftir samkomulagi.
Mætingarbónus er 30.000 kr. á mánuði.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi vinsamlegast samband við Svan starfsmannastjóra s: 691 9988 eða skrái sig inná bonus.is.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



## Essomótið á Sýn í kvöld

Þáttur um Essomót KA verður sýndur á Sýn í kvöld klukkan 20:10 en mótið er fótboltamót fyrir 5. flokk drengja og er haldið á Akureyri árlega. Íþróttafréttamaðurinn Þorsteinn Gunnarsson er umsjónarmaður þáttarins.

**sport**

sport@frettabladid.is

VÍKINGURINN VALUR ADOLF ÚLFARSSON: SEGIR AÐ GUÐMUNDUR HEFÐI ÁTT AÐ FÁ GULT SPJALD

# *Harður dómur að gefa honum rautt*

„Mín skoðun er sú að það hefði verið alveg nóg að gefa honum gult spjald. Ég var ekkert að biðja um að láta reka hann útaf og var ekkert að fiska enda var ég ekkert að liggja í jörðinni eftir þetta og þykjast vera meiddur," sagði Valur Adolf Úlfarsson, varnarmaður Víkinga, en Guðmundur Benediktsson, leikmaður Vals, fékk að líta rauða spjaldið eftir samskipti við hann í viðureign liðanna í bikarkeppninni á sunnudagskvöld.

„Gummi reyndi að fiska vítaspyrnu og ég pirraðist mikið við það og kallaði á hann og sagði honum að standa í lappirnar. Hann liggur niðri og grípur aðeins í löppina á mér þegar ég fer fram hjá honum og ég dett en stend aftur upp. Það eina sem ég hefði viljað sjá er að hann fengi gula spjaldið fyrir leikaraskap en hins vegar mat aðstoðardómarinn sem svo að hann ætti að fá rautt spjald," sagði Valur.

„Hann hefði vissulega ekki átt að gera þetta en það var fullhart að reka hann af velli, gula spjaldið hefði alveg verið nóg. Nú er HM nýlokið og þar fuku rauðu spjöldin, svo virðist sem það megi varla gera neitt lengur," sagði Valur en staðan var jöfn 1-1 þegar Guðmundur fékk að líta rauða spjaldið undir lok fyrri hálfleiks. Víkingar náðu síðan að nýta sér liðsmuninn í



síðari hálfleik og skoruðu sigurmarkið.

Dómarinn Magnús Þórisson sá ekki atvikið en það gerði hins vegar aðstoðardómarinn Sigurður Óli Þórleifsson og sagði hann Magnúsi að rétt væri að reka Guðmund af velli. Fréttablaðið hafði samband við Sigurð Óla í gær en hann neitaði að tjá sig um málið. Þess má geta að þetta er annað umdeilda rauða spjaldið sem er gefið í sumar eftir ábendingu Sigurðar Óla. Guðmundur vildi einnig ekki láta hafa neitt eftir sér um málið.

## > Viggó stýrir Flensburg

Viggó Sigurðsson hefur verið ráðinn þjálfari þýska handknattleiksliðsins Flensburg-Handewitt tímabundið. Viggó tekur við um mánaðamótin og verður þjálfari í tíu vikur á meðan Kent-Harry Andersson, þjálfari Flensburg, fer í aðgerð á eyra. Flensburg hafnaði í öðru sæti þýsku 1. deildarinnar og lék til úrslita í Meistaradeild Evrópu fyrir tveimur árum. Viggó vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið en í viðtali á heimasíðu Flensburg segir hann að þessi bón frá félaginu hafi komið sér skemmtilega á óvart og hann hefði séð eftir því alla tíð hefði hann hafnað tilboðinu. Þess má geta að Viggó og Alfreð Gíslason mætast í annarri umferð deildarinnar þegar Flensburg spilar heima gegn Gummersbach.







**GERRARD** Var í forsvari í gær þegar Liverpool kynnti nýjan búning til sögunnar.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Steven Gerrard:

## Við stefnum á titilinn

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, hlakkar mikið til nýja tímabilsins og segir að stefna félagsins sé að berjast um Englandsmeistaratitilinn. Liverpool hefur unnið alla stærstu titlana sem í boði eru á undanförnum árum fyrir utan Englandsmeistaratitilinn sem var síðast á Anfield árið 1991.

„Við förum inn í tímabilið sem bikarmeistarar og vonandi getum við unnið titilinn í ár. Það er alltaf spennandi að hefja æfingar að nýju og ég get ekki beðið eftir því að nýja tímabilið byrji, það eru spennandi tímar framundan. Við bættum okkur mikið á síðasta ári og ef fram heldur sem horfir getum við náð aðalmarkmiðinu, sem er Englandsmeistaratitillinn," sagði Gerrard.

- hþh

# Hjörtur ósáttur við fordómastimpilinn

**Keflvíkingar hafa sent KSÍ kvörtun vegna Hjartar Hjartarsonar en Guðmundur Viðar Mete ásakar hann um kynþáttafordóma í leik ÍA og Keflavíkur í fyrradag. Hjörtur er langt frá því að vera sáttur við ásakanirnar.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Keflvíkur sendu í gær inn formlega kvörtun til Knattspyrnusambands Íslands vegna hegðunar Hjartar Hjartarsonar í leik Keflavíkur og ÍA í átta liða úrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu í fyrradag. Atvikið átti sér stað þegar Guðmundur Viðar Mete meiddist illa eftir tæklingu Bjarna Guðjónssonar en málið á sér líklega lengri forsögu.

Guðmundur ásakar Hjört um að kalla sig nöfnum sem tengjast uppruna hans en faðir Guðmundar er frá Tyrklandi. Guðmundur vildi ekkert tjá sig um málið í gær þegar Fréttablaðið leitaðist eftir viðbrögðum hans við málinu. Kenneth Gustafsson, varnarmaður Keflvíkinga, ber Hirti ekki heldur vel söguna og segir hann meðal annars hafa kallað sig „fucking foreigner" eða helvítis útlending.

Aganefnd KSÍ mun taka málið fyrir á fundi sínum í dag en forráðamenn ÍA voru í sambandi við Keflvíkinga um að draga kæruna til baka í gær, eitthvað sem Keflavíkurliðið var ekki tilbúið að gera.

Í leik liðanna í Landsbankadeildinni í Keflavík fyrr í sumar var Guðmundur rekinn af velli fyrir að hrinda Hirti sem fékk gult spjald eftir viðskipti þeirra. Guðmundur var mjög ósáttur við dóminn sem og Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, en báðir fengu þeir að líta rautt spjald.

Erfiðlega gekk að finna leikmann Keflavíkur til að staðfesta orðaskipti Hjartar og Guðmundar en hann fannst á endanum í Guðjóni Árna Antoníussyni. „Ég stóð við hliðina á þessu og heyrði greinilega hvað fór þeirra á milli, ég heyrði Hjört segja „Farðu heim til þín Tyrkjadrulla" sagði Guðjón sem er tilbúinn til að standa við orð sín hvar sem er. Hann staðfesti jafnframt að skítkastið hefði ekki verið einhliða.



**HITI VIÐ SUÐUMARK** Litlu mátti muna að upp úr syði þegar Bjarni Guðjónsson tæklaði Guðmund Viðar Mete harkalega á Skaganum. Eftirmálar urðu þó á látunum þar sem Keflvíkingar hafa kvartað við KSÍ vegna Hjartar Hjartarsonar (númer níu í gulu) en þeir segja hann hafa verið með kynþáttafordóma í garð Guðmundar Mete sem er af tyrkneskum ættum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

„Þetta er orðum aukið og alls ekki satt. Ég er mjög ósáttur við þessa kæru og hvaða orð er verið að leggja mér í munn. Þetta er fjarri því sem ég sagði en það fóru einhver orð þarna á milli en því fer fjarri að hann sé saklaus í þessu máli. Þetta var tvímælalaust í báðar áttir. Ég sagði ekkert sem getur talist til kynþáttafordóma, ég vil alls ekki fá neinn slíkan stimpil á mig," sagði Hjörtur Júlíus við Fréttablaðið í gær.

„Ég veit ekki hvort þetta sé persónulegt frá Keflvíkingum þar sem þeir saka mig um að hafa fiskað hann út af fyrr í sumar en mér þykir mjög leiðinlegt að þeir ætli að gera svona mikið mál úr þessu. Ég vona að hann sjái sóma sinn í því að draga kæruna til baka. Mér þykir þetta koma úr hörðustu átt ef þessi drengur er að saka mig um sorakjaft þegar hann ætti að líta í eigin barm," sagði Hjörtur sem þó vill ekki tjá sig um hvað hann nákvæmlega sagði við Guðmund.

„Ef þetta mál á að halda áfram alla leið þá mun ég koma með mín mál fram og ég efast um að Keflvíkingar vilji að öll sólarsagan sé sögð. Annars vil ég sem minnst tjá mig um málið heldur er það ósk mín að það leysist farsællega," sagði Hjörtur.

Þetta er önnur kæran sem berst KSÍ í sumar um kynþáttafordóma en knattspyrnudeild FH fékk hámarkssekt fyrir framkomu stuðningsmanna liðsins sem voru með fordóma í garð Andrew Mwesigwa, leikmans ÍBV í leik liðanna fyrr í sumar.

hjalti@frettabladid.is



**CRESPO** Er orðinn leiður á lífinu á Englandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Hernan Crespo:

## Vill fara strax aftur til Ítalíu

**FÓTBOLTI** Chelsea hefur staðfest að félagið sé tilbúið að selja Hernan Crespo ef viðunandi boð býðst í þennan argentínska sóknarmann. Þrátt fyrir það vonast Englandsmeistararnir til að halda Crespo sem vill snúa aftur til Ítalíu.

„Það hafa engin tilboð borist til okkar í Hernan Crespo. Hann er samningsbundinn Chelsea næstu tvö árin og mun vera hér áfram nema Chelsea fái viðunandi boð í leikmanninn. Allir hjá Chelsea vita af stöðu hans og við skiljum hana fullkomlega," sagði í yfirlýsingu á heimasíðu Chelsea í gær.

Ef Crespo fer eru allar líkur á því að Jose Mourinho bæti við sig sóknarmanni þar sem aðeins Didier Drogba og Andriy Shevchenko væru einu hreinræktuðu framherjarnir sem eftir væru í röðum liðsins.

- hþh

Vangaveltur um framtíð Ruuds van Nistelrooy halda stöðugt áfram:

# Á leið til Bayern München eftir allt?

**FÓTBOLTI** Bayern München er nálægt því að ná samkomulagi við Manchester United um kaupverðið á hollenska sóknarmanninum Ruud van Nistelrooy. Fjölmiðlar á Spáni greindu frá því nýverið að Nistelrooy væri við það að ganga til liðs við Real Madrid sem fékk þvert nei við tólf milljóna punda boði sínu í hinn mikla markahrók.

Franz Beckenbauer, forseti Bayern, er sannfærður um að Nistelrooy muni ganga til liðs við félagið sem hefur lengi haldið því fram að það sé óskastaður Hollendingsins. „Við erum enn fimm milljónum evra frá því sem Manchester United vill fá en við erum mjög vongóðir," sagði Beckenbauer en United er talið vilja fá sautján milljónir punda fyrir framherjann.

Fari Nistelrooy til Bayern mun



**NISTELROOY** Gæti verið á leið til Bayern Munchen sem segjast þegar hafa talað við hann um launamál og annað slíkt.
NORDICPHOTOS/AFP

félagið selja Roy Makaay eða Claudio Pizarro en Beckenbauer greindi frá því við sama tilefni. Bayern keypti fyrr í sumar sóknarmanninn Lukas Podolski frá Köln auk þess sem Paragvæinn Roque Santa Cruz er þegar á mála hjá félaginu. Beckenbauer sagði að Hamborg, sem þegar hefur keypt Paolo Guerrero frá Bayern í sumar gæti keypt annan sóknarmanninn. „Við gætum náð samkomulagi á nýjan leik við þá," sagði Beckenbauer en Hamborg hefur þegar mistekist að landa Milan Baros og Patrick Kluivert.

Nistelrooy mætti á æfingu hjá United í gær en Sir Alex Ferguson, stjóri liðsins, hefur greint frá því að van Nistelrooy hafi í þrígang farið fram á að vera seldur frá félaginu, fyrst í maí árið 2005. „Ruud óskaði þess að fara fyrir úrslitaleikinn gegn Arsenal á síðasta ári, síðan í gegnum talsmann sinn og nú aftur sjálfur skriflega," sagði Ferguson en líklegt er að Nistelrooy spili æfingaleik United gegn Celtic á morgun, ef samningar nást ekki við Bayern fyrir leikinn.

- hþh

Sóknarmaðurinn Adriano:

## Framtíð mín er hjá Inter Milan

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir ýmsar vangaveltur fjölmiðla hefur brasilíski sóknarmaðurinn Adriano gefið það út að hann vilji vera áfram í herbúðum ítalska liðsins Inter. „Ég er ánægður með að lið séu að sýna mér áhuga en málið er ekki flókið, ég verð áfram hjá Inter. Samband mitt við forseta félagsins er gott og sömuleiðis við stuðningsmenn," sagði Adriano.

Á síðasta tímabili skoraði Adriano aðeins þrettán mörk í ítölsku deildinni og olli vonbrigðum. Hann lenti í deilum við þjálfarann Roberto Mancini og leikmanninn Juan Sebastian Veron sem nú er horfinn á braut heim til Argentínu.

Var hann eftirsóttur af liðum á borð við Real Madrid en nú þykir ljóst að hann fari hvergi.

- egm



**GUÐMUNDUR** Er mjög ósáttur við tæklinguna sem hann lenti í í leiknum gegn ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur Viðar Mete:

## Líklega frá í tvær vikur

**FÓTBOLTI** Guðmundur Viðar Mete, varnarmaður Keflvíkinga, verður líklega frá í tvær vikur vegna meiðsla sem hann varð fyrir í leiknum gegn ÍA í fyrradag. Guðmundur var borinn af velli eftir tæklingu Bjarna Guðjónssonar sem uppskar gult spjald fyrir tæklinguna.

„Þetta er ekki mjög alvarlegt. Ég er bólginn á ökklanum og veit ekki alveg hvenær ég kem til baka. Þetta var svakaleg tækling og ég held að hann hafi alveg vitað að hann ætti ekki möguleika á því að ná í boltann. Ég hefði klárlega viljað fá rautt spjald fyrir þetta brot, hann kom aldrei við boltann,“ sagði Guðmundur í gær.

Guðmundur fór á sjúkrahús eftir leikinn og læknirinn hans ráðlagði honum að hvíla sig í tvær vikur. „Ég mun hitta sjúkraþjálfara og sjá svo til,“ sagði Guðmundur en næsti leikur Keflvíkinga er eftir tæpa viku. **- hþh**

U18 landslið Íslands:

## Tap fyrir Ísrael

**KÖRFUBOLTI** Íslenska piltalandsliðið í körfubolta skipað leikmönnum átján ára og yngri tapaði fyrir Ísrael 86-67 í A-deild Evrópumótsins í gær. Keppt er í Ólympíu á Grikklandi en það var Hörður Vilhjálmsson, leikmaður Fjölnis, sem var stigahæstur í íslenska liðinu með 23 stig en Brynjar Björnsson úr KR kom næstur með ellefu. Strákarnir hafa unnið tvo leiki í A-deildinni en á sunnudag vannst glæstur sigur á sterku liði Slóveníu. **- egm**

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*VISA-bikar karla:*

| | |
|---|---|
| KR-ÍBV | 5-3 (1-1) |

0-1 Bjarni Hólm Aðalsteinsson (33.), 1-1 Björgólfur Takefusa (57.).

**Vítakeppnin: Gunnar** Kristjánsson=MARK (2-1), Jonah Long=MARK (2-2), Mario Cizmek=MARK (3-2), Mark Schulte=MARK (3-3), Dalibor Pauletic=MARK (4-3), Ulrik Dröst=KLIKKAR (4-3), Björgólfur Takefusa=KLIKKAR (4-3), Atli Jóhannsson=KLIKKAR (4-3), Kristján Finnbogason=MARK (5-3).

Damien Duff til Newcastle:

## Kostaði aðeins fimm milljónir

**FÓTBOLTI** Newcastle héldu blaðamannafund í gær og kynnti til sögunnar nýjasta liðsmann sinn, Damien Duff. Hann kostaði Newcastle aðeins fimm milljónir punda sem mörgum þykir mjög lítið fyrir þennan snjalla 27 ára gamla kantmann sem kostaði Chelsea sautján milljónir punda fyrir þremur árum.

„Margir munu spyrja mig, til dæmis stuðningsmenn Liverpool í Írlandi, af hverju ég hafi farið til Newcastle. Ég hlustaði bara á hjartað og það sagði mér að koma hingað,“ sagði Duff en hann er talinn hafa hafnað bæði Liverpool og Tottenham.

„Við vitum alveg að það er mikið verk framundan hérna. Þetta er stórt verkefni og ég held að það viti allir að við erum ekki að fara að verða Englandsmeistarar á næsta tímabili. En ég skrifaði undir fimm ára samning og hlakka til að hjálpa félaginu að vinna titla,“ bætti Írinn knái við en hann kemur til með að styrkja lið Newcastle svo um munar. **- hþh**

Athyglisverð þjálfararáðning hjá ítalska knattspyrnusambandinu fyrir U21 liðið:

# Casiraghi orðinn landsliðsþjálfari

**FÓTBOLTI** Gömlu ítölsku sóknarmennirnir Pierluigi Casiraghi og Gianfranco Zola munu í sameiningu þjálfa U21 landslið Ítalíu en þetta var tilkynnt í gær. Casiraghi verður aðalþjálfari en ásamt Zola verður Antonio Rocca honum til aðstoðar, Rocca var áður þjálfari U16 og U17 landsliða Ítalíu. Það má reikna með sókndjörfu ítölsku U21 landsliði en Casiraghi lék sem framherji hjá Monza, Juventus, Lazio og enska liðinu Chelsea á sínum tíma.

Claudio Gentile þjálfaði U21 landslið Ítalíu en var rekinn í síðustu viku í kjölfar þess að liðið olli vonbrigðum á Evrópumótinu. Ráðning Casiraghi kemur mjög á óvart en eina reynsla hans af þjálfun var hjá liði AC Legnano í Seríu C2 í heimalandi sínu, sem er þó meiri reynsla en Zola hefur en hann hefur þó verið sterklega orðaður við þjálfarastöðuna hjá Cagliari nokkuð lengi.



**CASIRAGHI** Fagnar hér marki sem hann skoraði fyrir ítalska landsliðið á Evrópumótinu 1996. NORDICPHOTOS/AFP

Casiraghi er 37 ára en neyddist til að leggja skóna á hilluna árið 1998 þegar hann var í herbúðum Chelsea. Hann lék 44 leiki með A-landsliði Ítalíu og skoraði í þeim þrettán mörk. Ítalska knattspyrnusambandið hefur því gengið frá ráðningu á þjálfurum fyrir landslið sín en fyrir stuttu var Roberto Donadoni ráðinn þjálfari A-landsliðsins og er ráðningin á Casiraghi og Zola því nokkurn veginn í samræmi við það. Þeir þrír eru allir mjög vinsælir á Ítalíu fyrir afrek sín á knattspyrnuvellinum og verður spennandi að sjá hvort þeir nái að standa undir væntingum utan hans líka.

Íslenska U21 landsliðið er einmitt með því ítalska í riðli í undankeppni Evrópumótsins ásamt Austurríkismönnum. Ísland mætir Austurríki á útivelli um miðjan næsta mánuð en því ítalska á heimavelli í byrjun september. **- egm**

# Kristján var hetja KR

**Kristján Finnbogason, markvörður KR, skaut KR í undanúrslit VISA-bikarkeppninnar í vítaspyrnukeppni eftir dramatískan leik þar sem Vesturbæingar voru lengi vel manni færri en Bjarnólfur Lárusson leit rautt í leiknum.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar komust í undanúrslit VISA-bikars karla í gær með sigri á heimavelli gegn ÍBV í sannkölluðum maraþonleik. Eftir venjulegan leiktíma var staðan 1-1 og ekkert mark var skorað í framlengingunni og því gripið til vítaspyrnukeppni. Þar var markvörðurinn Kristján Finnbogason hetja KR en hann varði spyrnu Atla Jóhannssonar og tók síðan sjálfur fimmtu og síðustu spyrnu KR-inga og skoraði af miklu öryggi.

Fyrsta mark leiksins kom eftir rúman hálftíma er Bjarni Hólm Aðalsteinsson skoraði með skalla eftir hornspyrnu fyrir ÍBV en Bjarni skoraði einmitt bæði mörk ÍBV í 2-1 sigri liðsins á Fylki í sextán liða úrslitum keppninnar.

Mikla athygli vakti að Gunnlaugur Jónsson var í hægri bakverðinum hjá KR í gær og Gunnlaugur átti slæma sendingu undir lok fyrri hálfleiksins sem Atli Jóhannsson komst inn í en Kristján Finnboga náði að verja úr dauðafæri og KR-ingar því heppnir að vera bara einu marki undir í hálfleik. Í upphafi seinni hálfleiks voru heimamenn sprækir og fengu aukaspyrnu á 56. mínútu á vítateigslínunni, Björgólfur tók spyrnuna og skot hans hafnaði í netinu með viðkomu í varnarmanni.

Á þessum kafla voru gestirnir betri og stuttu eftir markið átti Grétar Hjartarson skemmtilegan sprett, klobbaði Andrew Mwesigwa og átti hörkuskot sem Hrafn sló í burtu. Mwesigwa, sem hefur mestmegnis spilað á miðjunni í sumar, var í vörninni í þessum leik þar sem fyrirliðinn Páll Hjarðar tók út leikbann.



**MAÐUR LEIKSINS** Kristján Finnbogason ver hér glæsilega frá Eyjamönnum í gær en hann átti sannkallaðan stjörnuleik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þegar fjórar mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma fékk Bjarnólfur Lárusson, fyrrum leikmaður ÍBV, að líta sitt annað gula spjald fyrir olnbogaskot og þar með rautt en hann fékk fyrra gula spjaldið snemma leiks. Þrátt fyrir að vera einum færri voru KR-ingar líklegri til að lauma inn marki á lokamínútunum og meðal annars átti Grétar Hjartarson skot í slá í uppbótartímanum.

Ekkert mark var heldur skorað í framlengingunni en það voru heimamenn sem voru mun líklegri til að skora, Björgólfur fékk besta færi framlengingarinnar en skaut yfir og þá átti hann stórhættulega aukaspyrnu í seinni hálfleik framlengingar en boltinn fór rétt framhjá. Grétar átti einnig hörkuskot en Hrafn varði skot hans í hornspyrnu. Í vítaspyrnukeppninni höfðu KR-ingar betur, athyglisvert var að það voru mestmegnis erlendu leikmennirnir sem tóku spyrnurnar en Kristján Finnbogason skaut KR áfram, kannski vel við hæfi enda vill hann líklega ná titli á tímabili sem er líklega hans seinasta sem leikmaður.

„Þetta er var æðislegt og mjög erfitt en það kom mér á óvart hversu mikið Eyjamenn slökuðu á eftir að þeir urðu manni fleiri,“ sagði hetja KR-inga, Kristján Finnbogason, en hann íhugar að leggja skóna á hilluna eftir tímabilið. „Ég er allavega hættur sem markvörður. Hver veit nema maður skelli sér út fyrst maður getur skorað svona,“ sagði Kristján og hló. **elvargeir@frettabladid.is**



**PLATINI** Er af mörgum talinn líklegur til að skáka Lennart Johannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Michael Platini:

## Í framboð til forseta UEFA

**FÓTBOLTI** Michel Platini, fyrrum landsliðsfyrirliði og þjálfari Frakka, hefur staðfest að hann sé í framboði til forseta UEFA. Hinn 51 árs gamli Platini lýsti yfir áhuga sínum fyrir átján mánuðum og franska knattspyrnusambandið hefur nú sent bréf til UEFA sem staðfestir framboðið.

Lennart Johansson, sem er 76 ára gamall, sækist eftir endurkjöri sem forseti, embætti sem hann hefur nú gegnt í sextán ár. Kosningarnar munu fara fram í Þýskalandi dagana 25. og 26. janúar á næsta ári. Franz Beckenbauer gaf það út að hann hefði áhuga á að bjóða sig fram ef Johansson myndi ekki fara í framboð og því er líklegt að Svíinn berjist við Platini einan um embættið. **- hþh**



**KEANE** Skarðið sem þessi maður skildi eftir sig þarf að fylla. NORDICPHOTOS/AFP

Manchester United:

## Þarf að styrkja miðjuna strax

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, segir að félagið ætli sér ekki að ana út í neitt á leikmannamarkaðnum án ítarlegrar umhugsunar. Hann segir að vanda þurfi valið þegar nýir leikmenn séu fengnir en hann segir það forgangsatriði að styrkja miðjuna. Ekki hefur enn fundist arftaki Roy Keane og fer Ferguson ekki leynt með að það vandamál þurfi að leysa sem fyrst.

United hefur haft ótrúlega hægt um sig á leikmannamarkaðnum og meira verið í fréttunum að Ruud van Nistelrooy og Cristiano Ronaldo séu hugsanlega á förum frá félaginu. „Við ætlum að reyna að kaupa tvo leikmenn í okkar hóp. Nistelrooy er á förum og þá skapast pláss fyrir annan sóknarmann en það mikilvægasta er þó að styrkja miðjuna,“ sagði Ferguson en hann gerði tilboð í Michael Carrick, miðvallarleikmann Tottenham, fyrr í sumar en því var hafnað. **- egm**

Frakkinn Patrick Vieira er á förum frá ítalska liðinu Juventus og segja fjölmiðlar að tvö lið komi til greina:

# Inter og Barcelona berjast um Patrick Vieira

**FÓTBOLTI** Juventus er að missa sinn fimmta lykilmann eftir að dómurinn í Ítalíuskandalnum var gerður opinber en það er franski miðjumaðurinn Patrick Vieira. Jean-Claude Blanc, stjórnarmaður hjá Juventus, hefur staðfest að leikmaðurinn sé á förum og segir allar líkur benda til þess að hann muni skrifa undir samning við Inter á næstu dögum. Fjölmiðlar á Spáni halda því hins vegar fram að Barcelona hafi skorist í leikinn og sé að fara að tryggja sér þjónustu leikmannsins.

Roberto Mancini, þjálfari Inter, hrósar Vieira í hástert og fer ekki leynt með dálæti sitt á leikmanninum. „Vieira er mjög góður í að koma sér inn í hættusvæðið og skora mörk. Ef hann kæmi til liðsins yrði það mikill styrkur en ljóst er að leikstíll okkar breytist þá í kjölfarið, við munum verða mun þéttari,“ sagði Mancini um Vieira sem fæddur er í Senegal en hann var keyptur til Juventus frá Arsenal í fyrra á 13,7 milljónir punda.



**VERÐANDI SAMHERJAR?** Hér má sjá Vieira í baráttu við Mark Van Bommel í æfingaleik Juventus og Barcelona fyrir ári síðan. NORDICPHOTOS/AFP

Barcelona hefur þegar tryggt sér þjónustu tveggja leikmanna Juventus eftir dóminn afdrifaríka sem gerði það að verkum að ítalska stórliðið þarf að leika í B-deildinni á næstu leiktíð, það eru þeir Gianluca Zambrotta og Lilian Thuram. Vieira gæti nú orðið sá þriðji til að ganga til liðs við Katalóníuliðið og verða þar með samherji íslenska landsliðsfyrirliðans Eiðs Smára Guðjohnsen. Inter mun þó ekki játa sig sigrað auðveldlega en Barcelona hyggst bjóða Juventus að fá Thiago Motta sem hluta af samningnum.

„Ég hef ekkert heyrt af þessu máli, enginn hefur komið að tali við mig. Það eina sem er í huga mér þessa stundina er að standa mig vel á undirbúningstímabilinu,“ sagði Motta sjálfur í samtali við Marca. Vieira stóð sig mjög vel með Frakklandi á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi en hann hefur ekki getað sýnt sínar bestu hliðar í búningi Juventus og þar spilar inn í að hann hefur átt við meiðsli að stríða. **- egm**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„The world doesn't just disappear when you close your eyes, does it?"**

**Svar: Leonard Shelby úr kvikmyndinni Memento.**

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VILL EKKI SJÁ MEIRA AF FYRIRSÆTUÞÁTTUNUM**

## *Hin fullkomna uppskrift fallegra fljóða*

Ég sá endursýningu raunveruleikaþáttarins „America´s Next Top Model" sem ofurfyrirsætan Tyra Banks stýrir harðri hendi. Þetta er fimmta þáttaröðin þar sem áhorfendur fá að fylgjast með ungum fyrirsætum leggja allt í sölurnar til þess að verða næsta ofurfyrirsæta Bandaríkjanna. Eins og í flestum öðrum raunveruleikaþáttum dettur einn keppandi út í hverjum þætti en það er vel skipuð dómnefnd með drottningunni sjálfri Tyru Banks í broddi fylkingar sem ákveður hver það er.

Þegar þátturinn hóf göngu sína á Skjá einum missti ég varla af þætti, fylgdist svo grannt með að ég var meira að segja farin að spá í spilin og við vinkonurnar töluðum alltaf um atburði gærkvöldsins daginn eftir. Svo kom sería tvö og fyrirsætuþátturinn var ekki lengur í fyrsta sæti en ég fylgdist þó með öðrum hverjum þætti. Í seríu þrjú var mér nóg boðið. Þá fór ég að sjá að þessir þættir eru allir nákvæmlega eins nema það er skipt um stelpur. Það er alltaf ein frekja, ein pínulítið búttuð, ein strákastelpa og ein feimin týpa. Það er alltaf farið að grenja og rifist í síðustu þáttunum og svo baktala stúlkurnar hver aðra út í eitt. Svo ekki sé talað um ræðuhöld Tyru Banks um eigið ágæti. Hin fullkomna uppskrift að góðu raunveruleikasjónvarpi eða hvað?



**TYRA BANKS** Er ekki komið nóg af ræðuhöldum hennar um eigið ágæti?

Þegar ég uppgötvaði þetta ákvað ég að hætta að horfa á þessa vitleysu enda farin að fá aulahroll út í eitt á meðan ég sat fyrir framan sjónvarpið og þá sérstaklega þegar Tyra tók lokaræðuna í enda hvers þáttar með hásri röddu og tárvot augu þegar reka átti eina stelpu úr þættinum. Alltaf sama ræðan. Á sunnudaginn horfði ég í þeirri von að þessi þættir væru eitthvað búnir að breytast fyrst þeir eru ennþá í gangi og sjötta serían er víst á leiðinni. En viti menn, allt er alveg nákvæmlega eins. Nema sílikonbomban Janice Dickenson sem veitti mér hina mesta ánægju undir lokin með háum hlátri og illkvittnum athugasemdum.

Hvað á þessi vitleysa að ganga lengi? Á að blóðmjólka þessa fínu hugmynd þangað til seríurnar eru orðnar tíu og þátturinn verður í minningu manna sem þunnur og leiðinlegur með útbrenndri fyrirsætu við stjórnvölinn? Svipað og Survivor sem er löngu gleymt og grafið fyrirbæri. Er fólk alveg búið að gleyma þeim gullnu orðum „að hætta á toppnum"? Það getur nefnilega borgað sig.



▶ **21.30** *Heimild*

KÍNAFERÐIN

### SJÓNVARPIÐ

**15.55** Fótboltakvöld **16.10** Kóngur um stund (7:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (46:52) **18.25** Andlit jarðar (3:16)

**18.30 Gló Magnaða (61:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Mæðgurnar (20:22)** (Gilmore Girls V)
**20.35 Taka tvö (10:10)** Að þessu sinni er rætt við Lárus Ými Óskarsson.
▶ **21.30 Kínaferðin (2:2)** (Gröna rum: Resan till Kina) Sænsk heimildamynd þar sem litast er um í trjágörðum í Kína.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögmál Murphys (2:6)** (Murphy's Law) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Arkitektinn sem hvarf – Hver var Eigtved? **0.20** Kastljós **0.35** Dagskrárlok



▶ **21.35** *Spenna*

NCIS

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters (5:7)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (11:25) **13.30** Meistarinn (e) **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **16.00** Shin Chan **16.25** Nornafélagið **16.50** He Man **17.15** Músti **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Svínasúpan (6:8) (e)** Frábærir grínþættir í leikstjórn Óskars Jónassonar.
**20.05 The Apprentice (3:14)** (Lærlingurinn)
**20.50 Las Vegas (20:23)** (All Quiet On The Montecito Front) Bönnuð börnum.
▶ **21.35 NCIS (3:24)** (Glæpadeild sjóhersins) Gibbs neyðist til að yfirheyra fjöldamorðingja sem er í þann mund að vera líflátinn, í þeirri von að fá upp úr honum hvar hann hefur falið fórnarlömb sín. 2005. Bönnuð börnum.
**22.20 Curb Your Enthusiasm (6:10)** (Rólegan æsing)
**22.55 Bones (13:22)** (Bein) B. börnum.

**23.40** Eleventh Hour – Resurrection (B. börnum) **0.50** 2001: A Space Travesty **2.25** Xingfu shiguang/Happy Times **4.05** Las Vegas (B. börnum) **4.50** Simpsons **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd



▶ **21.30** *Yfirnáttúrulegt*

INVASION

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (8:18) (e)** (Horse Sense)
**20.00 Seinfeld (4:22)**
**20.30 Sushi TV (7:10)**
**21.00 Bernie Mac (16:22)** (Who's That Lady?)
▶ **21.30 Invasion (17:22)** (Key) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar.
**22.20 Papillion** Ein af frægustu kvikmyndum áttunda áratugarins. Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Steve McQueen, Victor Jory. Str. b. börnum.

**0.45** My Name is Earl (e) **1.10** Rescue Me (10:13) (e) **1.55** Weeds (10:10) (e) **2.25** Seinfeld (4:22)



▶ **01.00** *Keppni*

ROCK STAR: SUPERNOVA

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**16.20** The O.C. (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Whose Wedding is it Anyway?**
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já** Nú er komið að því, Elín María fer í gang með Brúðkaupsþáttinn Já sjöunda árið í röð.
**22.30 Love Monkey** Glæný þáttaröð sem segir frá fjórum æskuvinum á fertugsaldri. Með aðalhlutverk fara Thomas Cavanagh, sem margir þekkja úr þáttaröðinni Ed, Jason Priestly úr Beverly Hills 90210, Larenz Tate sem lék meðal annars í óskarsverðlaunamyndinni Crash og Christopher Wiehl.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. (e) ▶ **1.00** Rock Star: Supernova – bein útsending **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist



▶ **21.10** *Fréttaskýring*

48 HOURS

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (7:12)** Valgerður Ólafsdóttir hefur starfað með Velferðarsjóði barna og var í fararbroddi varðandi mentorverkefni í skólakerfinu.
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Virginia's Run **8.00** The Importance of Being Earne **10.00** Along Came Polly **12.00** Life as a House **14.00** Virginia's Run **16.00** The Importance of Being Earnest **18.00** Along Came Polly **20.00 Life as a House** (Hið fullkomna hús) Dramatísk kvikmynd. Arkitektinn George Monreo, 45 ára, stendur á krossgötum. Hann er nýbúinn að missa vinnuna og fær þær fréttir að hann sé haldinn ólæknandi sjúkdómi og eigi fjóra mánuði eftir ólifaða. Aðalhlutverk: Kevin Kline, Kristin Scott Thomas, Hayden Christensen, Mary Steenburgen. 2001. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 Normal** (Venjulegur) Aðalhlutverk: Jessica Lange, Tom Wilkinson, Hayden Panettiere. Leikstjóri: Jane Anderson. 2003. B. börnum. **0.00** Kin (Bönnuð börnum) **2.00** Open Range (Bönnuð börnum) **4.15** Normal (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Angelina Jolie **15.00** Stranded With A Star: Who Would You Choose? **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Rod & Kimberly Stewart **20.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **21.00** 10 Ways **21.30** Child Star Confidential **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Rod & Kimberly Stewart **1.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Taka tvö Sjónvarpið kl. 20.35

### *Afkastamikill kvikmyndaleikstjóri*



Að þessu sinni verður rætt við Lárus Ými Óskarsson kvikmyndaleikstjóra. Lárus nam kvikmyndafræði, heimspeki, sálfræði og leikhúsfræði við Stokkhólmsháskóla á árunum 1973 til 1976. Í kjölfarið lærði hann kvikmyndaleikstjórn og kvikmyndaframleiðslu við Dramatiska Institutet í Stokkhólmi. Fyrstu myndir Lárusar voru unnar fyrir Sjónvarpið en fyrstu bíómynd sína, Andra dansen, gerði hann í Svíþjóð árið 1982. Vakti hún mikla athygli og var meðal annars tilnefnd til sænsku kvikmyndaverðlaunanna, Guldbaggen. Lárus á meðal annars að baki fjölda sjónvarpsmynda, þáttaraða, leikrita, stuttmynda og heimildamynda, auk þess sem hann hefur unnið við ráðgjafar- og kennslustörf á sviði kvikmyndagerðar á Íslandi og Norðurlöndunum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | | | | |
| | 7 | 2 | | 6 | | 1 | 4 | |
| | 1 | 8 | | 9 | | | | |
| 5 | | 4 | 8 | | | | | |
| | 9 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 9 | 5 | | 6 |
| | | | | 1 | | 9 | 5 | |
| | 3 | 7 | | 8 | | 4 | 6 | |
| | | | | 7 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 8 | 4 | 9 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 7 | 4 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 2 |



**20.40**

*Hestar*

KÓNGUR UM STUND

SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 HM 2006** (Tógó – Frakkland)
**20.10 Essó mótið 2006**
**20.40 Kóngur um stund (3:16)** Hestamenn eru þekktir fyrir að vera skemmtilegt og lífsglatt fólk og hér fáum við að kynnast mörgum þeirra.
**21.10 Sterkasti maður í heimi 1983** (World's Strongest Man 1983) Þáttur um keppnina Sterkasti maður heims árið 1983.
**22.10 Tiger Woods – heimildamynd (2:3)** (Tigers Prey)Tiger Woods er einn besti kylfingur allra tíma.

**23.05** 4 4 2 **0.05** World Poker

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Ást í bókmenntum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.00** Eiginkonur gömlu meistaranna **23.40** Um lágnættið **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*... fær Sigurgeir Þór Helgason sem getur blístrað heilt lag með augunum.*

# Hreindýrahamborgarar slá í gegn

Hreindýraborgarar er nýjasta nýtt í veitingahúsabransanum en þeir eru eingöngu seldir í Búllunni á Egilsstöðum. „Hreindýraborgararnir eru alveg að slá í gegn. Við erum komin með stóran kúnnahóp sem elskar að fá sér hreindýraborgara,“ segir Jóhanna Ingimarsdóttir, sem rekur Búlluna á Egilsstöðum ásamt manni sínum Marínó Flóvent. „Við fórum á matarsýninguna 2006 í byrjun árs og sáum að Kjötvinnsla Húsavíkur var að kynna hreindýrahamborgara. Í kjölfarið fórum við að bjóða upp á þá hér.“



Hreindýraborgararnir eru ekki ósvipaðir venjulegum hamborgurum. Þeir eru bornir fram í brauði en með piparsósu, lauki, lollorosso-salati og tveimur tegundum af osti.

Herlegheitin eru borin fram með frönskum og kostar skammturinn 1.290 krónur. „Fólki finnst þetta ekki dýrt enda er kjötið mun dýrara en í venjulegum borgara. Ef þú kaupir þér til dæmis hreindýrasteik á veitingastað kostar hún um fimm þúsund krónur.“

Jóhanna er ekki alls ókunn veitinahúsarekstri en hún hefur unnið meira og minna fyrir Tomma í Búllunni í 25 ár.

„Ég byrjaði fyrst að vinna fyrir hann þegar hann opnaði Tommaborgara í Reykjavík, svo vann ég meðal annars hjá honum á Hard Rock. Hann hefur skólað mig vel til,“ segir Jóhanna, sem nú leigir Búllunafnið af Tomma. „Við hjónin erum tæplega fimmtug en ákváðum að rífa okkur upp og flytja hingað austur fyrir tæpum tveimur árum. Það hefur verið brjálað að gera, enda allir í blíðunni fyrir austan.“ **- kh**



**JÓHANNA OG MARÍNÓ** Hjónin í Búllunni á Austurlandi segjast geta boðið upp á hreindýraborgara allt árið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** þvogl **6** ógrynni **8** leyfi **9** ögn **11** kringum **12** ávöxtur eikartrés **14** gnæfa yfir **16** skóli **17** niður **18** örn **20** guð **21** titra.

**LÓÐRÉTT**
**1** draugur **3** frá **4** uppspretta **5** festing **7** fitlari **10** planta **13** blóm **15** hástétt **16** sjór **19** hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** babl, **6** of, **8** frí, **9** fís, **11** um, **12** akarn, **14** tróna, **16** ma, **17** suð, **18** arí, **20** ra, **21** riða.
**LÓÐRÉTT: 1** vofa, **3** af, **4** brunnur, **5** lím, **7** fiktari, **10** sarí, **13** rós, **15** aðal, **16** mar, **19** ið.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Sautján daga
2. Reynir Traustason
3. Tiger Woods






BALDVIN JÓNSSON: Á LEIÐINNI Í HVÍTA HÚSIÐ

# Íslenskt lambakjöt og skyr í Hvíta húsið

Íslensk matvæli hafa verið að slá í gegn í Bandaríkjunum og hafa vinsældir þeirra ratað inn á borð hjá forsetanum, George W. Bush. Forsagan er sú að þegar forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fór vestur um haf og snæddi kvöldverð með þeim George og eiginkonu hans, Lauru, vegna Ólympíuleika fatlaðra, gaf Ólafur þeim íslenskan lax, lamb, skyr, osta, smjör og að sjálfsögðu Nóa Síríus súkkulaði. Yfirmanni eldhússins í Hvíta húsinu, Cristeta Comerford, leist mjög vel á íslenska hráefnið og nú er Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri Áforms, á leiðinni að hitta forsetakokkinn og ræða við fulltrúa eldhússins um íslensk matvæli. Íslenska lambakjötið og annað góðgæti gæti því verið borið á borð fyrir valdamestu menn heims þegar fram líða stundir.

Matsveinar eldhússins í Hvíta húsinu versla mikið í Whole Food Market en það er verslanakeðja sem býður meðal annars upp á íslenskan mat, þar á meðal lambakjöt, mjólkurvörur og ferskan fisk. Walter Scheib, fyrrverandi yfirkokkur Hvíta hússins, er á mála hjá verslanakeðjunni og hefur hann verið að kynna notkun á íslensku skyri og smjöri í matargerð sinni. Miklar kröfur eru gerðar til þeirra vara sem seldar eru í þessum búðum en þær selja eingöngu mat sem stenst strangar gæðavörur. „Þetta er allt á frumstigi en ég ætla að hitta Comerford og ræða við hana um þann möguleika að boðið verði upp á íslensk matvæli í Hvíta húsinu,“ segir Baldvin en í október verður síðan haldin helgarinnar kynning á íslenskum matvælum í Washington.

Baldvin segir íslensk matvæli vera þekkt fyrir gæði umfram magn og þess vegna séu bæði George Bush og Laura spennt fyrir þessum möguleika enda er ekki sama hvað er borið á borð fyrir þau. „Íslenska lambið er ekki neitt sterabætt kjöt og Lauru er mjög umhugað um hvað forsetinn lætur ofan í sig,“ útskýrir Baldvin og George ætti ekki að vera svikinn af kjöti íslenska lambsins. „Við erum auðvitað mjög ánægðir með að íslenskir bændur skyldu taka upp gæðastýringu sem auðveldar allt markaðsstarf,“ bætir hann við. Sjálfur hefur Baldvin ekki komið í eldhús Hvíta hússins sem þykir ákaflega flott. „Eldhús er jú alltaf bara eldhús en ég vona vissulega að Comerford bjóði mér þangað inn,“ segir hann.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**VILDI KYNNAST ÍSLENSKUM MAT** Cristeta Comerford var fyrsta konan sem var ráðin yfirkokkur í Hvíta húsinu og hún ætlar að kynna sér íslensk matvæli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ÁNÆGÐUR MEÐ VIÐTÖKURNAR** Baldvin Jónsson hittir fulltrúa eldhússins í Hvíta húsinu og ræðir við þá um þann möguleika að forsetanum verði boðið upp á íslenskan mat.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stikla (teaser) úr kvikmyndinni Börn eftir **Ragnar Bragason** er komin á netið en það er leikhópurinn Vesturport sem stendur að henni. Myndin er svarthvít og skartar Ólafi Darra Ólafssyni í aðalhlutverki en auk hans leika þau **Gísli Örn Garðarsson** og **Nína Dögg Filippusdóttir** stór hlutverk. Myndin segir frá undirmálsfólki í Reykjavík sem lent hefur utangarðs í samfélaginu. Upphaflega var hugmyndin að gera eina mynd, Kvikyndi, en þegar leið á tökuferlið varð ljóst að persónurnar voru orðnar það umfangsmiklar að ákveðið var að kljúfa hana í tvennt; í Börn og Foreldra. Samkvæmt heimasíðunni logs.is er áætlað að Börn verði frumsýnd 31. ágúst.



Ýmsir sakna fjölmiðlapistla Ólafs Teits Guðnasonar í Viðskiptablaðinu en þeir hafa fallið niður á meðan Ólafur er í sumarfríi. Óvíst er þó hvort hann geti slappað mikið af í fríinu þar sem hann vinnur að þýðingu bókarinnar Mao: The Unknown Story eftir Jung Chang og Jon Halliday. Bókin, sem er sambland af sagnfræði og persónulegri frásögn af lífinu í Kína undir stjórn Maós formanns, hlaut mikið lof þegar hún kom út í fyrra en Chang er hvað þekktust fyrir bókina Villtir svanir sem kom út fyrir nokkrum árum. Edda útgáfa gefur bókina út á íslensku og má Ólafur Teitur sjálfsagt hafa sig allan við til að klára þýðinguna fyrir jólavertíðina því bókin er engin smásmíð og telur rúmlega 800 blaðsíður á frummálinu. **- fgg /-bs**



## LEIÐRÉTTING

Mistök urðu við vinnslu á myndaþætti um tískusýningu á Vegamótum sem birtist í blaðinu í gær. Því skal tekið fram að fötin á sýningunni voru öll frá verslununum Gyllta kettinum, Rokki og rósum og Elvis. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.






# Reynir skrifar bók um Rögnu

Reynir Traustason hætti sem ritstjóri Mannlífs vegna ágreinings við yfirstjórn Tímaritaútgáfunnar Fróða um stefnu blaðsins. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær sagði Reynir upp starfi sínu sem ritstjóri Mannlífs en hann hefur stýrt blaðinu í hálft annað ár.

„Ég var ráðinn á Mannlíf til að stýra blaðinu og fór með það vald sem fylgir því að vera ritstjóri,“ segir Reynir. „Stjórn Fróða vill hins vegar nýjar áherslur sem ég er ekki sammála. Það hjálpar mér því að taka ákvörðun um að fara að gera eitthvað annað. Þetta er ákvörðun sem ég tek af fúsum og frjálsum vilja en með ákveðnum trega þar sem mér líkar vel við fyrirtækið og þá sérstaklega Elínu Ragnarsdóttur framkvæmdastjóra.“

Reynir er sem stendur staddur í sumarhúsi fjölskyldunnar á Flateyri og hefur nóg fyrir stafni þótt hann sé hættur sem ritstjóri.

„Ég er að skrifa bók um merka konu sem heitir Ragna Aðalsteinsdóttir og býr á Laugabóli við Djúp. Ragna missti dóttur sína og dótturdóttur í snjóflóðinu í Súðavík og sonur hennar fórst í snjóflóði við Óshlíð. Ragna hefur verið bóndi í fimmtíu ár og hefur verið ein með búið þar. Hún er mikil hetja og nú fæ ég tíma til að klára bókina.“

Reynir segist ekki hafa sungið sitt síðasta í fjölmiðlum þótt hann hafi sagt upp starfi sínu hjá Tímaritaútgáfunni Fróða. „Ég á eftir að rísa upp eins og fuglinn Fönix,“ segir hann hlæjandi.

Að sögn Elínar Ragnarsdóttur, framkvæmdastjóra Fróða, er óráðið hver tekur við Mannlífi en blaðið heldur áfram að koma út. **- kh**



**MAÐURINN MEÐ HATTINN** Reynir Traustason er hættur sem ritstjóri Mannlífs en ritar nú af kappi bók um Rögnu Aðalsteinsdóttur.

# ÚTSALA

## Enn meiri lækkun

## 50 til 90 %

ZIKZAK

TÍSKUHÚS

Mörkinni • Brekkuhúsum • Hamraborg • Firðinum • Selfossi • Keflavík

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**


## *Vinna í orlofi*

Ég skil ekki hversvegna fæðingarorlof er kallað orlof. Þetta orð hefur verið uppfundið af einhverjum þeim sem ekki prófaði það fyrst sjálfur. Manneskja með reynslu hefði kallað það fæðingarvinnu.

**ÞEIR** sem vinna við að sinna þeim sem liggja ósjálfbjarga í rúmi dag og nótt eru kallaðir hjúkrunarfræðingar. Þannig fólk fer heim til sín eftir vaktina að sofa. Við sem erum í svokölluðu orlofi gerum alveg eins, nema við förum aldrei að sofa. Að minnsta kosti ekki alveg, annað eyrað er til dæmis vakandi allan sólarhringinn. Þeir sem taka þetta orlof virkilega alvarlega víla svo ekki fyrir sér að fara á fætur nokkrum sinnum á hverri nóttu til að að aðgæta hvort barnunginn andi ekki örugglega, auk þeirra skipta sem hann lætur vita af sér sjálfur. Svona sífelldar uppvakningar eru hollar og góðar æfingar fyrir þá sem vilja þróa með sér þrálátt minnisleysi.

**HIN** fræga mjólkurþoka sem umlykur heilabú nýbakaðra mæðra og kemur í veg fyrir að þær haldi þræði í samræðum í öðru en því sem snýst um börn, er þannig ekki annað en gott, gamaldags svefnleysi. Þessi sljóleiki þykir mörgum dálítið krúttlegur en er því miður stundum kominn til að vera. Það er samt frekar ótrúverðugt til afsökunar að benda á táninginn sinn þegar maður árum síðar man ekki ennþá neitt stundinni lengur.

**SAMEININGARTÁKN** karla í fæðingarorlofi eru enn óþekkt en ég kannast við stallsystur mínar á löngu færi. Við eigum það til dæmis margar sameiginlegt að hafa afskaplega lágan þægindastuðul hvað varðar eigið útlit. Það þýðir að allt sem er óþægilegra en rosalega þægilegt fær ekki að vera með. Þannig er hárið bundið í tagl svo unginn nái síður í handfylli sína. Stóru eyrnalokkarnir eru ofan í skúffu og langar neglur sjást ekki lengur. Íþróttafatnaður er aðaltískan jafnvel þótt margar hafi ekki komið í leikfimi síðan í menntó og myndu varla hlaupa hundrað metrana til að bjarga lífi sínu. Hinsvegar hafa þær handleggi úr stáli af stanslausum upplyftum á unga litla.

**SVIPTAR** svefni, borðum á hlaupum og eigum það markmið eitt að ljúka skyldustörfum fyrir myrkur. Eins og sumir fórna sér fyrir vinnuna fórnum við okkur fyrir orlofið.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**Fremstur**



**KIA Rio** varð nýlega hlutskarpastur í flokki stærri smábíla í samanburðarrannsókn **J.D. Power** fyrir árið 2006. Athugunin er afar umfangsmikil og tekur til 217 atriða á borð við aksturseiginleika, vélarafl og gæði gírbúnaðar.

Þessi niðurstaða staðfestir yfirburði KIA Rio í sínum stærðarflokki. Verðið tekur síðan af öll tvímæli: Þú gerir ekki betri kaup en í KIA Rio. Komdu í reynsluakstur og staðfestu niðurstöðu J.D. Power.

Kia Rio er fáanlegur bæði með bensín- og dísilvélum. Tíu loftpúðar tryggja ökumanni og farþegum hámarksöryggi.

**Verð 1.648.000 kr.**

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*

KIA MOTORS

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700




LÆGRA LÁNTÖKUGJALD LÆGRI VEXTIR

**BÍLALÁN**

Finndu bara bílinn sem þig dreymir um og við sjáum um fjármögnunina. Reiknaðu lánið þitt á **www.frjalsi.is**, hringdu í síma **540 5000** eða sendu okkur línu á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að þú komist sem lengst!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN